

# Skýrsla

**Eyglóar Harðardóttur samstarfsráðherra  
Norðurlanda um störf  
Norrænu ráðherranefndarinnar 2013**

(Lögð fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013-2014)

---

**Utanríkisráðuneytið  
Norðurlandaskrifstofa  
Febrúar 2014**



## EFNISYFIRLIT

1. Inngangur.....	5
2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda .....	6
3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda .....	8
4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins .....	16
5. Menningarmál .....	17
6. Fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvælamál og skógrækt	22
7. Jafnréttismál.....	25
8. Menntun og rannsóknir .....	29
9. Félags- og heilbrigðismál .....	32
10. Atvinnumál, orkumál og byggðamál .....	39
11. Umhverfismál.....	46
12. Vinnumál.....	52
13. Efnahags- og ríkisfjármál.....	59
14. Samstarf á sviði löggjafar, flóttamanna og björgunarmála.....	63
15. Alþjóðlegt samstarf .....	66
16. Norrænar stofnanir á Íslandi .....	69
17. Norrænar lánastofnanir .....	75
Fylgiskjal 1: Styttingar .....	83

Niðurröðun efnis er í samræmi við fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar og skipulag skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar

Prentun Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja 

Skýrslan er framleidd hjá prentsmiðju, sem er vottuð norræna umhverfismerkinu Svaninum, ásamt því að vera prentuð á umhverfisvottaðan pappír



## 1. Inngangur

Í skýrslu þeirri sem hér fer á eftir gerir samstarfsráðherra grein fyrir því helsta sem unnið var að í norrænu samstarfi á árinu 2013.

Svæðasamstarf Norðurlanda er eitt hið elsta sinnar tegundar, það hefst með stofnun Norðurlandaráðs (NR) 1952 þegar Norðurlönd vildu styrkja stöðu sína í nýrri heimsmynd eftirstriðsáranna og síðar með stofnun Norrænu ráðherranefndarinnar (NMR) 1971. Í dag er samstarfið rótgróið en um leið sveigjanlegt. Það hefur oft sýnt og sannað hæfileika sinn til þess að bregðast hratt og vel við kalli tímans og nýjum pólitískum straumum í síbreytilegum norrænum samfélögum. Áhugi á því hvernig Norðurlönd haga samstarfi sínu virðist óþrjótandi en til marks um það er sú staðreynd að sóst er eftir samstarfi við Norrænu ráðherranefndina langt út fyrir landamæri Norðurlanda.

Samstarfið fer fram á tíu fagsviðum og taka ráðherrar viðkomandi fagsviða í ríkisstjórnunum Norðurlanda þátt í málefnasamstarfi hver í sinni ráðherranefnd. Með hverri ráðherranefnd starfa svokallaðar embættismannanefndir, en í þeim sitja starfsmenn norrænna fagráðuneyta. Vettvangur samstarfsins er einnig í norrænum stofnunum, í starfshópum embættismannanefnda, í margvíslegu verkefnasamstarfi sem fjöldi Norðurlandabúa tekur þátt í, í fastanefndum og samnorrænum sjóðum og það fer fram samkvæmt áætlunum til nokkurra ára sem ráðherranefndir koma sér saman um að fylgja. Þannig myndast mjög þétttriðið samstarfsnet um öll þau málefni sem norræn samfélög nútímans þurfa að takast á við en krafan til samstarfsins hefur frá upphafi verið að af því skuli hljótast norrænn virðisauki; að leita skuli sameiginlegra lausna á viðfangsefnum sem blasa við norrænum samfélögum þegar samlegðaráhrif af slíku eru augljós fremur en að hvert land leysi mál útaf fyrir sig.

Enda þótt forsætisráðherrarnir beri meginábyrgð á norrænu samstarfi – en feli samstarfsráðherrum framkvæmdina – þá er samstarf þeirra, þrátt fyrir að vera mikið og náíð, ekki skipulagt formlega á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Sama er að segja um utanríkisráðherrana; þar sem hagsmunir landanna í utanríkismálum fara ekki alltaf saman, með því að afstaðan til bæði Evrópusambandsins (ESB) og Atlantshafsbandalagsins (NATO) er mismunandi eftir ríkjum, telst ekki grundvöllur fyrir því að mynduð sé formleg ráðherranefnd þeirra. Það breytir þó ekki því að samráð norrænu utanríkisráðherranna er náíð og reglubundið og varðar öll grundvallarmálefni alþjóðasamstarfs. Í þessari skýrslu er því bæði gerð grein fyrir samstarfi forsætisráðherranna og utanríkisráðherranna.

Norrænt samstarf vegur þungt í alþjóðlegu samstarfi ráðuneytanna og margir starfsmenn leggja mikla vinnu í að sinna því. Skýrslan er, líkt og mörg undanfarin ár, unnin í góðu samstarfi við viðkomandi starfsmenn og ætla má að hún taki um margt mið af því sem við Íslendingar teljum mikilvægast í norrænu samstarfi.

Ljóst má vera að í skýrslu sem þessari er ekki hægt að gera svo víðfeðmu samstarfi tæmandi skil. Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar er með heimasíðu, [www.norden.org](http://www.norden.org), þar sem fá má frekari upplýsingar um norrænt samstarf. Eins má benda á ritröðina TemaNord sem NMR gefur út.

## 2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda

*Forsætisráðherrar Norðurlanda* áttu með sér tvo venjubundna fundi á árinu 2013. Árlegur vofundur ráðherranna var haldinn í Stokkhólmi og nágrenni dagana 15.–16. maí og síðari fundurinn í Osló 28.–29. október – í tengslum við 65. þing Norðurlandaráðs. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra leiddi umræður um málefni norðurslóða á ráðherrafundinum í Osló, en jafnframt var á fundinum fjallað um samstarf innan Barentsráðsins (BEAC), öryggismál og samskipti við Bandaríkin, auk þess sem samþykkt var sérstök yfirlýsing um áframhaldandi vinnu við afnám stjórnsýsluhindrana á Norðurlöndum. Var með yfirlýsingunni sett á fót sérstakt ráð í þessu auginamiði sem Siv Friðleifsdóttir, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, stýrir.

Forsætisráðherrar norrænu landanna funduðu ennfremur með formönnum landsstjórna Grænlands, Færeyja og Álandseyja í tengslum við Norðurlandaráðsþingið, sem og með forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Einnig var fundað með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna þar sem efnahagsmál í Evrópu, formennska Litháa í ESB og málefni Sýrlands voru meðal umræðuefna.

Á þingi Norðurlandaráðs kynnti Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni fyrir árið 2014 sem ber yfirskriftina *Gróska – lífskraftur*. Einnig tóku norrænu forsætisráðherrarnir þátt í þemaumræðu á þinginu um ungt fólk og samkeppnishæfni á Norðurlöndum. Þá afhenti forsætisráðherra lokabindið af Þjóðargjöf Íslendinga til Norðmanna í tilefni af því að árið 2005 voru 100 ár liðin frá endurreisn norska konungdæmisins. Fór afhendingin fram við hátíðlega athöfn í Þjóðarbókhöllu Noregs og veitti nýkjörinn forsætisráðherra Noregs gjöfinni viðtöku.

Auk framangreindra hefðbundinna funda sátu forsætisráðherrar Svíþjóðar, Noregs, Danmerkur og Íslands og forseti Finnlands fund með forseta Bandaríkjanna sem haldinn var í Svíþjóð hinn 4. september sl. Forsætisráðherra Íslands leiddi þar umræður um norðurslóðir sem einkenndust af samhljómi og samstöðu. Einnig voru til umfjöllunar orku- og loftslagsmál þar sem forsætisráðherra kom inn á möguleika Íslands á sviði jarðvarma. Einnig voru rædd öryggis- og varnarmál þar sem komið var inn á þátttöku Finnlands og Svíþjóðar við loftrýmisseftirlit á Íslandi samhliða loftrýmis-

gæslu Noregs og NATO í febrúar 2014. Einnig voru til umræðu efnahagsmál og samskipti við ríki austanverðrar Evrópu og Rússland.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sótti jafnframt hátíðarfund BEAC dagana 3.–4. júní í Kirkenes í Noregi og átti þar m.a. tvíhliða fundi með þáverandi forsætisráðherra Noregs og forsætisráðherra Finnlands. Markaði leiðtogafundurinn 20 ára afmæli samstarfs ríkja í BEAC.

Hinn 24. júní fór forsætisráðherra í vinnuheimsókn til Danmerkur og átti tvíhliða fund með forsætisráðherra Danmerkur. Meðal umræðuefna voru efnahagsmál, Evrópumál, norræn samvinna og málefni norðurslóða. Síðar sama dag átti forsætisráðherra fund með lögmanni Færeyja í Þórshöfn þar sem rætt var m.a. um vestnorrænt samstarf og framkvæmd Hoyvíkur-samningsins.

Hinn 19. júní fór forsætisráðherra í vinnuheimsókn til Svíþjóðar og fundaði með forsætisráðherra Svíþjóðar. Á fundinum voru m.a. rædd efnahagsmál, samskipti við ESB, málefni norðurslóða og norrænt samstarf sem og alþjóðamál.

Hinn 7. júní fundaði forsætisráðherra með formanni landsstjórnar Grænlands í Reykjavík þar sem ræddir voru m.a. auknir möguleikar á samvinnu í ljósi þróunar á norðurslóðum, sem og opnun aðalræðisskrifstofu Íslands í Nuuk. Þá átti forsætisráðherra fund með landsstjóra Álandseyja hinn 27. nóvember í Reykjavík. Meðal umræðuefna var formennska Íslands í NMR árið 2014 og fyrirhugaður vorfundur norrænu forsætisráðherranna á Íslandi.

Forsætisráðherra átti hádegisverðarfund með forseta Finnlands hinn 29. júní en forsetinn var þá staddur á Íslandi í opinberri heimsókn. Meðal umræðuefna var staða efnahagsmála á Íslandi og í Finnlandi, norræn samvinna og málefni norðurslóða.

Einnig tók forsætisráðherra þátt í svokallaðri Arendalsvikunni í Noregi hinn 12. ágúst og hélt erindi um stöðu Norðurlanda í Evrópu, auk þess að funda með þáverandi ráðherra sveitarstjórnarmála í Noregi og fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur. Forsætisráðherra átti einnig fund með forseta NR af þessu tilefni.

Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi forsætisráðherra, sótti leiðtogafund Northern Future Forum í Lettlandi dagana 26.–28. febrúar, en öll norrænu löndin, Eystrasaltsríkin og Bretland eiga þar aðild. Leiðtogafundur Eystrasaltsráðsins, þar sem norrænu löndin eiga sæti, var haldinn hinn 5. apríl í Pétursborg í Rússlandi. Fjallaði fundurinn m.a. um umhverfismál.

Drottning Danmerkur heimsótti Ísland hinn 13. nóvember í tilefni af því að 350 ár voru liðin frá fæðingu Árna Magnússonar handritasafnara. Stóð Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra meðal annars fyrir hátíðardagskrá í Þjóðleikhúsinu af því tilefni.

### 3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

Forsætisráðherrar Norðurlanda bera ábyrgð á norrænu samstarfi en fela samstarfsráðherrum umboð til þess að sjá um samræmingu á norræna ríkisstjórnarsamstarfinu sem fram fer á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar (NMR). Við stjórnarskipti velur ný ríkisstjórn einn ráðherra úr sínum röðum til þess að vera norrænn samstarfsráðherra. Með *ráðherranefnd norrænu samstarfsráðherranna (MR-SAM)* starfar *Norræna samstarfsnefndin (NSK)* sem ásamt framkvæmdastjóra NMR í Kaupmannahöfn og starfsfólki hans sér um að undirbúa fundi samstarfsráðherranna og gera tillögur um töku ákvarðana vegna þeirra mála sem liggja fyrir fundum þeirra hverju sinni. Samstarfsráðherrarnir hittast að jafnaði 4-5 sinnum á ári, þar af er einn fundur í tengslum við haustþing Norðurlandaráðs (NR) og endanlega afgreiðslu norrænu fjárlaganna.

Í starfsreglum Norrænu ráðherranefndarinnar, 3. gr. segir svo um hlutverk og skyldur samstarfsráðherra:

„Þeir ráðherrar sem falið hefur verið að sjá um samræmingu norrænna samstarfsverkefna (samstarfsráðherrar) skulu að höfðu nauðsynlegu samráði við aðra ráðherra sem fara með einstaka samstarfsmálaflokka í ríkisstjórnunum (fagráðherra),

- a) beita sér fyrir því að auka norrænt samstarf,
- b) samræma störf á hinum ýmsu samstarfssviðum,
- c) beita sér fyrir því, eftir því sem þörf er á, að framlögum til norræns samstarfs sé skipað í forgangsröð,
- d) taka ákvarðanir um skipulagsatriði sem snerta fleiri en eitt samstarfssvið,
- e) taka ákvarðanir um málefni sem fagráðherrar vísa til samstarfsráðherranna eða hafa grundvallarþýðingu fyrir norrænt samstarf,
- f) semja endanlegar tillögur um og taka ákvörðun um fjárhagsáætlun fyrir norrænt samstarf,
- g) bera ábyrgð á upplýsingastarfsemi ráðherranefndarinnar og taka ásamt stjórnarnefnd NR ákvörðun um atriði sem varða sameiginlega upplýsingastarfsemi ráðsins og ráðherranefndarinnar.“

Störf NMR fara fram í tíu fagráðherranefndum auk norrænna stofnana, samstarfsstofnana og fastanefnda – undir samstarfsráðherrana heyrja þó ýmis þverlæg málefni eins og stjórnsýsluhindranir, málefni barna og ungmenna, alþjóðlegt samstarf, samstarf um sjálfbæra þróun, samstarf um aðgengismál fatlaðra og norrænt samstarf um málefni norðurskautssvæðisins. Auk þess sjá samstarfsráðherrar til þess að áherslur þær sem fram koma á fundum forsætisráðherranna komi til framkvæmda í norrænu samstarfi. Má þar nefna áhersluna á viðbrögð við hnattvæðingu, grænan hagvöxt og á sjálfbæra norræna velferð.



### *Formennska Svíþjóðar í NMR*

Svíar gegndu formennsku í NMR 2013 en yfirskrift formennskuáætlunar þeirra var „Norræn samfélagsgerð á nýjum tímum“. Á árinu var í fyrsta sinn unnið samkvæmt nýju fyrirkomulagi á norrænu fjárlögunum en svokallaður forgangsverkefniður var eyrnamerkur fyrir pólitískt mikilvæg verkefni þar sem norrænu forsætisráðherrarnir leggja í meginatriðum línurnar. Hlutur formennskulandsins er nú umtalsverður í ráðstöfun forgangsverkefnaliðar, en það fær frumkvæðisréttinn um tillögur að fáum en pólitískt mikilvægum verkefnum sem geta náð yfir allt að þrjú ár. Vegna þessa þarf undirbúningur fyrir formennskuárið að hefjast mun fyrr en verið hefur. Á miðju ári 2012 voru Svíar tilbúnir að kynna fjögur stór verkefni en hlutur formennskulandsins í forgangsverkefniárið 2013 var ákveðinn rúmlega 20 milljónir danskra króna.

Áherslur Svía birtast glögglega í verkefnunum en stærst þeirra er *NordMin*, sem snýr að samstarfi á sviði námuvinnslu, einkum að rannsókn-um og nýsköpun. Markmiðið með „NordMin“ er ekki hvað síst að byggja upp öflugt tengslanet fræðimanna, vísindastofnana og atvinnulífs um græna námuvinnslu. Orkustofnun er þátttakandi í „NordMin“ fyrir Íslands hönd en verkefnið er til þriggja ára.

Áhersla Svía á umhverfismál birtist í verkefni um að *draga úr viðar-brennslu og þar með losun skammlífra loftslagsspilla*. Þjartsýni er um að Norðurlöndum geti í sameiningu tekist að ná verulegum árangri á þessu sviði á tiltölulega skömmum tíma. Þetta verkefni er einnig til þriggja ára.

Svíar settu atvinnu- og vinnumarkaðsmál á oddinn á formennskuárinu og er þeim mjög hugleikið að Norðurlönd snúi bökum saman og finni leiðir til að vinna gegn atvinnuleysi sem er nú mikið og vaxandi vandamál í löndunum. Einkum bera menn kvíðboga yfir miklu atvinnuleysi ungs fólks og þeim áhrifum sem slíkt kann að hafa þegar til lengri tíma er litið. Tvö verkefni voru helguð þessari áherslu á árinu, annars vegar þriggja ára þróunarverkefni um *vinnustaðanáám* og þá áskorun sem tengist því að útvega ungu fólki starfs-þjálfunarstöður í atvinnulífinu sem uppfylla gæðakröfur og að fjölgun verði í þeim hópi nemenda sem lýkur framhaldsnámi eftir grunnskóla.

Hins vegar blésu Svíar til mikillar *atvinnu- og vinnumarkaðsstefnu* í Stokkhólmi í maí í tengslum við fund norrænu forsætisráðherranna. Á stefnunni var m.a. kynntur fjöldi úrræða sem löndin hafa gripið til til þess að vinna gegn atvinnuleysi og til þess að virkja fólk í atvinnuleit. Þar voru m.a. aðgerðir Vinnuálastofnunar og Reykjavíkurborgar kynntar, Atvinnutorg, Menntatorg og Starfatorg.

### *Undirbúningur fyrir formennsku Íslands 2014*

Svo sem að framan greinir krefst nýi forgangsverkefnaliðurinn í norrænu fjárlögum þess að undirbúningur formennskuárs hefst mun fyrir en áður. Í byrjun árs 2012 hófst undirbúningur formennskuársins í góðri samvinnu allra ráðuneyta og tæpu ári síðar lagði Ísland til á fundi MR-SAM að ráðast skyldi í þrjú stór formennskuverkefni 2014. Á miðju ári tók MR-SAM síðan endanlega ákvörðun um framkvæmd verkefnanna og fjárveitingar til þeirra. Í samræmi við fyrri ákvörðun MR-SAM (sjá skýrslu samstarfsráðherra 2012, bls. 8) um 5% niðurskurð á fjárlögum ársins 2014 verður formennskuhluti Íslands á forgangsverkefnalið samtals 15 milljónir danskra króna. Öll eru verkefnin til þriggja ára en sama upphæð verður, samkvæmt ákvörðun MR-SAM, til ráðstöfunar fyrir þau á árunum 2015 og 2016, eða alls 45 milljónir danskra króna.

Á þingi NR í Osló í lok október mælti forsætisráðherra fyrir formennskuáætlun Íslands í NMR. Yfirskrift hennar er *Gróska – lífskraftur* þar sem vísað er til grunnildanna í formennskuverkefnunum þremur.

Verkefnið *Norræna lífhagkerfið (NordBio)* er stærst íslensku verkefnanna en með því er kastljósinu beint að uppbyggingu og eflingu lífhagkerfis á Norðurlöndum. Sjálfbær þróun og græna hagkerfið haldast í hendur í verkefninu, en kjarni þess og undirstaða er sífellt vaxandi krafa til ríkja heims um að þau nýti betur en nú er gert lifandi auðlindir sínar. Markmiðið er að vinna gegn hvers kyns sóun á lifandi auðlindum, svo sem við framleiðslu og neyslu á matvælum, og um leið að finna leiðir til þess að skapa ný verðmæti og atvinnutækifæri. Verkefnið er umfangsmikið og kallar á samvinnu þvert á fagsvið í norrænu samstarfi en að framkvæmd þess koma umhverfis- og auðlindaráðuneyti, atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti, sem teflir fram kennslufræðiverkefninu Biophilia sem byggir á hugmyndafræði söngkonunnar Bjarkar Guðmundsdóttur. Íslenskar stofnanir á borð við Mátis, Hafrannsóknastofnun, Landgræðsluna og Umhverfisstofnun verða einnig í lykilhlutverkum. Samsvarandi ráðuneyti og stofnanir á Norðurlöndum verða samstarfsaðilar auk samnorrænna stofnana. Verkefnið hefur ríka alþjóðlega skírskotun, t.d. hefur ESB mótað sér stefnu í þessum málum, og einnig má benda á þema Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) gegn sóun á matvælum (Food Loss and Food Waste). Ákveðið var að verja 10 milljónum danskra króna til verkefnisins á árinu 2014.

*Norræni spilunarlistinn* er menningartengt verkefni en með því beinir Ísland sjónum að mikilvægi skapandi greina en þær eru í mikilli sókn á Norðurlöndum. Markmið spilunarlistans er að nýta nútímataekni í fjölmiðlun, samfélagsmiðla og netmiðla til þess að koma norrænni tónlist á framfæri innan Norðurlanda og ekki sist utan Norðurlanda. Verkefninu verður stýrt af

NOMEX (Nordic Music Export) en það er útflutningsskrifstofa norrænnar tónlistar. Árið 2014 verður varið 2 milljónum danskra króna til verkefnisins.

*Norræna velferðarvaktin* byggir á sambærilegu úrræði sem sett var á laggir hér á landi eftir bankahrunið 2008 og vegna kreppunnar sem fylgdi í kjölfarið. Ætlunin er m.a. að greina þau viðbrögð sem gripið var til í kjölfar fyrri krepputímabíla á Norðurlöndum, sjá hvaða aðgerðir tókust vel, hvað tókst síður vel og hvaða áhrif það hafði að aðhafast ekki neitt. Einnig á að búa til svokallaða norræna velferðarvísa sem mæla ástand velferðar og hæfileika kerfisins til að bregðast við. Yfirumsjón verkefnisins verður hjá velferðar-ráðuneytinu en til þess verður varið 3 milljónum danskra króna á árinu 2014.

Enda þótt formennskuverkefnið verði burðarásinn í formannstíð Íslands á næsta ári mun Ísland einnig halda á lofti ýmsum áherslum sem nauðsynlegt er að vaka yfir í norrænu samstarfi. Áfram verður lögð rík áhersla á hagsmuni Norðurlanda af öflugum samstarfi um málefni Vestur-Norðurlanda og samstarfinu við nággranna í vestri, en málefni norðurskautssvæðisins eru nátengd því. Þannig eru Íslendingar hvatamenn að því að með tilstyrk ráðherranefndarinnar verður haldin ráðstefna um stöðu kynjanna á norðurlöndum og aðkomu þeirra að stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum er varða samfélags- og hagþróun. Einnig verður haldin ráðstefna í Færeysjum um markmið og leiðir í jafnréttismálum. Ísland leggur áherslu á að áfram verði unnið að betri orkulausnum fyrir strjálbýl svæði og að leitað verði leiða til að taka á þeim vanda sem þar skapast vegna langvarandi fólksfækkunar þrátt fyrir að ríkulegar auðlindir séu í næsta nágrenni.

### *Framkvæmdastjórnarskipti í NMR*

Á árinu lét Halldór Ásgrímsson af störfum sem framkvæmdastjóri NMR en því starfi hafði hann gegnt, fyrstur Íslendinga, frá árinu 2007. Við starfinu tók Norðmaðurinn Dagfinn Høybråten en hann er fyrrverandi ráðherra og leiðtogi kristilega þjóðarflokksins. Á pólitískum ferli sínum gegndi Dagfinn Høybråten stöðum heilbrigðisráðherra, félagsmálaráðherra og atvinnuálaráðherra.

### *Fjárlög NMR*

Fjárlög ársins 2013 voru endanlega samþykkt á þingi NR í Osló í lok október 2012 eftir að samkomulag tókst í hópi samstarfsráðherranna um að heildarútgjaldaraminn yrði óbreyttur frá því sem var 2012. Niðurstaðan varð því heildarútgjaldarammi að upphæð 986,726 þúsund danskra króna á verðlagi ársins 2013. Samkvæmt þeirri skiptireglu sem viðhöfð er um framlög landanna til norrænu fjárlaganna var hlutdeild Íslands 0,7%.

Hlutfallsleg skipting fjármuna milli fagsviða hélst að mestu óbreytt en stærstur hluti rennur til menningar, mennta og vísinda eða rúmlega 46%. Til

samstarfs um atvinnumál, orkumál og byggðamál renna tæp 13% og tæpum 10% er varið til alþjóðlegs samstarfs. Rétt rúm 4% renna til samstarfs um velferðar- og heilbrigðismál og 4,6% er varið til umhverfismála. Rúmlega 8,3% af fjárlögunum voru eyrnamerkt forgangsverkefnasjóði – eins og áður hefur komið fram gátu Svíar sem gegndu formennsku á árinu ráðstafað rúmlega 20 milljónum danskra króna til formennskuverkefna sinna. Samstarf um fiskveiðar, landbúnað, skógrækt og matvæli fær 4,2% í sinn hlut – önnur fagsvið fá minna til sinnar starfsemi.

### *Nýjar reglur um samstarf NMR við Eyrstrasaltsríkin og Rússland*

Á árinu lauk vinnu við að endurskoða reglur um samstarf ráðherranefndarinnar við Eistland, Lettland og Litháen, við Norðvestur-Rússland og um það samstarf sem beinist að Hvíta-Rússlandi og Barentssvæðinu. Voru þær lagðar fram sem ráðherranefndartillögur á þingi NR í Osló en gildistaka er í byrjun árs 2014. Reglurnar bera það með sér að hafa verið unnar í góðri samvinnu og samráði við umrædd samstarfslönd þar sem krafan um sameiginlegan virðisauka samstarfsins var höfð að leiðarljósi. Í þeirri vinnu kom berlega í ljós að mikill og gagnkvæmur áhugi er á að dýpka samstarfið og skýrara ljósi var varpað á hvar hagsmunir fara raunverulega saman. Gengið er út frá því að í framtíðinni verði kjarni alþjóðasamstarfs ráðherranefndarinnar á Eyrstrasaltssvæðinu en að samstarf við önnur lönd og svæði verði skoðað með opnum hug þegar og ef eftir því verður leitað.

### *Stjórnsýslulegar landamærahindranir*

Hinn norræni vettvangur um afnám stjórnsýslulegra landamærahindrana (Grænsehindringsforum) hóf störf í janúar árið 2008. Vettvangurinn var settur á laggirnar í samræmi við samþykkt norrænu forsætisráðherranna árið 2007. Frá upphafi var lögð megináhersla á að þess yrði gætt við undirbúning nýrrar löggjafar innan Norðurlanda að ekki sköpuðust nýjar hindranir fyrir norræna borgara og fyrirtæki sem flytjast milli landanna. Jafnframt að hið sama gildi við innleiðingu ESB-gerða.

Lögð er áhersla á að þeir sem fjalla um norræn málefni þekki lög og reglur norrænu landanna þegar fjallað er um ágreiningsmál sem hugsanlega teljast til stjórnsýslu- og landamærahindrana.

Vart hefur orðið við að túlkun norrænna samninga og reglna sé ólík milli landanna þegar á reynir. Mismunandi túlkun á reglum og lögum getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir norræn fyrirtæki og borgara sem geta jafnvel farið á mis við réttindi sem þeim ber samkvæmt norrænum samningum. Þannig má m.a. rekja ágreining milli sænskra og íslenskra tryggingamálayfirvalda varðandi synjun sænsku tryggingastofnunarinnar á umsóknum íslenskra námsmanna og fjölskyldna þeirra í Svíþjóð um barnabætur, foreldradagpeninga og húsaleigubætur til mismunandi túlkunar í löndunum. Ólík túlkun og

mismunandi merking hugtaka hafði í för með sér ófyrirsjáanlega erfiðleika fyrir námsmennina. Þrátt fyrir að námsmennirnir eigi lögheimili í Svíþjóð tryggir föst búseta ekki sjálfkrafa félagslegar bætur en búseta er skilgreind með mismunandi hætti í löndunum.

Á þingi NR í Kaupmannahöfn árið 2011 hélt samstarfsráðherra Svía því fram að þegar ESB reglugerð 883/2004 yrði innleidd á Íslandi yrðu vandamál íslenskra námsmanna úr sögunni þar sem þeir sætu þá við sama borð og aðrir norrænir nemendur hvað varðar félagsleg réttindi. Umrædd reglugerð tók gildi á Íslandi 1. júní 2012 en samkvæmt henni gilda sömu samræmingarreglur í öllum norrænu löndunum þegar metinn er réttur til félagslegra trygginga og bóta. Föst búseta og búseturéttur námsmanna skiptir meginmáli. Lagt er mat á það hvort einstaklingur teljist búsettur í landinu og njóti þar af leiðandi félagslegra trygginga og bóta. Löggjöf viðkomandi lands sker úr um hvort um búsetu viðkomandi námsmanna sé að ræða.

Nýr *Norðurlandasamningur um almannatryggingar* var lögfestur á Alþingi Íslendinga í nóvember 2013 og jafnframt féll *Norðurlandasamningur um almannatryggingar nr. 66/2004* úr gildi. Nýi samningurinn samrýmst grundvallarsjónarmiðum reglugerðar ESB 883/2004 um almannatryggingar. Í nýja *Norðurlandasamningnum* er hugtakið búseta skýrt ítarlegar en áður. Til þess að tryggt sé að koma megri í veg fyrir hindranir á sviði almannatrygginga er brýnt að túlkun *Norðurlandasamningsins* sé með sama hætti í norrænu löndunum. Bent er á það í greinargerðinni *Stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum á sviði félags- og vinnumarkaðsmála* að hugsanlega verði flóknara og tímafrekara að fá úrskurð um búsetu en nú er. Í því ljósi er afar mikilvægt að vanda vel til verka þegar áfram verður unnið að því að koma í veg fyrir stjórnsýsluhindranir.

Á undanförunum misserum hefur norræna vettvanginum um stjórnsýsluhindranir borist ábendingar um vandkvæði fólks sem vegna búsetu í fleiri en einu norrænu ríkjanna fær skertar örorkubætur en örorkumat á Norðurlöndum byggist á mismunandi forsendum. Dæmi eru um íslenska öryrkja sem fá verulega skertar örorku- eða lífeyrisgreiðslur ekki síst vegna þess að þeir geta ekki nýtt sér endurhæfingarúrræði sem einungis eru í boði í því landi þar sem þeir unnu áður en þeir fluttu aftur til Íslands. Að frumkvæði samstarfsráðherra Svía er fyrirhugað að sænsk og dönsk tryggingamálayfirvöld leiti leiða til að fólk geti nýtt sér endurhæfingarúrræði í heimalandi sínu og fengið þau metin í því norræna landi sem það hefur búið tiltekinn tíma, til þess m.a. að forsendur örorkumats í norrænu löndunum verði í meira samræmi.

Komið hefur verið upp gagnagrunni á vefnum [www.norden.org](http://www.norden.org) með lista yfir hindranir sem þegar eru leystar, hindranir sem unnið er í eða sem bíða úrlausnar.

Norræni vettvangurinn um afnám stjórnsýslu- og landamærahindrana lauk störfum sínum í desember 2013.

*Afnám landamærahindrana á Norðurlöndum – nýtt fyrirkomulag*

Starfshópur sem hafði það hlutverk að gera úttekt á norrænu samstarfi til að draga úr óþarfa stjórnsýsluhindrunum skilaði tillögum sínum til samstarfsráðherranna á miðju ári.

Hópurinn tók m.a. saman reynslu af starfi undangenginna ára og fór yfir ýmis mál því tengd svo sem skilgreiningar á hindrunum, samvinnu milli aðila, skilvirkt upplýsingaflæði, markmið samstarfsins og tengingu stjórnsýsluhindrana við löggjöf landanna og ESB-löggjöf. Starfshópurinn ræddi einkum framtíðarskipan vinnu um stjórnsýsluhindranir og lagði hann áherslu á að með núverandi skipulagi hafi tekist að vekja athygli á málinu og auka umræðu og gæði vinnunnar. Þrátt fyrir að mörg málefni hafi verið leyst, eru niðurstöðurnar ekki alltaf í samræmi við þann þunga og athygli sem málaflokkurinn hefur fengið innan norrænnar samvinnu. Því var það mat starfshópsins að styrkja þyrfti innleiðingu vinnu um stjórnsýsluhindranir á sem flestum stigum. Fremur en að dreifa því fjármagni sem ætlað væri til málaflokksins til nýrra aðila, leggur starfshópurinn áherslu á að styrkja núverandi form og efla tengsl við stjórnsýslu og stjórnvöld í löndunum, því það er fyrst og fremst þeirra að leysa hindranir.

Samkvæmt tillögu starfshópsins, sem samstarfsráðherrarnir gerðu að sinni, var 1. janúar 2014 sett á stofn *Norræna landamærahindranaráðið (Grænsehindringsráð)*. Það leysir af hinn norræna vettvang um afnám stjórnsýslulegra landamærahindrana og er skipað einum aðila frá hverju landi auk framkvæmdastjórans. Norðurlandaráði verður einnig boðið að taka þátt. Meginverkefni ráðsins verður að meta, gera úttektir og koma með tillögur að lausnum á stjórnsýsluhindrunum, koma í veg fyrir að löggjafarstarfið í löndunum geti af sér nýjar hindranir, auk þess að meta upplýsingaflæði og kvörtunar-/kærumöguleika fyrir norræna borgara.

Starf norræna landamærahindranaráðsins verður skipulagt með eftirgreindum hætti:

- 1) Formennska skiptist milli landanna og fylgir formennsku í ráðherranefndinni. Þannig skapast aukin tengsl og skilvirkni milli formennskulandsins, áherslumála þess og pólitískrar forystu.
- 2) Hver meðlimur á að starfa með aðilum innanlands, sem geta stuðlað að lausnum, t.a.m. stjórnsýslu og upplýsingaveitum. Eftirfylgni verður innanlands en meðlimir ráðsins skulu gefa skýrslu um framvindu mála til samstarfsráðherra sinna árlega.
- 3) Framkvæmdastjóra eru falin verkefni sem stuðla að framþróun starfsins. Hann skal m.a.:
  - tryggja að mál frá ráðinu komi á borð ráðherra- og embættismannanefnda þar sem það á við.
  - greina innra skipulag vinnu um stjórnsýsluhindranir í ráðherranefndinni og skoða hvernig er hægt að auka samlegð og skilvirkni.

Tillögur NR um norrænan umboðsmann um afnám stjórnarsýsluhindrana og mismunandi útfærslur voru teknar fyrir í starfshópnum og voru menn almennt jákvæðir gagnvart slíkum hugmyndum. Á það var þó bent í niðurstöðum hópsins að leysa þyrfti ákveðin lögfræðileg álitamál áður en hægt yrði að taka ákvörðun um að setja á laggir embætti norræns umboðsmanns. Slík lögfræðileg úttekt verður því hluti af aðgerðaráætlun ráðsins og möguleikinn á því að leggja fram aðrar lausnir verða ræddar í samvinnu við NR.

Samstarfsráðherra fól Siv Friðleifsdóttur, fyrrverandi ráðherra og alþingismanni, að taka sæti í Norræna landamærahindranaráðinu og verður hún jafnframt fyrsti formaður þess.

### *Menningarhátíðin „Nordic Cool“ í Kennedy Center í Washington*

Hinn 19. febrúar var menningarhátíðinni „Nordic Cool“ formlega hleypt af stokkunum í Kennedy Center í Washington og stóð hún til 19. mars. Norræna ráðherranefndin veitti samtals 4,5 milljónum danskra króna til hátíðarinnar en heildarkostnaður vegna hátíðarinnar nam 26 milljónum danskra króna sem komu mestmegnis frá bandarískum aðilum auk þess sem norrænu löndin lögðu henni til fjármuni. Á hátíðinni kom fram fjöldi norrænna listamanna – í hópi Íslendinga má nefna Víking Heiðar Ólafsson píanóleikara, leikhópin Vesturport sem sýndi Hamskiptin, Íslenska dansflokkinn og hljómsveitina Retro Stefson. Á hátíðinni voru 12 sýningar, 15 pallborðsumræður, 49 fyrirlestrar og u.þ.b. 100 listrænir viðburðir þar sem 750 norrænir listamenn komu fram. Yfir 200 þúsund manns heimsóttu hátíðina auk þess sem milljónir manna fylgdust með vefútsendingum frá henni. Talið er að hátíðin hafi aukið mjög á þekkingu og áhuga almennings í Bandaríkjunum á norrænni menningu, norrænum gildum og samfélagsgerð. Í kjölfar hátíðarinnar hafa samstarfsráðherrarnir rætt hvernig unnt sé að nýta það kastljós og meðbyr sem hún hefur haft í för með sér fyrir Norðurlönd og norrænt samstarf.<sup>1</sup>

### *Samstarf og samráð við Norðurlandaráð*

Í samræmi við 64. gr. Helsinki-sáttmálans leggur NMR ríka áherslu á náðið samráð við NR á öllum stigum norrænu fjárlagavinnunnar og voru því á árinu haldnir reglulegir fundir með fjárlagahóp ráðsins. Ráðið lagði fram óskir sínar um áherslubreytingar í fjárlögum í góðan tíma fyrir þingið sem haldið var í Stokkhólmi í lok október og tókst að koma til móts við velflestar þeirra.

Ályktanir NR sem beindust að NMR og ríkisstjórnnum landanna og svarað var á árinu voru 70, af þeim voru 45 frá 2012 en hinar voru frá fyrri

<sup>1</sup> Sjá nánar um „Nordic Cool“ hátíðina á bls. 19.

árum. Ályktanir sem samþykktar voru á þemaþingi ráðsins í Stokkhólmi eru hér meðtaldar.

Samstarfsráðherra átti nokkra fundi með Íslandsdeild NR á árinu, m.a. til þess að kynna undirbúning formennskuársins 2014 og þau formennskuverkefni sem ríkisstjórnin ákvað að skyldu verða burðarásinn í formennskuáætlun Íslands.

#### 4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins

Á reglulegum fundum *norrænu utanríkisráðherranna* á árinu var undir formennsku Svíþjóðar fram haldið með samráð landanna um nánara samstarf í utanríkis- og öryggismálum, eins og undanfarin ár, á grundvelli Stoltenberg-skýrslunnar frá 2009. Verulegur árangur hefur náðst í úttekt og skipulagi á samstarfi norrænu sendiskrifstofanna erlendis og hvernig megi ná fram auknu samráði, hagkvæmni og sparnaði með því að samnýta aðstöðu og sérfræðiþekkingu.

Tillögur Stoltenberg um norrænt samstarf um loftrýmiseftirlit við Ísland urðu að veruleika þegar Þjóðþing Finnlands og Svíþjóðar samþykktu þátttöku í loftvarnaræfingum á Íslandi í tengslum við reglubundið loftrýmiseftirlit NATO undir leiðsögn Noregs. Þetta var söguleg ákvörðun og markar nýjan kafla í norrænu samstarfi á sviði öryggismála. Loftrýmiseftirlitið og æfingin fór fram í febrúarmánuði 2014 en af því tilefni héldu norrænu utanríkis- og varnarmálaráðherrarnir sameiginlegan fund á Íslandi undir formennsku Íslands. Undir formennsku Svíþjóðar var einnig unnið að viðbótartillögum um aukið samstarf í anda tillagna Stoltenberg. Tillögurnar varða m.a. verkefni sem þegar er unnið að eða hafa verið til umræðu t.d. á vettvangi norræna varnarmálasamstarfsins NORDEFECO. Tillögurnar eru viðleitni til að varpa heildstæðu ljósi á vaxandi samstarf landanna og auka yfirsýn utanríkisráðuneytanna yfir verkefni sem mörg hver eru unnin undir hatti varnarmálaráðuneyta.

Málefni norðurslóða eru ofarlega á dagskrá utanríkisráðherranna en formennsku Svíþjóðar í Norðurskautsráðinu (AC) lauk um mitt ár og Kanada tók við. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að Norðurlönd haldi áfram virkri þátttöku í störfum ráðsins og vinni sameiginlega að því að styrkja stöðu þess. Leggja löndin m.a. sameiginlega áherslu á að efla aðstöðu fyrir leit og björgun á hafi, varnir gegn olíuvá og loftslagsmengun.

Sameinuðu þjóðirnar og friðargæsla voru á dagskrá utanríkisráðherranna og nauðsyn þess að norrænu löndin stilltu enn frekar saman strengi sína um þátttöku í friðargæslu og framlögum til einstakra verkefna. Þá var rætt um útfærslu á nánara samráði og sameiginlegan stuðning við framboð til ýmissa mikilvægra stofnanna Sameinuðu þjóðanna.



Reglulegur fundur utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8) fór einnig fram á árinu og haldinn var í fyrsta sinn sameiginlegur fundur NB8 og Visegrad-ríkjanna, Póllands, Slóvakíu, Ungverjalands og Tékklands, til að ræða sameiginleg hagsmunamál í öryggis-, orku- og flutningamálum auk samskiptanna við nágrannaríkin.

## 5. Menningarmál

*Norræna ráðherranefndin um menningarmál (MR-K)* starfaði á árinu samkvæmt stefnu um norrænt menningarsamstarf fyrir tímabilið 2013–2020. Í stefnunni er lögð áhersla á eftirfarandi fimm málaflokka, sem styðja hver við annan og skarast:

- Sjálfbær Norðurlönd.
- Skapandi Norðurlönd.
- Þvermenningarleg Norðurlönd.
- Ung Norðurlönd.
- Stafræn Norðurlönd.

Með þetta að leiðarljósi vill MR-K bregðast við breytingum og áskorunum líðandi stundar almennt og sérstaklega á sviði menningar. Til að hrinda í framkvæmd og móta þessa nýju stefnu er þörf frekari rannsókna því víðtækari þekking á þróun stafrænnar og annarrar tækni, þróun í efnahagsmálum og lýðþróun ásamt alþjóðavæðingu, hnattvæðingu og breyttri menningarneyslu er nauðsynleg.

Til að norrænar aðgerðir á menningarsviði nái sem bestum árangri þarf að efla samspilið milli norrænna aðgerða og starfsemi innanlands. Stefnumörkuninni er ætlað að vera stjórnþæki fyrir stofnanir og samstarfsaðila á vettvangi ráðherranefndarinnar og henni á að framfylgja á eftirfarandi hátt:

- Í markmiðum hvernar norrænnar stofnunar og í markmiðs- og árangurssamningum og ársskýrslum; hvetja skal stofnanirnar til að setja starfsemi sinni markmið þar sem tilgreint er nánar hvernig stefnan hefur áhrif á starfsemi stofnunarinnar.
- Í textum fjárhagsáætlana skal tilgreina forgangsröðun komandi árs.
- Í stefnumörkun sem MR-K samþykkir.
- Með því að efla tengslin milli þess menningarstarfs sem á sér stað í löndunum og menningarsamstarfsins sem fram fer á norrænum vettvangi.
- Með því að efla samráð á öllum stigum.
- Með því að halda árlegt menningarþing norrænna stofnana, samstarfsaðila og fulltrúa áætlana þar sem rætt verði um tækifæri og áskoranir við að hrinda stefnunni í framkvæmd á pólitískum vettvangi.
- Í formennskuáætlunum.

Á árinu 2016 skal fara fram stöðumat sem kanni hvernig gengur að ná markmiðum stefnunnar, hvort þau séu enn mikilvæg eða hvort þörf sé á breytingum.

Reynsla er komin af menningarstefnunni á þessu fyrsta ári en vinnan hefur farið fram undir forystu Svía. Menningarstefnan mótar einnig mjög formennskuáætlun Íslands fyrir árið 2014.

Ráðherranefndin styður við margs konar menningarviðburði og menningarverkefni, t.d. starfsemi NOMEX sem er samstarfsvettvangur útflutningsmiðstöðva tónlistar á Norðurlöndum og ICE HOT, sem er norrænt samstarfsverkefni á sviði nútímadans. Af allri þeirri starfsemi sem menningarráðherrarnir styðja verður hér aðeins fjallað um tvö verkefni.

Haldnir voru tveir ráðherrafundir á árinu auk eins óformlegs í tengslum við menningarhátíðina „Nordic Cool“. Meðal verkefna sem ráðherrarnir fjölluðu um voru áttak í að efla barna- og unglingsbókmenntir, þátttaka í „Nordic Cool“ og kortlagning á hvað er að gerast á Norðurlöndum í samspili menningar og heilsu og rannsókna á því sviði. Ráðherrarnir ræddu einnig menningarpólítiska þróun í löndunum og hvað þau gætu lært hvert af öðru í þeim málum, svo og tengingu milli réttindamála barna og íþróttaiðkun þeirra. Í ljósi reynslunnar af „Nordic Cool“ ræddu ráðherrarnir einnig hvernig standa ætti að sameiginlegum norrænum menningarkynningum erlendis í framtíðinni.

Ráðherrarnir ákváðu á árinu að framlengja sameiginlega ferðastyrkjaáætlun Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í núverandi mynd til 2017. Gerður var nýr samstarfssamningur um norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn og að beiðni NR er verið að skoða hvort mögulegt sé að samræma betur umsýslu og framkvæmd verðlauna NR.

Fjórir fundir voru haldnir í *norrænu embættismannanefndinni um menningarmál (EK-K)*, í febrúar, apríl, september og desember.

#### *Barna- og unglingsbókmenntaverðlaun NR*

Barna- og unglingsbókmenntaverðlaun NR voru afhent við hátíðlega athöfn í fyrsta sinn 30. október 2013 í óperuhúsinu í Osló. Þau eru veitt norrænu bókmenntaverki, skrifuðu fyrir börn og unglinga á norrænu tungumáli og eru veitt til bókmenntaverks sem komið hefur út á undanförunum 2-4 árum. Verðlaunin voru nú veitt fyrir finnsku unglingsbókina „Karikko“ en rithöfundurinn Seita Vuorela er höfundur hennar og Jani Ikonen myndskreytti. Verðlaunin eru veitt bæði til rithöfundar og myndlistarmanns og voru Áslaug Jónsdóttir og Birgitta Sif tilnefndar til verðlaunanna af Íslands hálfu fyrir bækurnar „Skrímslaerjur“ og „Óliver“.

Að frumkvæði MR-K hefur lengi verið unnið að því að norrænum barna- og unglingsbókmenntum verði gert hátt undir höfði. Er nú veitt til þess 2,3 milljónir danskra króna árlega auk þess sem ráðherrarnir hafa veitt 1,8 millj-

ónir danskra króna aukalega til að nota á árunum 2013–2015 til að kynna verðlaunin og setja í gang ýmis verkefni sem eiga að vekja athygli á áttakinu. Meðal þess sem ráðherrarnir hafa ákveðið er að auka stuðning við þýðingar, styrkja myndun tengslaneta til að tryggja þátttöku rithöfunda, útgefenda o.fl. í áttakinu, stuðla að heimsóknum norrænna rithöfunda í skóla alls staðar á Norðurlöndum auk þess sem haldinn hefur verið rithöfundaskóli fyrir ungt fólk.

Norræna húsinu hefur verið falið að annast umsýslu barna- og unglinga-bókmenntaverðlaunanna.<sup>2</sup>

### *Norræna menningarhátíðin „Nordic Cool 2013“*

Norræna menningarhátíðin „Nordic Cool 2013“ var haldin í menningarmiðstöðinni Kennedy Center í Washington dagana 19. febrúar–17. mars. Kennedy Center er ein virtasta og öflugasta menningarstofnun Bandaríkjanna. Viðamiklar hátíðir þar sem sjónum er beint að einu landi eða menningarsvæði eru haldnar reglulega í Kennedy Center og fá mikla kynningu í Washington og um öll Bandaríkin.

Menningarmiðstöðin átti frumkvæði að hátíðinni í samstarfi við norrænu sendiráðin í Washington. Starfsmenn Kennedy Center heimsóttu öll löndin og kynntu sér vel menningar- og listalífið. Á grundvelli þess völdu þeir dagskráratriði. Frá Íslandi komu fram Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslenski dansflokkurinn, leikhópurinn Vesturport, Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari, hljómsveit Sunnu Gunnlaugs djasspíanóleikara, Duo Harpverk, Maximus-verkefnið, hljómsveitirnar FM Belfast, Retro Stefson og Sóley. Sýnt var verkið „Endangered Water“ eftir Rúrí og verk eftir ýmsa íslenska arkitekta og hönnuði í norrænum samsýningum. Rithöfundarnir Gerður Kristný, Hallgrímur Helgason og Kristín Ómarsdóttir svo og Baltasar Kormákur og Tinna Gunnlaugsdóttir tóku þátt í pallborðsumræðum og Hákon Már Örvarsson sýndi matargerð. Um 750 norrænir listamenn komu fram og um 200 þúsund gestir sóttu hina ýmsu viðburði þær fjórar vikur sem hátíðin stóð, auk þeirra milljóna manna sem fylgdust með vefútsendingum á heimasíðu menningarmiðstöðvarinnar.

Heildarkostnaður við hátíðina var hátt í einn milljarður íslenskra króna. Hvert norrænu landanna greiddi um 25 milljónir króna, Norræni menningarsjóðurinn og NMR veittu talsverða styrki en meginhluta fjármagnsins, um 700 milljónir króna, aflaði Kennedy Center með miðasölu og styrkjum frá hinum ýmsu sjóðum og velgjörðarmönnum miðstöðvarinnar.

Þessi menningarhátíð er ein sú umfangsmesta sem efnt hefur verið til í Bandaríkjunum síðan „Scandinavia Today“ var haldin þar á vegum NMR í byrjun níunda áratugarins. Íslensku listviðburðirnir fengu lofsamlega

<sup>2</sup> Sjá nánar um Norræna húsið á bls. 69.

umfjöllun í bandarískum fjölmiðlum og hátíðin var öflug kynning fyrir norrænt lista- og menningarlíf í Bandaríkjunum.

### *Norræna leikjaverkefnið*

Norræna leikjaverkefnið á uppruna sinn að rekja til formennsku Íslands árið 2004. Þá var gerð úttekt á framboði á rafrænu efni fyrir börn og ungmenni á norrænu tungumálunum eða með norrænt innihald. Í framhaldinu var haldin fyrsta norræna leikjaráðstefnan í Málmei í Svíþjóð sem opnuð var af menntamálaráðherra Íslands en slík ráðstefna hefur síðan verið árlegur viðburður. Norræna leikjaverkefnið þróaðist upp úr því.

Ísland er þátttakandi í norræna leikjaverkefninu sem starfrækt hefur verið frá 2006 og framlengt til 2016. Frá því verkefnið hófst hefur orðið vakning á Íslandi og á Norðurlöndum í leikjaframleiðslu og hafa Norðurlönd ekki aðeins skapað sér sess á heimsmarkaði í leikjagerð, heldur eru þau orðin leiðandi.

Til marks um þennan árangur má nefna að undir lok ársins 2013 voru fimm mest sóttu iPhone leikirnir í Bandaríkjunum búnir til á Norðurlöndum. Þetta voru leikirnir QuizUp frá Íslandi, Candy Crush Saga frá Svíþjóð og Angry Birds Go, Angry Birds Star Wars og Clash of Clans frá Finnlandi. Þess má geta að QuizUp er hraðast vaxandi leikur fyrir iPhone síma frá upphafi.

Árangur Norðurlanda þegar kemur að snjallsímum og spjaldtölvum er óumdeilanlegur. Nokkur af helstu og öflugustu fyrirtækjum heims á þessum markaði eru stofnuð og starfrækt á Norðurlöndum. Árangur landanna er einnig góður þegar litið er til leikja fyrir leikjatölvur og PC tölvur. Má hér nefna leikina Minecraft, Just Cause og Europa Universalis og seríurnar Battlefield og Magicka frá Svíþjóð, Hitman seríuna og Kane and Lynch frá Danmörku, Anarchy Online og The Longest Journey frá Noregi, Max Payne frá Finnlandi og íslenska leikinn Eve Online. Leikirnir eru þekktir á heimsvísu og spilaðir af hundruðum milljóna manna. Leikir eru orðnir stærsti menningartengdi útflutningur norrænu landanna. Sum fyrirtækjanna, sem framleiða þessa leiki, geta rakið uppruna sinn eða hluta velgengni til norræna leikjaverkefnisins.


Markmið leikjaverkefnisins er að styrkja menningartengda leikjagerð, þá sérstaklega með áherslu á yngra fólk.

Starfsemi leikjaverkefnisins er þríþætt:

#### *a) Þróunarstyrkir*

Stór hluti af fjármagni til verkefnisins eða 3 milljónir danskra króna fer í samkeppnisstyrki. Leikjaframleiðendur á Norðurlöndum geta sótt um þróunarstyrki. Skilyrði er að leikir uppfylli skilgreint markmið verkefnisins, sem er að þema leiksins tengist norrænni menningu.

Umsóknir voru færri en vandaðri en árið áður. Þær voru alls 114 en ellefu hlutu styrk. Frá Íslandi bárust sjö umsóknir en ljóst er af fjölda umsókna að vakning hafi orðið meðal leikjaframleiðenda árið 2010. Íslensk fyrirtæki hafa sent inn 53 umsóknir frá því leikjaverkefnið hófst og fimm þeirra hafa fengið styrki upp á 2,2 milljónir danskra króna eða 7% af umsóknum. Ekkert íslenskt fyrirtæki hlaut þó styrk á árinu.



Heildarumsóknir frá norrænu löndunum um þróunarstyrki og samþykktar umsóknir

b) *Alþjóðasendiferðir*

Tenging leikjaframleiðenda og tengdra aðila við alþjóðamarkaðinn er lykilatriði í leikjaverkefninu. Því er náð fram með því að stuðla að ferðum á sýningar í Evrópu og Bandaríkjunum, sem og í Asíu. Áhugi er á norrænum leikjum víða um heim. „Nordic Game“ var með bás á „Gamescom“ í Köln í Þýskalandi í ágúst. Ekkert félag frá Íslandi tók þátt en þátttaka var talsverð frá öðrum norrænum löndum. Sama máli gegnir um bása á „Game Developers Conference“ í San Francisco og „GameConnection“ í París.

c) *„Nordic Game“*

„Nordic Game“-ráðstefnan er vettvangur fyrir leikjafyrirtæki á Norðurlöndum. Ráðstefnan er jafnan haldin í Málmey í Svíþjóð og gefur leikjahönnuðum tækifæri á að skiptast á skoðunum og efla tengslanetið, auk þess að hlýða á fyrirlestra helstu sérfræðinga í leikjagerð. „Nordic Game“-ráðstefnan er lítil miðað við sambærilegar ráðstefnur en fjöldi þátttakenda hefur vaxið jafnt og þétt. Voru um 1500 þátttakendur á ráðstefnunni í ár. Nokkur fjöldi fulltrúa íslenskra leikjafyrirtækja sótti ráðstefnuna og nýtti sér það tengslanet sem slíkar ráðstefnur bjóða upp á.

### *Leikjaverkefnið 2013–2016*

Leikjaverkefnið hefur haft jákvæð áhrif á þróun leikjaiðnaðarins á Íslandi sem og á Norðurlöndum. Á Íslandi hafa komið fram nýsköpunarfyrirtæki við leikjagerð og árið 2009 stofnuðu íslenskir leikjaframleiðendur samtök (IGI) undir merkjum Samtaka iðnaðarins. Innan samtaka leikjaframleiðenda eru níu félög en gera má ráð fyrir að í heildina komi um 15-20 félög að leikjagerð. Félög innan samtakanna eru með um 620 starfsmenn og veltu 62 milljörðum evra árið 2011.

## **6. Fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvælamál og skógrækt**

Starfið innan *norrænu ráðherranefndarinnar um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvælamál og skógrækt (MR-FJLS)* var á árinu unnið á grundvelli nýrrar heildaráætlunar um starfsemina sem gildir fyrir árin 2013–2016.<sup>3</sup> Inntak starfsáætlunarinnar byggist á fjórum lykilorðum sem eru náttúruauðæfi, sjálfbær nýting, samkeppnisstyrkur og aukin velferð og felur í sér að stuðla beri að sjálfbærri nýtingu lífrænna auðlinda og sterkri samkeppnisstöðu innan bæði græna og bláa geirans, hvort sem er með vöru eða þjónustu, fyrir aukna velferð á Norðurlöndum.

Á vegum ráðherranefndarinnar starfar ein deildaskipt *norræn embættismannanefnd um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvælamál og skógrækt (EK-FJLS)*. Fagdeildirnar eru fiskveiðar og fiskeldi (F), landbúnaður (J), matvælamál (L) og skógrækt (S) en heildarsamræming á starfi fagdeildanna er á hendi framkvæmdanefndar. Inntak formennskuáætlunar Svía var mikilvægi hinna dreifðu byggða sem einnar af grunnstoðum nútíma samfélaga. Þau gildi sem líf og afkoma þar byggist á séu í heiðri höfð í þjóðlífinu öllu jafnframt því sem lífshættir í strjálbýlinu þróist í takt við nútímann.

Árlegur sumarfundur ráðherranefndarinnar fór fram í Åre í Jämtlandi. Í kynnisferðum í tengslum við fundinn kynntu Svíar dæmi um á hvern hátt megi auðga lífsskilyrði á landsbyggðinni og sýndu þannig í verki inntak formennskuáætlunar sinnar. Engin ályktun eða yfirlýsing var hins vegar samþykkt á fundinum þar sem ekki nægjanlega margir ráðherrar sóttu fundinn svo hann væri ályktunarbær.

### ***Fiskveiðar og fiskeldi***

Á árinu voru haldnir tveir fundir í *embættismannanefndinni EK-FJLS/ Fiskveiðar og fiskeldi*. Sá fyrri í Kaupmannahöfn í febrúar og hinn síðari

<sup>3</sup> Rammeprogram for det nordiske samarbejde om fiskeri og havbrug, jordbrug, levnedsmidler og skovbrug 2013 - 2016

í Lysekil í nóvember. Í báðum tilvikum var fundað samhliða í vinnuhópi á vegum embættismannanefndarinnar (AG-fisk). Þá voru á árinu fundir í hinum ýmsu vinnu- og verkefnahópum sem undir nefndina falla.

Þeir viðburðir sem hæst bar voru annars vegar vinnufundur í Kaupmannahöfn um fjölstofna fiskveiðistjórnun sem fram fór í febrúar og var haldinn í samstarfi við Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES). Tilgangur fundarins var að móta tillögur að leiðbeiningum um fjölstofna fiskveiðistjórnun og er stefnt að því að halda áfram vinnu við tillögurnar á árinu 2014. Hins vegar var ráðstefna um niðurgreiðslur á eldsneyti til fiskiskipaflotans, sem haldin var í samráði við OECD o.fl. í Lysekil í nóvember. Á árinu var því starfi deildarinnar fram haldið, að efla samstarf við ýmsar alþjóðlegar stofnanir á sviðinu svo sem FAO. Stefnt er að því að á árinu 2014 hefjist samstarf um undirbúning að þróunarverkefni á sviði bláa lífhagkerfisins milli skrifstofu Samveldisins (Commonwealth Secretariat) í London, skrifstofu NMR og íslensku formennskunnar.

Haldin var ráðstefna í Reykjavík þann 5. júní í tilefni af hálfnuðum starfstíma verkefnisins „Marine Innovation“ þar sem gerð var grein fyrir einstökum verkefnum sem hafa notið stuðnings. Embættismannanefndin hélt áfram stuðningi sínum við norrænu hugveituna um fiskveiðar (Nordisk Marin Tænketauk) sem sett var á fót árið 2012.

### ***Landbúnaður***

*Embættismannanefndin EK-FJLS/Landbúnaður* fundaði tvisvar, sameiginlega með EK-FJLS/Skógrækt; annars vegar í Kaupmannahöfn í apríl og hins vegar í húsakynnum norrænu stofnunarinnar um erfðaaudlindir (NordGen) í Alnarp í Svíþjóð í nóvember. Megináherslan í starfi nefndarinnar tengdist formennskuverkefni Svía. Yfirskrift þess var „Den moderna landsbygden“ og á grundvelli þess voru haldnar tvær ráðstefnur. Önnur fjallaði um notkun timburs sem byggingarefni og hin um leiðir til að fjármagna framkvæmdir í dreifðum byggðum. Þar til viðbótar var unnið að verkefnum á sviði forkynbóta, sem nánar verður komið að hér á eftir, en einnig var töluvert unnið að undirbúningi fyrir formennskuverkefni Íslands um lífhagkerfið.

NordGen, sem er stofnun á sviði varðveislu erfðalinda, heyrir undir MR-FJLS. Verkefni stofnunarinnar eru að mestu leyti tengd rekstri á fræbanka en einnig hefur verið unnið að samstarfi við einkaaðila á sviði sem kallast forkynbætur (public private partnership in pre-breeding). Verkefnið um forkynbætur snýst um að leita uppi og einangra erfðalindir sem innihalda áhugaverða eiginleika og gen og jafnframt að koma þessum eiginleikum inn í það erfðaefni (t.d. fræ) sem selt er á markaði. Markmiðið er að tryggja áframhaldandi ræktun og kynbætur á stofnum plantna og dýra þar sem fjárhagslegir hagsmunir eru takmarkaðir. Þetta á við um marga stofna af norrænum berjum, eplum og grænmeti.

Norræna nefndin um landbúnaðarrannsóknir (NKJ) hefur aðsetur í Osló, í sömu húsakynnum og Norræna rannsóknaráðið (NordForsk). Hefur NKJ meðal annars stutt við verkefni á sviði lífhagkerfisins sem voru undanfarar formennskuáætlunar Íslands.

Á formennskuári Íslands verður unnið að undirbúningi og framkvæmd verkefnis um „Norræna lífhagkerfið“ (NordBio)<sup>4</sup> enda tengist það landbúnaði með beinum hætti. Einnig verður unnið að verkefnum á sviði for-kynbóta og lífrænnar framleiðslu á heimskautasvæðum. Stefnt er að ráðstefnu á Íslandi fyrri hluta ársins 2014 með fulltrúum kynbótafyrirtækja, rannsóknastofnana, háskóla og stefnumörkunar á sviði plöntukynbóta til að ræða samstarf einka-geirans og opinbera geirans í kynbótum. Þá verður lokaráðstefna verkefnisins „Arctic Bioeconomy“ haldin á Íslandi á seinni hluta ársins.

### **Matvælamál**

*Embættismannanefndin EK-FJLS/Matvælamál* kom saman til tveggja reglulegra funda, sá fyrri var haldinn í Stokkhólmi í apríl en sá seinni í Kaupmannahöfn í október. Einnig var haldinn sumarfundur matvælaráðherra Norðurlanda í Åre. Svíar lögðu áherslu á matvælamál í víðri merkingu þess orðs í formennskuáætlun sinni, þannig að áhersla var á umfjöllun um manneldismál og matargerð þar sem nýjustu manneldismarkmið eru í heiðri höfð. Efnt var til ráðstefnu í Stokkhólmi undir yfirskriftinni „Moderna mánniskans matvanor“. Undirnefndir embættismannanefndarinnar störfuðu á árinu að skilgreindum verkefnum sínum en ýmsir aðrir verkefnahópar voru einnig að störfum. Meðal annars voru kynntar endurskoðaðar norrænar ráðleggingar um næringarefni (NNR).

Matvælamálunum tengist einnig verkefnið „Ný norræn matargerð II“ (NNM2) sem er framhald verkefnisins „Norræn matargerð“. Stjórnarnefnd NNM2 kom saman til tveggja funda á árinu en annar fundurinn fór fram í Færeyjum. Mikið hefur verið lagt upp úr að efla tengsl við strjálbýl svæði sem kunna að hafa mikið fram að færa til að efla þær matarhefðir sem verkefni á að koma á framfæri alþjóðlega. Í haust stóðu Svíar fyrir ráðstefnu og samkeppni um matvælaframleiðslu á grunni hugmynda NNM sem fram fór í Östersund í Jämtlandi. Var þar góður samhljómur með því sem kynnt var í tengslum við ráðherrafundinn í Åre fyrr á árinu.

### **Skógrækt**

Norrænt samstarf um skógrækt er skipulagt í gegnum *embættismannanefndina EK-FJLS/Skógrækt* en er að mestu framkvæmt í gegnum samstarfsnetið Norrænar skógræktarrannsóknir (SNS) og innan skógræktardeildar norrænu stofnunarinnar um erfðaauðlindir (NordGen).

<sup>4</sup> Sjá nánar um Norræna lífhagkerfið á bls. 10.



Skógræktardeildin hélt tvo embættismannafundi á árinu, sameiginlega með landbúnaðardeildinni eins og venja er.

Ísland hefur tekið virkan þátt í verkefnum á vegum SNS. Þar starfa samstarfsnet og vinnuhópar á mörgum sviðum sem íslenskir sérfræðingar hafa tekið þátt í og hefur það styrkt stöðu skógræktarrannsókna og þekkingaruppbyggingar á Íslandi. Má þar nefna svokölluð öndvegisverkefni en í þeim hafa íslenskir vísindamenn tekið virkan þátt.

Í samstarfi við SNS hélt Skógrækt ríkisins alþjóðlega ráðstefnu sem fram fór á Hvolsvelli dagana 24.–26. október. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar var landgræðsluskógrækt og var yfirskrift hennar: „Afforestation to protect soils, rehabilitate derelict land and sequester carbon“.

Íslenskir sérfræðingar hafa tekið þátt í verkefnum á sviði erfðauðlinda skóga innan skógræktardeildar NordGen. Ráðstefna á vegum deildarinnar um áhrif loftslagsbreytinga á skóga var haldin á Hallormsstað 17.–18. september í samstarfi við Skógrækt ríkisins.

Svíar stóðu fyrir formennskuráðstefnu í Växjö dagana 9.–10. apríl þar sem fjallað var um möguleika til að nýta trjávið í byggingar. Þau mál komu einnig til kynningar og umfjöllunar á sumarfundi ráðherranefndarinnar í Åre í júní. Svíar kynntu einnig átaksverkefni á sviði skógræktar sem ber heitið „Skogriket“.

Skógræktardeildin tók á árinu virkan þátt í að undirbúa íslenska formenskuverkefnið „Norræna hagkerfið“ (NordBio).

## 7. Jafnréttismál

Á vegum *norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál (MR-JÅM)* er unnið í samræmi við samstarfsáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2011–2014 sem ber heitið „Jafnrétti skapar sjálfbært þjóðfélag“. Í áætluninni er sérstaklega fjallað um nauðsyn þess að karlmenn taki þátt í jafnréttisstarfi og umræðum um jafnréttismál og að tekið sé tillit til jafnréttissjónarmiða á öllum sviðum samfélagsins. Með þetta að leiðarljósi er áhersla á virka þátttöku karla og drengja í jafnréttisstarfi og samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða fléttuð inn í öll verkefni sem kveðið er á um í samstarfsáætluninni.

Almenn forgangsmál í norrænu jafnréttisstarfi eru um jafnrétti á vinnu- markaði, jafnrétti og menntun, jafnrétti og uppruna og leiðir til að útrýma kynbundnu ofbeldi. Í norrænu jafnréttissamstarfi við Eystrasaltsríkin er áhersla lögð á jafnrétti á vinnumarkaði, jafnréttisfræðslu, jafnrétti og jöfnuð og jafnrétti í fjölmiðlun. Forgangsmál í norrænu jafnréttissamstarfi við Norðvestur-Rússland varða jafnréttisfræðslu og verkefni sem snúa að því að útrýma kynbundnu ofbeldi.

Svíar lögðu áherslu á jafnrétti í menntun og jafnrétti á vinnumarkaði í formennskuverkefnum sínum. Einnig var lögð áhersla á jafnréttissamþættingu í norrænu samstarfi.

*Norræna embættismannanefndin um jafnréttismál (ÄK-JÄM)* undirbýr fundi jafnréttisráðherranna, fylgir eftir ákvörðunum og sinnir verkefnum sem ráðherrarnir fela henni.

#### *Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál (MR-JÄM)*

Norrænu jafnréttisráðherrarnir ræddu á fundi sínum 24. október nýja rannsóknarskýrslu „Deltid och ekonomi – olika villkor för kvinnor och män i Norden“, sem unnin var af Norræna upplýsingasetrinu um kynjafræði (NIKK). Ráðherrarnir samþykktu að fjármagna annan hluta þessa rannsóknaverkefnis þar sem kannað verður hverjar ástæðurnar eru fyrir því að algengara er að konur vinni hlutastörf en karlar.

Norrænu jafnréttisráðherrarnir ræddu einnig á fundi sínum um þátttöku á kvennaráðstefnunni „Nordisk Forum“ sem haldin verður í júní 2014 í Málmey á vegum frjálsra félagasamstaka og tillögur fyrir nýja samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar á jafnréttissviðinu fyrir tímabilið 2015–2018.

#### *Jafnrétti á vinnumarkaði*

Staða jafnréttis kynjanna á vinnumarkaði var í brennidepli á formennskuári Svía. Rannsóknarverkefni um hlutastörf var sett á laggirnar og var NIKK falin umsjón með verkefninu sem nær yfir tvö ár en seinni hluta verkefnisins lýkur með ráðstefnu á Íslandi 2014. Skýrslan „Deltid och ekonomi – olika villkor för kvinnor och män i Norden“ var kynnt á ráðstefnu í Stokkhólmi á haustmánuðum 2013. Skýrslan var einnig kynnt á ráðherrafundinum eins og áður var nefnt.

Hlutastörf eru algeng á Norðurlöndum og algengast er að konur sinni hlutastörfunum. Undantekning er Finnland en þar vinna tiltölulega fáar konur hlutastörf og eru ekki í hlutastarfi að eigin vali. Yfirleitt eru það foreldrar sem vilja samþætta vinnu og fjölskyldulíf sem velja slík störf. Tækifæri til að vinna í hlutastarfi hefur því stuðlað að mikilli atvinnuþátttöku kvenna á Norðurlöndum og sveigjanleikinn sem hlutastarfi fylgir er talinn vera góður fyrir konur, fjölskylduna og atvinnurekandann. Vandinn er sá að hluti þeirra sem eru í hlutastarfi hafa ekki valið það sjálfir og oft vinnur viðkomandi í hlutastarfi í langan tíma. Aukning á hlutastörfum kvenna á Norðurlöndum stuðlar að fjárhagslegum ójöfnuði milli kvenna og karla í samfélaginu.

### *Jafnréttisfræðsla í skólum*

Drengir og stúlkur velja enn að mestu námsbrautir í samræmi við hefðbundin kynbundin fagsvið sem viðheldur mjög kynbundum vinnumarkaði. Jafnréttisfræðsla í skólum er mikilvæg leið til að renna stoðum undir möguleika til að brjóta upp hefðbundið starfsval kynjanna. Á árinu var unnin skýrsla um stöðu og framvindu jafnréttisfræðslu í grunn- og leikskólum á Norðurlöndum. Skýrslan var lögð fram á ráðstefnunni „Hållbart jämställdhetsarbete i förskolan och skolan i Norden“ sem haldin var í maí í Stokkhólmi.

### *Samþætting jafnréttissjónarmiða*

Á árinu var sérstök áhersla lögð á að innleiða samþættingu jafnréttissjónarmiða í öllu starfi skrifstofu og fagnefnda NMR. Ráðinn hefur verið verkefnisstjóri til að fylgja verkefninu eftir. Á þingi NR í Osló var gerð grein fyrir stöðu verkefnisins.

### *Framtíðarverkefni í jafnréttismálum*

Boðað var til fjölmennrar ráðstefnu og umræðna um framtíðarverkefni í jafnréttismálum á Norðurlöndum (The Cross-Nordic Conference on the Future of the Nordic gender equality cooperation). Tilefnið er undirbúningur fyrir nýja samstarfsáætlun sem á að taka gildi árið 2015. Ráðstefnan var með nýju sniði þar sem þátttakendur gátu tekið þátt í að velja, móta og leggja til áhersluatriði komandi ára með rafrænni kosningu á fundinum. Niðurstöður lokakosninga um forgangsverkefni á Norðurlöndum næstu ár voru: Menntun og atvinnumál, jafnrétti í leik- og grunnskóla, karlar og drengir og kynja-jafnrétti, klámvæðing í fjölmiðlum og kynbundið ofbeldi en lítill munur var á atkvæðum í nokkrum málaflokkum.

### *Kvennanefndarfundur Sameinuðu þjóðanna*

Árlegur fundur kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna fór fram á tímabilinu 1.–15. mars. Að þessu sinni var viðfangsefnið ofbeldi gegn konum sem er í samræmi við einn af köflum Pekingsáttmálans frá 1995. Búið var við töluverðri spennu og átökum á fundinum því víða er stjórnvöldum illa við afskipti af rótgrónum hefðum og venjum, svo sem yfirráðum karla yfir konum, limlestingum á kynfærum kvenna og heiðursmorðum að ekki sé talað um rétt kvenna til að ráða yfir eigin líkama.

Mörg aðildarríkjanna efna til hliðarviðburða og undanfarin ár hafa norrænu löndin staðið saman að fundum þar sem ýmislegt hefur verið tekið fyrir. Að þessu sinni voru haldnir tveir sameiginlegir fundir. Annars vegar ráðherrafundur þar sem jafnréttisráðherrar Norðurlanda fjölluðu um aðgerðir til að virkja karla og drengi í baráttu gegn kynbundnu ofbeldi, hins vegar var

haldinn fundur sem fjallaði um kyn, loftslagsbreytingar og líffræðilegan fjölbreytileika í hnattvæddum heimi. Ísland stóð fyrir sérstökum viðburði með tilstyrk NMR um þróun og hlutverk kvennaathvarfa á Norðurlöndum.

Á fundi norrænu ráðherranna kom fram að löndin eru öll með aðgerða-áætlanir, rannsóknir og verkefni í gangi til að draga úr kynbundnu ofbeldi. Á fundinum um loftslagsmál greindu fyrirlesarar frá ýmsum aðgerðum sem beinast að því að draga úr fátækt og vannæringu í fátækum ríkjum heims en fátækt og barátta um auðlindir eins og vatn valda miklum átökum og ofbeldi. Því minni fátækt og betri lífskjör, því minna skipulagt ofbeldi.

### *Norræna upplýsingasetrið um kynjafræði*

Verkefni Norræna upplýsingasetursins um kynjafræði (NIKK) er að safna saman rannsóknum, stefnumálum og framkvæmd á sviði jafnréttismála í löndunum, út frá norrænum sjónarmiðum, og miðla til allra sem áhuga hafa á málefnum. Miðla skal samanburðarupplýsingum um jafnréttismál og kynjarannsóknir á Norðurlöndum. Markmiðið er að miðlun þessarar þekkingar geti orðið undirstaða pólitískrar umræðu á Norðurlöndum og á alþjóðavettvangi. Umsjónaraðili með verkefninu er „Nationella sekretariatet för genusforskning“ hjá Gautaborgarháskóla samkvæmt samningi fyrir tímabilið 1. október 2012 til 2015.

Upplýsingasetrið annaðist á árinu fyrsta útboðsferlið vegna styrkja til rannsókna á sviði jafnréttis kynjanna. Alls bárust 80 umsóknir en veittir voru 11 styrkir til verkefna og rannsókna. Ísland var aðili að þremur þessara verkefna.

### *Önnur verkefni*

Frá árinu 2012 hefur verið starfandi tengslanet sérfræðinga norrænna fagraðuneyta sem fara með jafnlaunamál. Hlutverk hópsins er að kortleggja og skiptast á upplýsingum um löggjöf, rannsóknir, aðgerðir og samstarf aðila vinnumarkaðarins varðandi launajafnrétti í hverju landi fyrir sig. Starfshópurinn hefur safnað og miðlað upplýsingum um stöðu mála í löndunum ásamt því að koma að mótun rannsóknarverkefnisins um fjárhagslegar afleiðingar þess að konur eru oftast en karlar í hlutastörfum.

Tveir sérfræðingafundir voru haldnir um kynbundið ofbeldi á vegum tengslahóps um samræmt norrænt áhættumat hvað varðar ofbeldi í nánnum samböndum. Markmiðið er að miðla upplýsingum og reynslu af áhættumati, m.a. kerfum sem reynd hafa verið í Noregi og Svíþjóð. Hugmyndin er að kanna hvort hægt verði að koma á samræmdu mati í öllum löndunum. Verkefnið sem hlotið hefur norrænan styrk er undir stjórn Finna.

Á norrænu menningarhátíðinni „Nordic Cool“ í Washington var haldin ráðstefna um jafnrétti og ungt fólk í samstarfi við norrænu barna- og ungmennanefndina (NORDBUK).

Árið 2014 kemur í hlut Íslands sem formennskulands að leiða stefnumótun fyrir norrænt samstarf um jafnréttismál næstu fjögur ár.

## 8. Menntun og rannsóknir

*Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U)* starfaði á árinu samkvæmt áætlun um stefnu á sviði menntunar og rannsókna 2011–2013, „Þekking í þágu græns hagvaxtar og velferðar“.

Samstarf á vegum MR-U tekur til leik-, grunn- og framhaldsskólastigs, fullorðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Samstarfið felst einkum í samráði og samanburði milli landanna á sviði stefnumótunar, sem fram fer með úttektum og ráðstefnum svo og samvinnuverkefnum sem miða að því að hrinda stefnumótun í framkvæmd.

Ráðherranefndin hélt einn fund á árinu, þann 17. apríl í Stokkhólmi. Á fundinum fóru fram þemaumræður um tvö viðfangsefni sem eru ofarlega á baugi í öllum norrænu löndunum. Tveimur gestafyrirlesurum var boðið til fundarins og héldu þeir inngangserindi fyrir þemaumræður ráðherranna. Annars vegar fjallaði Lauritz B. Holm-Nielsen, rektor Árósrháskóla um samfélagslegt hlutverk háskóla, samstarf þeirra og verkaskiptingu ásamt tengslum háskólanna við atvinnulífið. Hins vegar talaði Jürgen Hoshinegg, yfirmaður þróunar og gæðaeftirlits starfsmenntunar í austurríska menntamálaráðuneytinu um þróun starfsmenntunar í Austurríki í samanburði við önnur Evrópulönd. Ráðherrarnir skiptust á skoðunum og áttu umræður á grundvelli framangreindra erinda.

Á Norðurlandaráðsþinginu í Osló 29.–31. október mælti Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, fyrir tillögu ráðherranefndarinnar (MR-U) að breytingum á starfsreglum NordForsk og fylgdi úr hlaði greinargerð um framkvæmd norrænu tungumálayfirlýsingarinnar.

*Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir (EK-U)* undirbýr ráðherra fundi auk annarra verkefna sem henni eru falin. Nefndin hélt fimm fundi á árinu.

Á vegum EK-U starfar þríforkur (trojka hópur) fulltrúa þriggja landa, þ.e. fyrrverandi formennskulands, formennskulands og verðandi formennskulands. Hópurinn hélt tvo fundi og fjallaði m.a. um samþættingu formennskulands áætlana landanna auk þess að undirbúa fundi EK-U og MR-U.

MR-U og EK-U störfuðu samkvæmt ákvörðun um nýtt vinnufyrirkomulag er samþykkt hafði verið í árslok 2012 og kom til framkvæmda frá og með 1. janúar 2013. Breytingarnar miða m.a. að því að gera ákvarðanatöku gagnsærri og skilvirkari og auka sveigjanleika og viðbragðsflýti í samstarfinu. Þær felast í aukinni áherslu á pólitískar umræður og skoðanaskipti

ráðherranna á MR-U fundum og til að liðka fyrir því hafa ýmis afgreiðslumál og ákvarðanir verið flutt frá MR-U til EK-U. Jafnframt voru fastar ráðgjafanefndir lagðar niður og í stað þeirra eru skipaðir hópar til að vinna tímabundin og afmörkuð verk.

### *Samstarf um menntamál*

*NORDPLUS* er heitið á áætlun sem tekur til styrkveitinga til norræns samstarfs á sviði menntamála. Nýtt skipulag kom til framkvæmda fyrir tímabilið 2012–2016. Undirráttanir, sem áður höfðu haft sjálfstæða stjórnarnefnd, heyrna nú allar undir eina allsherjarstjórnarnefnd sem skipuð er tveimur fulltrúum frá norrænu ríkjunum fimm og Eystrasaltsríkjunum þremur. Auk þess eru áheyrnarfulltrúar frá sjálfstjórnarlöndunum Grænlandi, Færeyjum og Álandseyjum. Um er að ræða Nordplus Junior, Nordplus Voksen, Nordplus Higher Education, Nordplus Horizontal og Nordplus Sprog. Stjórnsýsla *NORDPLUS* var vistuð í Noregi en er í Danmörku hjá „Styrelsen for International Uddannelse“ frá 1. janúar 2014. Stjórnarnefndin leggur meginlínur fyrir starfið í heild og ber ábyrgð á úthlutunum en norrænu löndin fimm skipta með sér umsýslu um undirráttanir og mynda tengiliðir landanna vinnuteymi sem gerir tillögur til nefndarinnar um afgreiðslu mála. Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands hefur frá upphafi annast umsýslu með Nordplus Horizontal og Nordplus Sprog. Í upphafi árs fluttist umsýsla með *NORDPLUS*-verkefnum á Íslandi til RANNIS.<sup>5</sup> Í undirbúningi er mat á *NORDPLUS*-áætluninni á vegum ráðherranefndarinnar og á henni að ljúka árið 2015.

Norrænt tengslanet um fullorðinsfræðslu (NVL) vinnur að því að auka sýnileika, færni og reynslu af fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum. NVL á að stuðla að sameiginlegum norrænum virðisauka í fullorðinsfræðslu með því að miðla færni og reynslu frá norrænu löndunum og gera þetta samstarf sýnilegt, fyrst og fremst á Norðurlöndum en einnig í Evrópu. NVL gekkst fyrir fjölda námskeiða og ráðstefna þar sem Íslendingar tóku virkan þátt. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er tengiliður við tengslanetið fyrir Íslands hönd.

Ísland hefur tekið þátt í norrænu samstarfi um gerð hæfniramma fyrir námslok á framhaldsskólastigi (NQF) og tengingu þeirra við evrópskan hæfniramma (EQF). Í samstarfinu hefur verið rætt um aðferðafræði og meginsjónarmið um gerð rammanna með tilliti til hlutverks þeirra, samfelli, hlutverks þáttakenda og hvernig þeir endurspegla menntakerfin á Norðurlöndum. Skoðuð hafa verið tengsl einstakra ramma við þann evrópska og hvernig einstökum námslokum er markaður bás innan hæfniramma. Rætt hefur verið um veikleika og styrkleika við ákvarðanir um tenginguna við evrópska rammann. Loks hefur verið fjallað um læsileika, skýrleika og gagnsæi tengivinnunnar. Ísland kynnti hæfniramma sinn á vettvangi Evrópuríkja í desember.

<sup>5</sup> Sá nánar um áætlunina á [www.nordplus.is](http://www.nordplus.is).

Jafnframt tekur Ísland þátt í vinnuhópi um viðurkenningu erlendrar starfsmenntunar. Vinnuhópurinn hefur hist tvisvar á ári undanfarin þrjú ár til þess að ræða um mat á erlendri starfsmenntun, um vandkvæði sem kunna að koma upp við matið og hvernig unnt er að afnema hindranir í viðurkenningu starfsmenntunar milli norrænu landanna.

Samráðshópur um málefni norrænna lánasjóða námsmanna starfaði eins og undanfarin ár. Hópurinn hélt tvo fundi á árinu þar sem m.a. var skipst á upplýsingum og rætt um aðgengi námsmanna frá löndum utan Norðurlanda að norrænum lánasjóðum.

### *Vísindasamstarf*

Nefnd um rannsóknir starfaði tímabundið og lauk störfum í lok árs með tveimur skýrslum sem teknar voru til umræðu á fundi EK-U í desember. Sú fyrri var yfirlitsskýrsla um norrænt vísindasamstarf sem spratt upp úr skýrslunni „Vilja till forskning?“. Lagt var til að mótuð yrði stefna um samstarf NordForsk við EU/ERA á sviði rannsókna, en að Evrópusamstarf norrænna landa á sviði rannsókna yrði fyrst og fremst á ábyrgð einstakra landa og rannsóknarráða. NordForsk ætti eingöngu að taka beinan þátt í slíku samráði ef það skapaði samnorrænan virðisauka og með samþykki rannsóknarráðanna í hverju landi um sig. Einnig var lagt til að NordForsk og Norræna nýsköpunarmiðstöðin ættu að taka upp tillögur sk. „Högnivágrupp“ um að setja á stofn norrænt meistara- og doktorsnám innan vébanda norrænna öndvegissetra (Nordic Centres of Excellence) og auka áherslur á fjölbjóðlegt samstarf milli háskólasamfélags og fyrirtækja á norrænum vettvangi. Tillögur nefndarinnar voru samþykktar af EK-U.

Seinni skýrsla nefndarinnar tók fyrir fjárhagslega þjóðvæðingu samnorrænna rannsóknarstofnana, þar á meðal Norræns eldfjallaseturs á Íslandi, en tillaga um það hafði komið fram í skýrslunni „Vilja till forskning?“. EK-U samþykkti tillögu nefndarinnar um að ljúka beinum fjárveitingum til stofnananna frá og með 1. janúar 2017 og færa þá fjármuni til NordForsk. NordForsk mun sjá um að beina fjármunum til stofnananna og/eða samsvarandi eininga í gegnum samkeppnissjóð á grundvelli rannsóknargæða og samnorræns ávinnings. Einnig var ákveðið að á árunum 2014–2015 yrði NordForsk falið að gera úttektir á öllum samnorrænum rannsóknastofnunum, gæðum þeirra og mikilvægi, auk stefnumótunar um norrænar rannsóknar-áherslur til framtíðar.

Ísland tók þátt í norrænu samstarfsverkefni um uppbyggingu rafrænna innviða (NeGI) á árinu. Markmið verkefnisins er að hvetja til norrænnar samvinnu um rafræna innviði (eScience) með áherslu á rannsóknir og menntun. Vísindamenn hvaðanæva af Norðurlöndum geta sótt um styrki. Heildarfjárhagsrammi fyrir 2011–2015 er um 2,5 milljarðar íslenskra króna.

Í desember var norræn ráðstefna um rannsóknarinnviði (Joint Nordic Focus

on Research Infrastructures) haldin á vegum Vetenskapsrådet í Svíþjóð. Fjallað var um framtíð rannsóknarinnviða á Norðurlöndum og hvatt til aukinnar samvinnu landanna um uppbyggingu og fjármögnun þeirra. Ráðstefnuna sóttu fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytisins og RANNÍS.

Unnið hefur verið svonefnt „U-Map“-verkefni um lykiltölur háskóla og rannsóknarstofnana. Verkefnið var til tveggja ára og safnaði samræmdum lykiltölum háskóla og rannsóknarstofnana á Norðurlöndum. Allir íslensku háskólarnir sjö tóku virkan þátt í verkefninu og skiluðu inn gögnum um starfsemi sína og áherslur frá árinu 2010. Verkefnið tengist áformum mennta- og menningarmálaráðuneytis um kerfisbundna öflun lykiltalna um íslenska háskóla sem gerð er grein fyrir í viðaukum samninga um kennslu og rannsóknir háskóla 2012–2016.

## 9. Félags- og heilbrigðismál

### *Norræna ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S)*

Norrænt samstarf á sviði félags- og heilbrigðismála byggir á sameiginlegum gildum sem eru undirstaða norræna velferðarlíkansins.

Ráðherrarnir funduðu í Stokkhólmi í Svíþjóð dagana 10.–11. júní þar sem þeir ræddu hvornig þeir gætu í sameiningu tekið á úrlausnarefnum sem við blasa og tryggt sjálfbæra velferð og heilbrigði. Þeirra mat er að norrænu löndin geti náð meiri árangri ef þau hjálpast að við endurnýjun og þróun velferðarkerfanna og á fundinum var ýtt úr vör þriggja ára áætlun um sjálfbæra norræna velferð sem Norðurlandþjóðirnar munu vinna að sameiginlega.

Til að efla samstarfið enn frekar og gera það sem markvissast var framkvæmdastjóra NMR falið að kanna forsendur fyrir auknu norrænu samstarfi á sviði félags- og heilbrigðismála. Áætlað er að tillögur um samstarf liggi fyrir árið 2014.

Sjónum var sérstaklega beint að heilsu kvenna, einkum geðheilsu, mismun í veikindafjarvistum milli kynja og gildi þess að löndin vinni saman að því að skoða þessa þætti nánar. Einnig var rætt um þann ávinning sem löndin gætu haft af samstarfi varðandi velferðartækni og nýjar lausir til að mæta áskorunum í öldrunarþjónustu í framtíðinni.

Þá ræddu ráðherrarnir mikilvægi þess að finna lausnir á stjórnsýsluhindrunum til að auðvelda frjálsa för og varðveita félagslegt öryggisnet þegar flutt er milli landanna.

Tekin var ákvörðun um að Norræna lýðheilsuskólanum (NHV) verði lokað í árslok 2014 en að þrátt fyrir það skuli löndin eiga með sér metnaðar-



fullt samstarf á sviði lýðheilsu. Einnig ákváðu ráðherrarnir áherslur og starfs-svið nýs samstarfsráðs um málefni fólks með skerta getu.

#### *Norræna embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál (EK-S)*

Embættismannanefndin fundaði fimm sinnum á árinu og voru þrjár fundanna haldnir í Stokkhólmi og tveir í Kaupmannahöfn.

Á fundi í febrúar var m.a. samþykkt framkvæmdaáætlun fyrir norrænt samstarf á sviði félags- og heilbrigðismála árið 2013 og rætt um niðurstöðu úttektar á NHV, um tillögu að nýju samstarfsráði um málefni fólks með skerta getu og um samning við Norrænu tannlækningastofnunina (NIOM). Ákveðið var að skipa starfshóp til þriggja ára til að vinna tillögur varðandi bætt öryggi sjúklinga.

Á fundi í apríl var unnið að undirbúningi fyrir ráðherra fundinn í júní og vóg þar þyngst að undirbúa tillögur að ákvörðun ráðherranna um að leggja niður NHV og um áframhaldandi samstarf landanna á sviði lýðheilsu. Þá var rætt um skipan og verkefni norræna ráðsins um málefni fólks með skerta getu, um áframhaldandi samstarf varðandi upplýsingatækni á heilbrigðissviði, um samstarf við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland eftir að samstarfsverkefnum lýkur 2014, um svör til NR vegna tilmæla sem það hefur sent MR-S, um verkefnið „Sjálfbær norræn velferð“ og um skýrslu frá nefnd um áfengismál. Þá voru samþykktar tillögur að verklagi við gerð jafnréttismarkmiða fyrir störf nefndarinnar og rætt um alþjóðlegt samstarf á sviði heilbrigðis- og félagsmála.

Fundur var haldinn í EK-S í framhaldi af sumarfundi ráðherranna. Þar var farið yfir niðurstöður ráðherra fundarins og rætt hvernig fylgja skuli eftir ákvörðunum og hrinda áherslum ráðherranna í framkvæmd.

Á fundi EK-S í október var reynt að fá sem besta heildarsýn yfir stærstu verkefnin sem unnið er að og hvernig fjármunum sem MR-S hefur til ráðstöfunar sé best varið til verkefnanna. Þar var því rætt um NHV og þær breytingar sem það hefur í för með sér að loka skólanum, um verkefni Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar (NVC) og hvort umsjón með samstarfi landanna á sviði lýðheilsu ætti vel heima með verkefnum þar, um gagnsemi NIOM fyrir norræna samvinnu og einstök lönd og hvaða fjármuni væri eðlilegt að setja í það samstarf og um verkefnið um sjálfbæra norræna velferð.

Á fundi EK-S í nóvember var samþykkt verk- og tímaáætlun fyrir vinnu við að loka NHV og ákveðin næstu skref í undirbúningi að ákvörðun ráðherranna um framtíðarsamstarf landanna á sviði lýðheilsu. Rætt var um verkefni með það að markmiði að afnema stjórnsýsluhindranir, um NIOM og samning stofnunarinnar við MR-S og um tillögu eftirlitsnefndar um að fella úr gildi samning um norrænan vinnumarkað fyrir heilbrigðisstéttir og dýralækna. Þá var tekin ákvörðun um að vinna heildarúttekt á framkvæmd Norðurlandasamnings um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu og sam-

þykkt að ráðinn verði sérfræðingur til að vinna það verk með vinnuhópi um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu. Einnig var rætt um norræna ráðið um málefni fólks með skerta getu, um fjármál MR-S og Ísland kynnti megináherslur sínar á sviði heilbrigðis- og félagsmála á formennskuárinu.

### *Norrænn lýðheilsuháskóli*

Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV) er stofnun um æðri menntun og rannsóknir á sviði lýðheilsu og býður upp á nám fyrir fólk sem vinnur innan heilbrigðisþjónustunnar. Þaðan er hægt að ljúka meistara- og doktorsgráðu í lýðheilsufræðum. Skólinn hefur starfað í umboði NMR samkvæmt samningi en hann var stofnaður árið 1953 og átti því 60 ára afmæli á árinu.

Vegna breyttra aðstæðna í lýðheilsumenntun á Norðurlöndum á síðustu tveimur áratugum, þar sem formlegt nám í lýðheilsu hefur verið tekið upp við háskóla í öllum löndunum, ákvað ráðherranefndin árið 2012 að láta gera úttekt á rekstri og starfsemi skólans. Úttektin skyldi svara spurningum um hvernig skólinn gæti í framtíðinni skapað aukin verðmæti fyrir Norðurlönd á sviði menntunar og rannsókna í lýðheilsu og hvert framtíðarhlutverk skólans í samstarfi við aðrar menntastofnanir og stofnanir NMR á sama verkefnasviði gæti orðið. Niðurstöðum var skilað í október 2012 og á grundvelli þeirra ásamt afstöðu landanna ákvað embættismannanefndin í febrúar að leggja til að skólanum yrði lokað í árslok 2014 og að verkefni tengd rannsóknum og þekkingarmiðlun um lýðheilsu yrðu færð til NVC og NordForsk. Tillagan var samþykkt á fundi MR-S í júní og einnig á þingi NR í október.

Stjórn og starfsfólk skólans mun sjá um framkvæmd lokunarinnar í samræmi við aðgerðaáætlanir sem samþykktar hafa verið af EK-S og í nánu samstarfi við skrifstofu NMR.

### *Norræn lýðheilsuverðlaun*

Norrænu lýðheilsuverðlaunin árið 2013 hlaut Peter Bjerregaard, prófessor í heilbrigði á heimskautasvæðum, við Háskóla Suður-Danmerkur en hann gegnir einnig starfi við heilbrigðisráðuneytið í Grænlandi.

Verðlaunin hlýtur hann fyrir vinnuframlag sitt um áratuga skeið við að bæta heilsufar og styrkja lýðheilsu frumbyggja á norðurslóðum, sérstaklega á Grænlandi. Hann hefur stundað rannsóknir á heilsufari Grænlandinga og þróað og fylgt eftir lýðheilsuverkefnum þar. Þá hefur Peter Bjerregaard einnig stundað vísindarannsóknir á heilsufari inúíta á öllu norðurskautssvæðinu.

### *Norræn velferðarmiðstöð*

Markmiðin í starfi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar (NVC) eru að

styrkja samþættingu meðal hinna ýmsu hópa í samfélaginu, tryggja jafnrétti, félagslegan jöfnuð, jafnan aðgang og gæði við framkvæmd velferðarþjónustu.

Helstu verkefni á árinu voru:

- 1) *Stefna í velferðarmálum*: Málþing um snemmtæka íhlutun í málefni fjölskyldna í vanda voru haldin í Finnlandi, Álandseyjum, Noregi, Danmörku og Íslandi en samhliða var gefin út skýrsla um efnið. Efnt var til samstarfs um verkefni sem ber heitið „Búseta eldri borgara“. Markmið verkefnisins var að afla upplýsinga um búsetuáðstæður einstaklinga sem eru eldri en 80 ára. Fyrir liggur skýrsla um verkefnið þar sem fjallað er um stuðning við aldraða á heimilum sínum, hvernig staðið er að mati á stuðningsþörf, fyrirbyggjandi starfsemi sem og stefnur og strauma í þjónustu við aldraða.
- 2) *Málefni fatlaðs fólks* voru ofarlega á baugi á árinu og var horft til verkefna á sviði atvinnumála og pólitískra áherslna í þjónustu við fatlað fólk. Í atvinnumálum var áhersla á að kynna sérstaklega fyrirmyndarverklag við ráðningar á fötluðu fólki. Stofnaður var verkefnishópur þar sem fulltrúar landanna rýndu í pólitískar áherslur í málefnum fatlaðs fólks í hverju landi. Þessi vinna skóp grunninn að skýrslu um efnið.
- 3) *Rád um norrænt samstarf í málefnum fólks með skerta getu* tók til starfa á árinu og var NVC falið að sjá um umsýslu fyrir ráðið.
- 4) *Áfengis- og fíkniefnamál* eru mikilvægur þáttur í starfi miðstöðvarinnar en á þessu sviði var kynnt rannsóknaráætlun um stefnu í vímu-efnamálum, auk þess sem haldið var málþing um skaðleg áhrif áfengis á fjölskyldulíf og samfélag. Þá voru unnin ýmis rannsóknartengd verkefni í samstarfi norrænna rannsakenda.
- 5) *Velferðartækni* fær sífellt meira vægi í norrænu samstarfi. Haldinn var samráðsfundur sérfræðinga á þessu sviði og haldið málþing á vegum miðstöðvarinnar undir yfirskriftinni „Velferðartækni – lykillinn að starfi“. Þá var gefið út þemahefti um hvernig nota má velferðartækni í þjónustu við þá sem eru með langvarandi sjúkdóma eða fötlun.
- 6) *Samþætting á sviði atvinnumála* var stór þáttur í starfi miðstöðvarinnar. Verkefnishópur sem þróar þekkingargátt um brottfall nemenda úr framhaldsskólum var settur á fót á árinu. Einnig var efnt til samstarfs mismunandi fagstétta sem starfa á þessu sviði og unnið að gerð kynningarefnis um áhrif brottfalls á norræna nemendur og fjölskyldur þeirra.

#### *Norræn heilbrigðistöfræðinefnd*

Norræna heilbrigðistöfræðinefndin (NOMESKO) ber m.a. ábyrgð á því að samræma staðtölur á Norðurlöndum og að safna tölfræðilegum upplýsingum um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustu, sjúkdóma, dánarorsakir og tengda þætti. NOMESKO kemur niðurstöðum sínum á framfæri í árlegri

útgáfu af „Helsestatistik for de nordiske lande“ en einnig í sérútgáfum og upplýsingum sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar. Þá er gefin út árs-skýrsla um starfsemina.

Norræn miðstöð flokkunarkerfa í heilbrigðis- og velferðarþjónustu á í nánú samstarfi við NOMESKO og NordDRG (Diagnostic Related Groups) um val á flokkunarkerfum og gæðastarf. Miðstöðin er viðurkennt samstarfssetur við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina á sviði flokkunarkerfa (WHO-FIC) og hefur mikilvægu hlutverki að gegna við samræmingu skráningar á Norðurlöndum til stuðnings þróun NordDRG.

#### *Norræn hagskýrslunefnd*

Norræna hagskýrslunefndin (NOSOSKO) hélt í apríl fund með NOMESKO þar sem fjallað var um sameiginleg verkefni og hugsanlega skörun í starfi nefndanna. Í desember var einnig haldinn sameiginlegur fundur landsnefnda NOSOSKO og NOMESKO og er stefnt að því að halda sameiginlegan aðalfund næsta ár. Jafnhliða fundinum í desember var haldinn árlegur landsfundur NOSOSKO.

Árleg skýrsla, „Social trykhet i de nordiske lande 2011/2012“, kom út í rafrænu formi og er hana að finna á heimasíðu NOSOSKO. Út kom önnur útgáfa bókarinnar „Udfordringer for den nordiske velferdsstaten – sammenlignbare indikatorer“. Þá var unnið að þemahefti um veikindafjarvistir frá vinnu sem væntanlega mun koma út á árinu 2014.

#### *Norræn tannlækningastofnun*

Norræna tannlækningastofnunin (NIOM AS) er rannsókn- og þekkingarsetur sem er að mestu fjármagnað af norrænum fjárveitingum og flokkast undir svokallaðar samstarfsstofnanir MR-S. NIOM er í meirihluta-eigu UniRand AS sem er eignarhaldsfélag stofnana í eigu Oslóarháskóla en heilbrigðisráðuneytið í Noregi á einnig hlut í NIOM. Þótt Oslóarháskóli hafi meirihluta í stjórn, eiga hin norrænu löndin einnig fulltrúa með það að markmiði að samnorrænt yfirbragð stofnunarinnar og tenging haldist.

Ávinningur af starfsemi NIOM, með tilliti til þess hlutfalls norrænna fjármuna sem stofnunin fær borið saman við heildarfjárveitingar til félags- og heilbrigðismála, hefur verið til skoðunar undanfarið ár og hefur það haft áhrif á starfsemina.

Starfsemin var með svipuðu móti og undanfarið ár. NIOM hefur rannsakað og fylgst með gæðum og öryggi efna á norrænum markaði sem notuð eru til tannlækninga og dreift upplýsingunum til heilbrigðisyfirvalda, tannheilsustétta og almennings. Vísindamenn stofnunarinnar hafa gefið út fjölda vísindagreina sem birst hafa í alþjóðlegum fagtímaritum. Þá hafa gestavísindamenn hvaðanæva af Norðurlöndum þ.m.t. Íslandi starfað við stofnunina

og unnið að rannsóknum í samstarfi við sérfræðinga NIOM. Tannlæknadeild Háskóla Íslands hefur átt í góðu rannsóknarsamstarfi við stofnunina.

Vinna við norrænan gagnagrunn um tannfyllingarefni og önnur þau efni sem notuð eru við tannlækningar hefur haldið áfram. Á heimasíðu NIOM er nú að finna innihaldslýsingar, notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og þekktar hjáverkanir margra algengustu tannfyllingarefna.

Til að tryggja stöðugt upplýsingaflæði hefur stofnunin hafið útgáfu á mánaðarlegu fréttabréfi sem sent er til allra tannlækna á Norðurlöndum.

#### *Norrænt ráð um málefni fólks með skerta getu*

Hlutverk ráðsins er að vera ráðgefandi fyrir MR-S og vera til samráðs varðandi málefni sem varða fatlað fólk og fólk með skerta getu. Þá er ráðinu ætlað að vera samstarfs- og samræðugrundvöllur sérfræðinga og hagsmunasamtaka sem starfa á málefnasviðinu. Ráðið mun koma að þróun aðgerðaráætlunar í málefnum fólks með skerta getu og fatlanir og fylgja eftir þeim verkefnum sem hafin voru í tíð forvera ráðsins, NRH sem lagt var niður. Ráðið fundaði í fyrsta sinn í lok ársins en þá var hlutverk þess skilgreint betur og sett fram starfsáætlun fyrir árið 2014.

#### *Samningur um norrænan vinnumarkað fyrir heilbrigðisstéttir og dýralækna*

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðis- og dýralæknaþjónustunnar en hann á að auðvelda aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum.

Eftirlitsnefnd samningsins tekur saman upplýsingar um flutning heilbrigðisstarfsmanna milli norrænu landanna, svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum er undir samninginn heyra. Nefndin fylgist auk þess með framkvæmd á tilkynningarskyldu vegna sviptingar eða takmarkana starfsleyfa á Norðurlöndum.

Undanfarin ár hefur verið rætt um tilverugrundvöll samningsins þar sem hann hefur ekki fylgt þeim breytingum í menntun og heilbrigðisþjónustu sem átt hafa sér stað síðastliðin 20 ár, hann bjóði upp á mismunandi túlkun landanna á samningum og löndin hafi öll innleitt Evróputilskipun 2005/36/EG á þessu sviði. Hins vegar þykir miðlun upplýsinga milli norrænu landanna mikilvæg.

Á vorfundi nefndarinnar var ákveðið að leggja til við EK-S að samningurinn falli brott en að nefndin starfi áfram. Á haustfundi nefndarinnar var rætt nánar hvaða breytingar niðurfelling samningsins fæli í sér og jafnframt hvernig upplýsingamiðlun milli landanna gæti haldið áfram. Þá

var rætt um nýtt hlutverk nefndarinnar og unnið að fyrstu drögum að starfslýsingu.

#### *Norrænn vinnuhópur um heilbrigðisviðbúnað*

Samstarf um heilbrigðisviðbúnað byggist á samningi landanna frá 2002. Framkvæmd samningsins hefur verið í höndum vinnuhóps heilbrigðisyfirvalda á Norðurlöndum sem jafnan er nefndur Svalbarðshópurinn.

Á fundum hópsins var m.a. rætt um samvinnu hvað varðar kaup á bóluefnum og öðrum lyfjum vegna heilbrigðisógna.

Í byrjun september var haldin í Stokkhólmi árleg norræn ráðstefna um heilbrigðisviðbúnað. Meginumræðuefni ráðstefnunnar voru rýming sjúkrahúsa, sjúkraflug og viðbrögð vegna alvarlegra áverka á fólki en Svíar vinna að slíkri viðbragðsáætlun og lýstu eftir samstarfi við önnur norræn lönd. Gert er ráð fyrir að skýrsla um áætlunina liggi fyrir 2015. Þá var rætt um samstarf yfir landamæri á Norðurlöndum og þær hindranir sem gætu verið til staðar og einnig kynnt ný ráðgefandi stofnun í Svíþjóð, „Myndigheten för samhällsskydd och beredskap“.

#### *Norrænn vinnuhópur um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu*

Meginverkefni vinnuhópsins er að fylgjast með framkvæmd Norðurlandasamnings um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu. Fulltrúar í hópnum eru tengiliðir um framkvæmd samningsins bæði varðandi almenn atriði og einstök mál. Þá ber hópnum að meta hvort tilefni sé til breytinga á samningnum í framhaldi af breytingum á löggjöf í hverju landi eða í tengslum við aðrar reglur sem löndin hafa tekið ákvörðun um að fara eftir.

Á árinu 2012 fól EK-S vinnuhópnum að huga sérstaklega að stjórnsýsluhindrunum á eftirfarandi sviðum:

- Heimsending norrænna ríkisborgara sem sækja um fjárhagsaðstoð.
- Einstaklingsbundin aðstoð til þeirra sem þarfnast hjálpar við flutning til annars norræns lands.
- Ferðaþjónusta til einstaklinga sem eru hreyfihamlaðir.

Vinnuhópurinn fjallaði um framangreind atriði á fundi sínum í maí og skilaði stöðuskýrslu í september. Vinnuhópurinn telur enn fremur þörf á að vinna heildarúttekt á framkvæmd samningsins og samþykkti EK-S að ráðinn verði sérfræðingur til að vinna það verk með vinnuhópnum.

#### *Norrænn vinnuhópur um almannatryggingar*

Meginverkefni norræna vinnuhópsins um almannatryggingar er að fylgjast með sameiginlegum alþjóðlegum reglum og samningum um almanna-

tryggingar, þ.m.t. Norðurlandasamningnum um almannatryggingar og framkvæmd þeirra og meta þörf á breytingum. Þá fjallar hópurinn um mál tengd samstarfinu innan ESB og EES á sviði félagslegs öryggis og önnur sameiginleg mál um almannatryggingar. Hópurinn er ráðgefandi, fylgist með vandamálum sem tengjast réttindum þeirra sem fara milli norrænu landanna, svokölluðum stjórnsluhindrunum, og leggur til lausnir. Hann aðstoðar við að efla þekkingu á samningum og er ráðgefandi varðandi upplýsingagjöf og fræðslu á gildissviði samninganna.

Haldnir voru tveir fundir á árinu. Fjallað var um fullgildingu nýs Norðurlandasamnings um almannatryggingar sem undirritaður var árið 2012 og sem gert er ráð fyrir að taki gildi fyrri hluta árs 2014. Þá var fjallað um tryggingavernd námsmanna á Norðurlöndum. Ákveðið var að ekki verði gerðar sérstakar norrænar leiðbeiningar þar að lútandi og um ákvarðanir um bætur til bráðabirgða. Svarað var erindi NMR um réttarstöðu starfsmanna nefndarinnar í Rússlandi og fjallað um tryggingarvernd fjölskyldna starfsmanna sem eru sendir á vegum vinnuveitanda til tímabundinna starfa í öðru norrænu landi. Fjallað var um norrænu vefgáttina um almannatryggingar, kallað eftir skýrslu um framkvæmdina og framtíð vefgáttarinnar rædd. Tekið var saman yfirlit yfir reglubundið samstarf norrænna stofnana er annast framkvæmd Norðurlandasamningsins og samræmingarreglugerð EES-samningsins á sviði almannatrygginga og beitti hópurinn sér fyrir því að samstarf sem legið hafði niðri yrði tekið upp á ný. Fjallað var um undirbúning fyrir rafræna framkvæmd milli landanna og um væntanlegar breytingar á samræmingarreglugerðum EES-samningsins. Árið 2012 fól EK-S hópnunum að fjalla um tiltekna stjórnsluhindranir, aðallega flutning milli landa með farartæki ætluð fötluðum og tryggingavernd námsmanna og þeirra sem eru óvinnufærir að hluta og hefja hlutastörf. Skilaði hópurinn stöðuskýrslu og benti m.a. á að gildistaka samræmingarreglugerða EES-samningsins á sviði almannatrygginga og nýja Norðurlandasamningsins veiti möguleika á lausn margra hindrana. Hins vegar geti skapast mismunandi túlkánir í framkvæmd þar sem löggjöf í löndunum sé ólík og því sé gott samstarf milli framkvæmdastofnana landanna mikilvægt til að leysa úr og koma í veg fyrir frekari stjórnsluhindranir.

## 10. Atvinnumál, orkumál og byggðamál

Á vegum *norrænu ráðherranefndarinnar um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER)* eru starfandi þrjár embættismannanefndir, sem fjalla hver um sig um einn þriggja málaflokka ráðherranefndarinnar – atvinnumál, orkumál og byggðamál. Ráðherrafundi sem halda átti í Stokkhólmi 12. október var aflýst á síðustu stundu vegna forfalla en haldinn var fundur ráðuneytistjóra í staðinn.

Undir forystu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins hófst mikil vinna við að undirbúa, með fulltrúum annarra ráðuneyta, sameiginlegt verkefni sem sett var af stað í upphafi formennskuárs Íslands árið 2014. Verkefnið nefnist „Norræna lífhagkerfið“ (NordBio) en innan þess verður unnið að ýmsum verkefnum sem öll miða að frekari virðisauka fyrir umhverfi og samfélag. Verkefnið tengir vinnu allra embættismannanefnda MR-NER, allra embættismannanefnda MR-FJLS svo og MR-K og MR-U.<sup>6</sup>

### *Atvinnumál*

Á vettvangi *norrænu embættismannanefndarinnar um atvinnumál (EK-NE/Næring)* var starfað samkvæmt samstarfsáætlun um nýsköpun og atvinnustefnu fyrir árin 2011–2013 og kapp lagt á að ljúka þeim verkefnum sem áætluninni tilheyra. Einnig var unnið að gerð nýrrar samstarfsáætlunar fyrir tímabilið 2014–2017 sem hleypt var af stokkunum í upphafi formennskuárs Íslands. Haldin var fjölmenn ráðstefna í Stokkhólmi í byrjun árs undir forystu Svía þar sem fulltrúar atvinnulífs og stjórnvalda ræddu tækifæri í norrænu samstarfi og hvaða áherslur ný samstarfsáætlun ætti að fela í sér. Að lokinni undirbúningsvinnu vann nefndin að mótun nýrrar áætlunar og var hún samþykkt af ráðherrunum í október. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Ragnheiður Elín Árnadóttir, kynnti samstarfsáætlunina á þingi NR. Líkt og í fyrri áætlun verður áhersla lögð á svokölluð kyndilverkefni sem ætlað er að vera leiðarljós samstarfs norrænna atvinnumála- og nýsköpunaráðherra. Ákveðið var að ný áætlun og verkefni hennar leggi áherslu á frumkvöðla- starfsemi og nýsköpun, skapandi greinar og tækifæri þvert á atvinnugreinar, nýsköpun á sviði velferðarlausna og aðgerðir til eflingar græns hagvaxtar m.a. á sviði mannvirkjagerðar. Í ljósi þess að tímabil nýrrar samstarfsáætlunar spannar fjögur ár var áhersla lögð á að nefndin myndi taka frumkvæði að öðrum verkefnum til viðbótar ef ástæða þykir til. Verkefni á sviði ferðaþjónustu voru nefnd sérstaklega en fjöldi annarra verkefna eru unnin á vegum nefndarinnar.

Embættismannanefndin fundaði sex sinnum á árinu.

### *Norræna nýsköpunarmiðstöðin*

Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordic Innovation) stýrir verkefnum og áætlunum með það að markmiði að auka nýsköpun og viðskipti á Norðurlöndum. Hlutverk stofnunarinnar er einnig að innleiða stefnu ráðherranefndarinnar á sviði nýsköpunar og atvinnulífs. Öll verkefni stofnunarinnar skulu fela í sér virðisauka fyrir norrænt atvinnulíf og stuðla að nýsköpunarsamstarfi. Jafnframt er það stefna norræns samstarfs í nýsköpunar- og atvinnumálum að Norðurlönd séu framverðir sjálfbærs vaxtar í alþjóðlegu

<sup>6</sup> Sjá nánar um „Norræna lífhagkerfið“ á bls. 10.



samhengi og hlutverk nýsköpunarmiðstöðvarinnar er að styðja við þá framtíðarsýn. Stofnuninni er einnig ætlað að styrkja ímynd norrænnar nýsköpunar, atvinnulífs og fyrirtækja.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin sinnir verkefnum sem varða landamærahindranir en meðal verkefna er „Grenseløst nordisk næringsliv“ þar sem unnið er að því að fella niður viðskiptahindranir innan Norðurlanda. Stofnunin gegnir einnig viðamiklu hlutverki við framkvæmd kyndilverkefna sem unnið er að undir samstarfsáætlun á sviði nýsköpunar og atvinnumála 2014–2017. Þar fer Ísland með formennsku í verkefni sem lýtur að frumkvöðlastarfi og fjármögnun sprotafyrirtækja. Meðal annarra áhersluverkefna samstarfsáætlunarinnar eru kyndilverkefni á sviði græns hagvaxtar, nýsköpunar í velferðarmálum og á sviði skapandi greina.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin vinnur einnig að stuðningsverkefnum sem felast í samkeppnisstyrkjum til þróunarverkefna á sérstökum áherslusviðum. Meðal verkefna af þessu tagi má nefna „The Nordic region as a frontrunner in innovation procurement in the health sector“ sem hefst snemma árs 2014, en verkefnið er hluti af stærri áætlun um aukna nýsköpun á sviði norrænnar velferðar. Annað verkefni á sviði heilbrigðis- og velferðarþjónustu er „Challenge competition within health and welfare“ sem verið er að hleypa af stokkunum í samstarfi við norrænu höfuðborgirnar. Þar er um nýja aðferðafræði að ræða við nýsköpun í opinberum rekstri þar sem byggt er á árangursríkum fordæmum frá Bretlandi. Einnig ber að nefna verkefnið „Nordic Built“ sem hvetur til sjálfbærrar þróunar í norrænum byggingariðnaði. Norræna nýsköpunarmiðstöðin hefur ásamt öðrum norrænum stofnunum lagt verulega vinnu í framkvæmd verkefna sem falla undir svonefnt öndvegisrannsóknaverkefni sem er yfirgripsmikil rannsókn- og nýsköpunaráætlun NMR. Meðal stærri verkefna þar sem íslensk fyrirtæki og stofnanir hafa tekið mjög virkan þátt er „Innovation in the Marine Sector“, sem stuðlar að nýsköpun í sjávarútvegi, en Íslendingar taka þátt í öllum fjórtán verkefnum áætlunarinnar.

Skrifstofa stofnunarinnar er í Osló en starfsmenn eru 25, þar af tveir frá Íslandi. Á heimasíðu stofnunarinnar má nálgast upplýsingar um verkefni, ráðstefnur, skýrslur og margt fleira sem nýtist til að efla nýsköpun á Norðurlöndum.

### **Orkumál**

Markmið norræns samstarfs um orkumál er skýrt. Það á að stuðla að áreiðanlegu og öruggu framboði á orku, sjálfbærum hagvexti og velferð í þágu íbúa landanna og að takast á við áskoranir á sviði loftslags- og umhverfismála. Samstarfið á einnig að greiða fyrir markaðssetningu norrænnar sérþekkingar á sviði orkumála á alþjóðavettvangi.

*Norræna embættismannanefndin um orkumál (EK-NE/Energi)* starfaði samkvæmt samstarfsáætlun um norrænt orkusamstarf fyrir árin 2010–2013.

Á árinu var lögð fram ný samstarfsáætlun fyrir árin 2014–2017 sem samþykkt var af orkuráðherrunum. Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, mælti fyrir áætluninni á þingi NR í október.

Í áætluninni er stefnan sett fram í fimm meginköflum sem fjalla um norræna raforkumarkaðinn, endurnýjanlega orku, orkunýtni og orkusparnað og orkurannsóknir. Sjötti kaflinn fjallar um þverfagleg efni, og ber þar helst að nefna orkumál samgangna, alþjóðlegt samstarf um orkumál og sjálfbæra orkuöflun á dreifbýlum svæðum.

Starfandi eru þrír vinnuhópar á vegum embættismannanefndarinnar og fjalla þeir um norræna raforkumarkaðinn, endurnýjanlega orku og orkusparnað og endurspeglja vinnuhóparnir áherslurnar í starfinu. Íslendingar hafa ekki haft tök á að starfa með virkum hætti í öllum verkefnum vinnuhópanna en hafa tekið þátt í einstaka verkefnum.

Embættismannanefndin tók virkan þátt í stefnumótunarvinnu Norræna orkurannsókna (NEF) en á fundi orkuráðherranna í Hell árið 2012 var samþykkt að gera úttekt á starfsemi stofnunarinnar. Niðurstöður munu liggja fyrir snemma á árinu 2014.

Embættismannanefndin sinnti einnig verkefnum varðandi áherslur forsætisráðherranna um grænan vöxt og má þar nefna verkefni um markaðseftirlit á orkutengdum vörum, sem gengur undir nafninu Nordsy.

Embættismannanefndin um orkumál fundaði fimm sinnum á árinu.

### *Norrænar orkurannsóknir*

Hlutverk Norræna orkurannsókna (NEF) er að stuðla að rannsóknum og nýsköpun á sviði orkumála, með því að styðja við þróun á nýjum tæknilausnum og nýjum orkukerfum. Leitast er við að efla samvinnu sérfræðinga og vísindamanna á Norðurlöndum og auka tengsl við iðnaðinn. Stofnunin er með skrifstofu í Osló og eru starfsmenn alls tíu talsins, þar af einn Íslendingur.

Á núverandi fjögurra ára styrktartímabili fyrir rannsóknarverkefni (2011–2014), sem gengur undir heitinu „Sustainable Energy Systems 2050“, bárust alls 90 umsóknir. Þar af voru 29 verkefni með íslenskri þátttöku. Samtals voru tíu verkefni styrkt, þar af þrjú með þátttöku Íslendinga.

Íslensku verkefnin í þeim flokki eru eftirfarandi: „CO<sub>2</sub> Electrofuels“ sem m.a. skoðar hvaða áhrif ný rafgreiningartækni við framleiðslu á vetni hafi á hagkvæmni þess að framleiða eldsneyti úr kolsýru; „Nordic Initiative for Solar Fuel Development“ sem gengur út á að þróa aðferðir til að binda CO<sub>2</sub> úr lofti og afoxa það í metanól eða metan og verkefnið „Smart Transmission Grid Operation and Control“, kallað STRONgrid, sem m.a. felst í samvinnu norræna háskólastofnana og flutningsfyrirtækja raforku um myndun norræns rannsóknaklasa. Beita á nútímataekni og -aðferðum við vöktun og

stýringu flutningskerfanna þannig að hefðbundin flutningskerfi verði meira í ætt við „Smart Grid“.

Til viðbótar við áður nefnd verkefni var fram haldið vinnu við verkefni í floknum „Orka og samgöngur“ sem íslenskir aðilar taka einnig þátt í. Því verkefni lýkur formlega í lok mars 2014. Einnig var áfram unnið að undir-áætlunum öndvegisrannsóknaráætlunarinnar, „Top-level Research Initiative“, í samstarfi við systurstofnanirnar í Osló, Norrænu nýsköpunarmiðstöðina og NordForsk, en því lýkur í lok ársins 2014.

Haldin var ráðstefna á Íslandi í febrúar í tilefni útgáfu á skýrslunni „Nordic Energy Technology Perspectives – NETP“. Sambærileg ráðstefna var haldin í hinum norrænu löndunum. Var þetta samstarfsverkefni milli NEF og Alþjóða orkustofnunarinnar (IEA) og lýsir hvernig norrænu löndin geti uppfyllt markmið sín og náð jafnvægi í útblæstri kolefnis fyrir árið 2050. Í júní var jafnframt haldinn vinnufundur, „The Nordic Energy Way Arena“, í Danmörku með hagsmunaaðilum og sérfræðingum, þar sem unnið var áfram með niðurstöður fyrrgreindrar skýrslu.

Heildarframlag til NEF af norrænum fjárlögum á árinu voru rúmar 7,3 milljónir norskra króna og framlag landanna beint tæpar 32 milljónir norskra króna, þar af var framlag Íslands tæpar 224 þúsund norskra króna. Á árinu fór fram stefnumótunarvinna um hlutverk NEF og mun sú vinna halda áfram árið 2014.

Á heimasíðu stofnunarinnar má nálgast frekari upplýsingar um öll verkefni sem hér hafa verið nefnd auk upplýsinga um ráðstefnur, skýrslur og margt fleira er tengist orkumálum á Norðurlöndum og á alþjóðlegum vettvangi.

### **Byggðamál**

Í upphafi árs var kynnt ný samstarfsáætlun fyrir árin 2013–2016 en samkvæmt henni starfar *norræna embættismannanefndin um byggðamál (EK-R)*. Aðaláherslur formennskuáætlunar Svía voru að ýta úr vör vinnu samkvæmt nýju samstarfsáætluninni. Áfram var unnið að verkefni um hvernig tekist skal á við lýðfræðileg vandamál tengd íbúapróun eins og fækkun íbúa almennt, fækkun kvenna sérstaklega, fjölgun aldraðra, fækkun barna og afleiðingar alls þessa á búsetuskilyrði. Í tengslum við verkefnið eru veittir styrkir til nýsköpunarverkefna, stað- eða svæðisbundinna, sem beinast að því að takast á við lýðfræðileg vandamál, samstarf landanna um tölfræði tengda landamærasvæðum, fjármögnun landamærasvæða samstarfsins og málefni Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda.

Eins og síðustu ár var áherslum samstarfsáætlunarinnar fylgt eftir í gegnum starf fjögurra vinnunefnda á vegum EK-R. Þær hafa allar gert starfsáætlanir sem ná yfir sama tímabil og samstarfsáætlunin. Á síðari hluta ársins

var ákvörðun tekin um að Íslendingar tækju þátt í störfum vinnunefndanna eftir því sem aðstæður leyfðu.

Unnið var að því að meta starf og framtíð Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda. Ráðgjafarfyrirtæki var fengið til að gera úttekt á starfsemi og skilaði það niðurstöðum sínum síðla árs. Eftir er að taka endanlega ákvörðun um hvort og þá hvaða breytingar verða gerðar á starfi sjóðsins.

Svæðisbundið samstarf var styrkt á tíu svæðum á Norðurlöndum sem er einu færra en 2012 en þar við bætist Norræna Atlantssamstarfið (NORA). Við úthlutun fjár til svæðisbundins samstarfs er unnið eftir nýjum úthlutunarreglum. Vegna hagræðingarkröfu þarf að skera niður fjárframlög til svæðisbundna samstarfsins á árunum 2014 og 2015. Fyrstu hugmyndir fólu í sér meiri niðurskurð til NORA en annarra svæða. Horfið var frá því og verður niðurskurðurinn sá sami í prósentum til allra svæðanna, eða 8%, fram til 2015.

Embættismannanefndin hafði til ráðstöfunar rúmar 17 milljónir danskra króna, auk þeirra fjármuna sem renna til Norrænu rannsóknastofnunarinnar í skipulags- og byggðamálum (Nordregio) samkvæmt samningi. Af þessari fjárhæð fara 9,5 milljónir danskra króna til annarra landamærasvæða en NORA er á sér fjárlagalið.

Stærstu verkefni á vegum EK-R á árinu voru:

- Lýðfræðiverkefni um íbúabróun sem fékk stærstu fjárveitinguna eða 4 milljónir danskra króna. Auglýst er eftir umsóknum um styrki til verkefna sem eiga að leysa verkefni þessu tengd.
- Vinnunefndirnar sem fengu fjárveitingu upp á 2,6 milljónir danskra króna.

Embættismannanefndin átti sem fyrr náðið samstarf við Nordregio en unnið var eftir samstarfssamningi sem nær til áranna 2013–2015.

#### *Norræna rannsóknastofnunin í skipulags- og byggðamálum*

Hlutverk norrænu rannsóknastofnunarinnar í skipulags- og byggðamálum (Nordregio) er að stunda rannsóknir á sviði skipulags- og byggðamála ásamt því að þróa og miðla þekkingu á þessum sviðum til viðeigandi stofnana á Norðurlöndum. Á hverju ári er unnið að 60-80 rannsóknarverkefnum, þar sem áhersla er lögð á málefni norðursins í norrænu og evrópsku samhengi.

Nýr framkvæmdastjóri, Kjell Nilsson, hóf störf á árinu með því að ferðast til norrænu höfuðborganna og kynna starfsemi Nordregio fyrir starfsmönnum ráðuneyta, stofnana og háskóla á sviði skipulags- og byggðamála. Auk þess skipulagði Nordregio í samstarfi við atvinnumálaráðuneytið í Svíþjóð, NMR og EK-R ásamt Reglab í Svíþjóð ráðstefnuna „Nordregio Forum on Regional Policy and Development“ í tengslum við fund í Stokkhólmi í október.

Markmiðið var að kynna mikilvægar rannsóknarniðurstöður Nordregio og hagnýt verkefni, sem hafa náð árangri á sviði svæðisþróunar og skipulagsmála, fyrir stjórnáráðgjöf og embættismönnum á Norðurlöndum. Næsta „Nordregio Forum“-ráðstefna verður á Íslandi árið 2014.

Á árinu störfuðu hjá stofnuninni 31 einstaklingar, þ.e. 16 konur og 15 karlar. Enginn Íslendingur var þeirra á meðal.

Í stjórn eru aðalfulltrúar frá norrænu ríkjunum fimm og áheyrnarfulltrúar frá Færeyjum, Álandseyjum og Grænlandi.

Reksturinn var í jafnvægi á árinu þrátt fyrir niðurskurð á fjárframlögum NMR. Núverandi samningur við NMR gildir fyrir tímabilið 2013–2015. Samkvæmt samningum á grunnframlag NMR að fjármagna um 35% af veltu Nordregio. Stofnunin þarf vegna niðurskurðar á því framlagi að reiða sig í meira mæli en áður á öflun verkefnastyrkja frá stofnunum og rannsóknarsjóðum ESB og á Norðurlöndum til að fjármagna starfsemina að öðru leyti.

Heimasíða Nordregio er nú ein helsta fréttaveita stofnunarinnar. Á síðunni eru aðgengilegar allar rannsóknarskýrslur sem stofnunin hefur tekið þátt í að vinna og hægt að nálgast kort og önnur tölfræðigögn stofnunarinnar ásamt upplýsingum um viðburði. Fréttabréfið „Nordregio News“ er þar aðgengilegt en fimm tölublöð komu út á árinu. Auk þess er þar að finna rafræna tímaritið „European Journal of Spatial Development“.

### *Norræna Atlantssamstarfið*

Norræna Atlantssamstarfið (NORA) er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs og er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Aðalskrifstofan er í Þórshöfn í Færeyjum en Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu á Íslandi. Ísland á þrjá fulltrúa í nefndinni en atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið á fulltrúa í framkvæmdastjórninni. Aðildarlöndin skiptast á um formennsku, ár í senn, og tóku Grænlendingar við formennsku af Færeyingum á ársfundi NORA sem var haldinn í Þórshöfn í Færeyjum. Stærstur hluti tekna NORA á árinu var af norrænum fjárlögum eða rúmar 6,8 milljónir danskra króna. Árlegt framlag aðildarlandanna var að heildarfjárhæð 1,7 milljónir danskra króna, þar af 500 þúsund danskra króna af Íslands hálfu. Að auki fær NORA lítilsháttar framlag frá færeysku landstjórninni og frá Lánasjóði Vestur-Norðurlanda.

NORA leggur áherslu á samstarf innan svæðisins, á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum og á nýsköpun og sjálfbæra þróun. NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi atvinnulífs, einstaklinga og stofnana á milli landanna. Það er gert með því að styrkja nýsköpun á sviði sjávarútvegs og auðlinda hafsins, þróun atvinnutækifæra á sviði ferðaþjónustu, landbúnaðar og orku-

mála og verkefni á sviði upplýsingatækni, fjarskipta, samgangna og flutninga, m.a. með það að markmiði að sigrast á fjarlægðum. Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500 þúsundum danskra króna á ári. Að hámarki er greitt fyrir 50% af heildarkostnaði verkefnis og skilyrði er að um samstarfsverkefni á milli NORA-landanna sé að ræða.

Tvívegis var úthlutað verkefnastyrkjum, í júní og desember. Alls bárust 73 umsóknir á árinu. Úthlutað var rúmum 5,5 milljónum danskra króna í verkefnastyrki, tólf verkefni hlutu styrki á árinu og eru Íslendingar þátttakendur í ellefu þeirra. Íslensk þátttaka í verkefnum er alla jafna um 70-90%. Á heimasíðu NORA er að finna yfirlit yfir ný og eldri verkefni.

NORA leggur áherslu á sýnileika starfsins, m.a. með upplýsingum á internetinu. Á árinu var opnuð upplýsingasíða tengd heimasíðunni þar sem birtast fréttir af öllu svæðinu og margvísleg tölfræðigögn. Undanfarin ár hefur NORA unnið að því að efla samstarf við nágretta Norðurlanda til vesturs með því að styrkja verkefni þar sem um samstarf NORA-landanna við Kanada og skosku eyjarnar er að ræða. Er þetta í samræmi við stefnu og óskir NMR og NR.

Í nóvember var svæðaráðstefna NORA haldin í Kaupmannahöfn og var efni ráðstefnunnar fjölmiðlar á norðurskautssvæðinu og umfjöllun um svæðið í fjölmiðlum. Í tengslum við ráðstefnuna var birt ný yfirlýsing og tillaga að hugmyndasmiðju sem sett var á fót í kjölfar svæðagreiningar OECD á NORA-svæðinu árið 2011. Lagði hugmyndasmiðjan til að sett verði á fót fréttastofa í samstarfi fréttamiðla á NORA-svæðinu. Einnig var unnið að því að koma á fót þverfaglegu háskólanámi í NORA-löndunum, í samræmi við tillögu hugmyndasmiðjunnar frá árinu 2012.

## 11. Umhverfismál

Ný norræn framkvæmdaáætlun í umhverfismálum öðlaðist gildi 1. janúar 2013 en norrænu umhverfisráðherrarnir leggja línurnar fyrir slíkar áætlanir á fjögurra til sex ára fresti. Framkvæmdaáætlun í umhverfismálum er stjórnþæki í starfi *norrænu ráðherranefndarinnar um umhverfismál (MR-M)*. Framkvæmdaáætlunin gildir til ársloka 2018. Hún er samin með hliðsjón af þeim viðfangsefnum sem við blasa og ber að líta á hana sem eitt af mörgum tækjum til að hrinda í framkvæmd norrænni stefnumótun um sjálfbæra þróun. Í þeim verkefnum sem unnið er að er lögð áhersla á sérkenni norrænna samfélaga m.a. hvað varðar auðlindastjórnun. Jafnframt er sjónum beint að fámennum samfélögum í dreifbýli þar sem oft þarf að leita annarra lausna í umhverfismálum en í þéttbýli og stórborgum. Eftirtaldir málaflokkar eru í forgangi:

- Græn samfélagsþróun með áherslu á sjálfbæra neyslu og framleiðslu, auðlindanýtni og bættu meðferð úrgangs.
- Loftslagsbreytingar og mengun andrúmslofts.
- Líffræðileg fjölbreytni og þjónusta vistkerfa með áherslu á lífríki hafs og súrnun sjávar, vistkerfi á landi og tengsl líffræðilegrar fjölbreytni og loftslagsbreytinga.
- Efni og efnavörur með áherslu á að draga úr skaðsemi slíkra efna fyrir heilsu fólks og umhverfi.

Norrænt samstarf um umhverfismál fylgir grunnreglunni um norræna nytsemi og virðisauka og vinna löndin því saman að málum þar sem vænta má að þau nái betri árangri saman en hvert fyrir sig. Með samstarfinu er leitað aðferða og lausna til að bæta umhverfi og vernda náttúru á Norðurlöndum. Oftar en ekki nýtast niðurstöður úr norrænu samstarfi einnig sem framlag Norðurlanda í alþjóðlegu samstarfi um umhverfismál. Þannig skapast samlegðaráhrif og leiðir opnast til að koma norrænum áherslum á framfæri m.a. innan ramma EES-samningsins og á vettvangi Norðurskautsráðsins (AC) og Sameinuðu þjóðanna. Umhverfismálin eru viðamikill þáttur EES-samningsins og náin samvinna norrænna sérfræðinga um útfærslur og innihald ýmissa gerða er afar þýðingarmikil. Með þátttöku í norrænu samstarfi myndast kynni milli starfsfólks í stjórnsýslunni hér á landi og samstarfsfólks í stofnunum og ráðuneytum annars staðar á Norðurlöndum. Slík kynni veita íslenskum starfsmönnum ómetanlegan aðgang að upplýsingum og aðstoð, t.d. hvað varðar innleiðingu og framkvæmd EB-gerða sem falla undir EES-samninginn. Þessi tengsl koma einnig að góðu gagni í alþjóðlegum samningaviðræðum og við innleiðingu og framkvæmd alþjóðlegra samninga um umhverfismál. Þegar rætt er um norrænt samstarf og gildi þess almennt eru norræna umhverfismerkið Svanurinn og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) gjarnan nefnd sem dæmi um góðan árangur af norrænni samvinnu. Umhverfissamstarfið hefur rúmlega 40 milljónir danskra króna til ráðstöfunar fyrir starfsemi sína á ári hverju.

#### *Norræna ráðherranefndin um umhverfismál (MR-M)*

Norrænu umhverfisráðherrarnir hafa með sér tvo formlega fundi á ári og hefð er fyrir því að þeir hittist á óformlegum fundum í tengslum við alþjóðlega fundi til að ræða sameiginleg hagsmunamál sem tengjast efni viðkomandi fundar.

Af hálfu Íslands lagði Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, áherslu á málefni norðurslóða og mikilvægi þess að tryggja sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og vernd viðkvæmrar náttúru, samhliða því að örva hagvöxt og hagsæld íbúanna á svæðinu. Ráðherrarnir ræddu einnig um loftslagsmál og undirbúning fyrir loftslagsfundinn sem fram fór í Varsjá í nóvember. Umhverfis- og auðlindaráðherra benti sérstaklega á mikilvægi þess að styrkja vitund hins almenna borgara um mikilvægi loftslagsmála

og í því sambandi nauðsyn þess að miðla upplýsingum til allra aldurshópa í samfélaginu á máli sem er skiljanlegt flestum. Málefni hafsins voru einnig til umræðu og tilkynnti umhverfis- og auðlindaráðherra að Ísland myndi á formennskuári sínu 2014 efna til ráðstefnu um rusl í hafi.

#### *Norræna embættismannanefndin um umhverfismál (EK-M)*

Norræna embættismannanefndin og vinnunefnd sem starfar á hennar vegum hafa það hlutverk að undirbúa fundi ráðherranna og fylgja eftir ákvörðunum og öðrum verkefnum sem ráðherrarnir fela þeim.

#### *Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)*

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) heyrir undir MR-M.<sup>7</sup>

#### *Norrænir vinnuhópar um umhverfismál*

Á vegum umhverfisráðherranna starfa vinnuhópar sem í eiga sæti fulltrúar landanna, oftast sérfræðingar í umhverfisráðuneytum eða stofnunum þeirra. Vinnuhópunum er ætlað að fylgja eftir áætlunum sem í gildi eru á hverjum tíma og bregðast við beiðnum frá ráðherrunum. Um getur verið að ræða greiningar á tilteknum málum en algengast er að niðurstöður og tillögur vinnuhópa birtist í skýrslum sem NMR gefur út. Skýrslurnar varpa ljósi á tiltekin málefni og vandamál og nýtast við stefnumótun í löndunum og í alþjóðastarfi, m.a. í alþjóðlegum samningaviðræðum. Efnt er til funda og ráðstefna í því skyni að fjalla um málefni sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Mörg dæmi er að finna um að Norðurlönd hafi haft forystu um tiltekin umhverfismál á alþjóðavettvangi og tekist að ryðja brautina fyrir nauðsynlegar endurbætur. Má í því sambandi m.a. nefna nýgerðan samning um takmarkanir á notkun kvikasilfurs og reglur um meðferð þess. Samningurinn er mjög mikilvægur fyrir Ísland sem fiskveiðiljóð en þorri þeirrar kvikasilfursmengunar sem hingað berst kemur frá fjarlægum löndum. Á samningafundum um loftslagsmál hafa Norðurlönd tekið forystu og beint sjónum að nýjum leiðum og aðferðum til að stuðla að því að ríki heims geti staðið við þær skuldbindingar sem þau munu verða að taka á sig. Hver vinnuhópur hefur allmörg verkefni á sinni könnu en einnig er algengt að vinnuhóparnir vinni saman að tilteknum verkefnum og undirstrikar það hið þverfaglega eðli umhverfismálanna.

#### *1) Vinnuhópur um loftgæði og loftslagsmál*

Meginmarkmiðið með starfi hópsins er að varpa ljósi á loftslagsbreytingar og hvernig megi koma í veg fyrir að mengandi efni í andrúmsloftinu skaði umhverfi og heilsu fólks. Í starfi sínu leggur hópurinn

<sup>7</sup> Sjá nánar um Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið á bls. 77.



áherslu á að niðurstöður verkefna nýtist bæði sérfræðingum og stjórn-  
málamönnum á Norðurlöndum en styrki jafnframt samningsstöðu  
Norðurlanda um þessi mál á alþjóðavettvangi. Meðal mikilvægra  
verkefna hópsins má nefna samstarfsverkefni við AC sem fjallar um  
skammvinna loftslagsspilla og áhrif þeirra á hlýnun jarðar. Annað  
verkefni sem er sérlega mikilvægt fyrir Ísland snýst um að kortleggja  
hæð jökla í Noregi, Íslandi og á Grænlandi og breytingar á henni með  
það fyrir augum að auka skilning á þýðingu jökla hvað varðar lofts-  
lagsbreytingar.

2) *Vinnuhópur um málefni hafsins*

Eitt af markmiðum vinnuhópsins er að safna upplýsingum og greina  
ástand norrænna hafsvæða í því skyni að styrkja stöðu Norðurlanda  
í svæðisbundnum og alþjóðlegum samningaviðræðum um málefni  
hafsins; einnig að stuðla að sjálfbærri nýtingu hafsins og að því að  
vistkerfi norrænna hafsvæða sé í góðu ásigkomulagi. Í starfi sínu  
tekur hópurinn tillit til mismunandi ástands norrænna hafsvæða. Í  
Eystrasaltinu beinast sjónir manna fyrst og fremst að ofauðgun og  
annarri mengun vegna umsvifa og athafna mannsins. Á hafsvæð-  
unum í norðri og norðvestri er áhersla lögð á samspil hafsins og lofts-  
lagsbreytinga, m.a. hvað varðar súrnun hafsins og þær hættur sem  
hafsvæðinu stafar af auknum siglingum og aukinni ásókn í nýtingu  
náttúruauðlinda á svæðinu. Á árinu var m.a. efnt til alþjóðlegrar ráð-  
stefnu um súrnun hafs á norðurslóðum og jafnframt var gerð stutt  
heimildarmynd (Arctic Ocean Acidification 2013). Verkefni sem miða  
að því að draga úr súrnun hafs á norðurslóðum eru afar mikilvæg fyrir  
Ísland.

3) *Vinnuhópur um vistkerfi á landi*

Meginmarkmið með starfi hópsins er að draga úr og stöðva hnignun  
vistkerfa í náttúrunni og þar með stuðla að heilbrigðum vistkerfum  
sem geta veitt nauðsynlega þjónustu. Hópurinn vinnur að verkefnum  
sem tengjast líffræðilegri fjölbreytni, útilífi og menningarlandslagi.  
Á árinu var unnið að verkefnum þar sem votlendi er í brennidepli  
og hvernig draga má úr losun gróðurhúsalofttegunda í andrúms-  
loftið. Einnig var unnið að verkefni um umhverfis- og sjálfbærni-  
vottun fyrir áfangastaði ferðamanna í dreifbýlum og fámennum  
sveitarfélögum. Niðurstöður verkefnisins voru birtar í skýrslunni  
„Hållbarhetscertifiering av turistdestinationer“. Eitt verkefni hópsins  
fjallaði um tengsl loftslagsbreytinga og áhrif þeirra á líffræðilega  
fjölbreytni og menningarlandslag og ýtt var úr vör verkefni sem hefur  
það markmið að safna og þróa góð dæmi um fræðslu og leiðsögn  
fyrir börn í þjóðgördum og á friðlýstum svæðum. Út kom skýrslan  
„Landskap i kommuneplanering - Det nya energylandskapet“ um  
norrænt málþing um landslag sem haldið var á Íslandi sumarið 2012.

4) *Vinnuhópur um efni*

Meginmarkmiðið með starfi hópsins er að draga úr áhrifum efna á

heilsu og umhverfi og lágmarka álag á umhverfið við losun og förgun slíkra efna. Á vegum hópsins starfa tólf faghópar þar sem eftirtaldir þrír málaflokkar eru í forgangi: Áhrif efna á heilsu og umhverfi, efni sem flokkast sem sérlega varasöm og þróun aðferða til að forgangsraða og hafa eftirlit með slíkum efnum. Helstu verkefni hópsins á árinu snerust um efni í neytendavörum, nanóefni og greiningar á efnum sem skaða heilsu fólks og umhverfi. Sérstök áhersla var lögð á að greina hormónatruflandi efni og kokteíláhrif sem þau geta haft í för með sér. Hópurinn hefur í áranna rás þróað gagnagrunna með upplýsingum um áhættu við notkun fjölda varasamra efna. Gagnagrunnarnir hafa náð mikilli útbreiðslu og eru m.a. notaðir í OECD og á vettvangi ESB. Þá er unnið að verkefni sem beinist að því að greina íblöndun efna í textíl- og fataiðnaði og er ætlunin að tengja það norrænu verkefni sem Hönnunarmiðstöð Íslands tekur þátt í. Öll norrænu löndin falla undir efnalöggjöf ESB og nýtist starfið í þessum hópi til að leita lausna við að innleiða Evrópulöggjöf sem er umfangsmikil og flókin.

5) *Vinnuhópur um úrgang*

Starf hópsins miðar að grænni samfélagsþróun, aukinni auðlindanýtni, forvörnum gegn myndun úrgangs og frekari endurnýtingu og endurvinnslu. Í umræðu um umhverfismál beinast sjónir manna í æ ríkara mæli að því að þróa leiðir til að fyrirbyggja og draga úr úrgangi og líta frekar á úrgang sem auðlind. Á árinu vann hópurinn að stórum verkefnum um plastúrgang og úrgang frá textíl- og fataiðnaði. Varðandi textíl- og fataiðnaðinn ráðgerir hópurinn að setja saman leiðbeiningar til hönnuða, kaupmanna og hönnunarskóla í því skyni að vekja athygli á og leiðbeina um hvernig unnt er að framleiða vörur án hættulegra efna þannig að hægt sé að endurnýta þær. Einnig var unnið að verkefni til að draga úr sóun matvæla. Þá vann hópurinn að verkefnum sem tengjast rammatilskipun ESB um úrgang en tilskipunin er hluti af EES-samningnum. Á vegum hópsins starfa sex faghópar þar sem m.a. er lögð áhersla á forvarnir gegn úrgangi, raftækjaúrgang og meðferð hans, flutning úrgangs milli landa og endurvinnslu.

6) *Vinnuhópur um sjálfbæra neyslu og framleiðslu*

Markmiðið með starfi hópsins er að stuðla að neyslu og framleiðslu sem virðir þolmörk náttúrunnar og stuðlar að sjálfbærri nýtingu auðlinda og bættri auðlindanýtni. Unnið er að verkefnum um vistvæn opinber innkaup. Markmiðið er að auka hlut vistvænna innkaupa hjá hinu opinbera á Norðurlöndum en vistvæn innkaup ryðja brautina fyrir nýsköpun, menntun og ný atvinnutækifæri, ekki síst á sviði umhverfistækni. Einnig er unnið að verkefnum sem miða að því að miðla bestu fánlegu tækni í ýmsum framleiðsluferlum. Nokkur verkefni hópsins snúast um umhverfislausnir í fámennum og dreifbýlum samfélögum og umhverfisstjórnun í smáum og meðalstórum

fyrirtækjum. Verkefni af þessu tagi eru gagnleg fyrir Ísland þar sem aðstæður eru í mörgum tilvikum aðrar en í þéttbýli annars staðar á Norðurlöndum. Eitt af verkefnum hópsins beinist að neytendum og lífsstíl og reynir að svara spurningum um hvernig skerpa megi stefnu stjórnvalda um þessa þætti. Í lokaskýrslu verkefnisins, „Förbættra nordiskt beslutsfattande genom att skingra myter om hållbar konsumtion“, eru dregnar fram tíu algengar goðsagnir um sjálfbæra þróun og neytendur og þær hraktar. Samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar eru litlar breytingar á lífsstíl og atferli fólks mikilvæg skref í baráttunni við að vernda umhverfið en höfundar hennar telja að raunveruleg þáttaskil verði þó ekki fyrr en fólk tileinkar sér ný félagsleg viðmið. Skýrslan var til umfjöllunar á málþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga „Sjálfbær sveitarfélög – áskoranir og lausnir“ sem haldið var í nóvember.

*Norræna umhverfismerkið Svanurinn* hefur verið opinbert umhverfismerki Norðurlanda í hartnær aldarfjórðung. Merkið byggist á óháðri vottun og viðmiðum sem taka tillit til alls lífsferils vöru og þjónustu. Markmiðið með Svaninum er að ýta undir sjálfbæra þróun samfélagsins í því skyni að tryggja að komandi kynslóðir hafi jafna möguleika og núlifandi til að mæta þörfum sínum. Norrænt samstarf um Svaninn fer fram í sérstökum hópi innan vébanda vinnuhóps um sjálfbæra neyslu og framleiðslu og er eitt mikilvægasta verkefni hans. Markmiðið er að stuðla að enn frekari útbreiðslu Svansins og móta stefnu um framtíð hans auk þess að fylgja eftir þeirri sýn sem norrænu umhverfisráðherrarnir hafa komið sér saman um til ársins 2015. Hópurinn vann þá stefnumörkun á sínum tíma og Ísland tók að sér að stýra vinnu Svanshópsins í samstarfi við Norræna umhverfismerkisráðið. Svansmerktum fyrirtækjum á Íslandi hefur fjölgað ört á síðustu árum og eftirspurn eftir Svansmerktum vörum hefur aukist til muna. Skoðanakannanir sýna að Íslendingar þekkja merkið og treysta því og stjórnendur fyrirtækja sjá sér í æ ríkari mæli hag í því að huga að umhverfismálum í rekstrinum. Dæmin sýna glögggt að umhverfismerkingar á borð við Svaninn skila sér ekki einungis í betra og heilsusamlegri umhverfi heldur einnig í vandaðri vinnubrögðum og beinum fjárhagslegum sparnaði fyrir viðkomandi fyrirtæki. Alls hafa 26 íslensk fyrirtækið hlotið Svansvottun.

#### 7) *Vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál*

Vinnuhópurinn er samstarfsvettvangur norrænu umhverfis- og fjármálaráðherranna. Meginmarkmiðið með starfi hópsins er að stuðla að efnahagslegri þróun sem byggir á sjálfbærri neyslu og framleiðslu með það fyrir augum að rjúfa sambandið milli umhverfismála og hagvaxtar. Reynt er að tengja verkefni hópsins við þróunina á þessu sviði á Norðurlöndum og innan ESB og OECD en einnig í víðara alþjóðlegu samhengi. Með reglulegu millibili er gefin út skýrsla með yfirliti yfir helstu hagstjórnartæki sem notuð eru á Norðurlöndum í tengslum við

umhverfismál. Á árinu var hafin vinna við slíka skýrslu og ráðgert að hafa kafla þar sem lagt er mat á hvort niðurgreiðslur af ýmsu tagi geti skaðað umhverfið. Hópurinn vinnur að verkefnum í samstarfi við ýmsa ofangreinda hópa, t.d. um loftslagsmál, úrgangsmál, þjónustu vistkerfa og niðurgreiðslur í landbúnaði.

8) *Vinnuhópur vegna samningaviðræðna um loftslagsmál*

Vinnuhópurinn var skipaður tímabundið til að styðja við alþjóðlegar samningaviðræður um nýjan loftslagssamning og fylgja eftir þeim pólitísku áherslum sem Norðurlönd eru sammála um að mikilvægar séu í samningaviðræðunum. Felst það í því að nýta norræna þekkingu til að leggja samninganefndunum til efni um mál sem eru ofarlega á baugi í samningaferlinu hverju sinni. Haldnir eru vinnufundir og ráðstefnur með norrænum sérfræðingum, samningamönnum og öðru lykilmálshópi með það fyrir augum að greiða fyrir samningaviðræðum. Þá hefur hópurinn samstarf við NEFCO varðandi framkvæmd tveggja verkefna, annars vegar í Perú og hins vegar í Víetnam. Um er að ræða tilraunaverkefni á sviði loftslagsmála og standa vonir til að þau verði fyrirmynd verkefna af sama toga í framtíðinni.

## 12. Vinnumál

Undir *norrænu ráðherranefndina um vinnumál (MR-A)* heyra þrjár nefndir; nefnd um vinnumarkað, nefnd um vinnuvernd og nefnd um vinnurétt. Samstarfið byggir á samningi um norrænan vinnumarkað frá árinu 1954 og norræna vinnuumhverfissamkomulaginu frá árinu 1989.

Á árinu tók gildi ný samstarfsáætlun undir heitinu „Sameiginlegar áskoranir og norrænt notagildi“. Samstarfsáætlunin markar stefnuna í samstarfi á sviði vinnumála fyrir tímabilið 2013–2016. Á þessu tímabili mun áherslan beinast að langtímaverkefnum í kjölfar hnattvæðingar og lýðþróunar en mun einnig eftir þörfum beinast að hagsveiflutengdum áskorunum sem koma upp á tímabilinu.

Samstarfið felst sem fyrr fyrst og fremst í miðlun reynslu og upplýsinga um aðgerðir í löndunum og niðurstöður sem snerta sameiginlegar áskoranir. Norræn reynslu- og upplýsingamiðlun, sköpun tengslaneta og samhæfing vegna aðgerða og samninga á vettvangi ESB ásamt innleiðingu ESB-tilskipana eru einnig miðlægir þættir í samstarfinu.

Megináhersla í samstarfi á *vinnumarkaðssviði* er á fjölgun starfa, auknið atvinnustig og á að draga úr atvinnuleysi kvenna og karla sem er tilkomið vegna skipulagsbreytinga. Markmiðið er að styrkja fjárhagsstöðu ríkjanna og sjálfbærni norrænu velferðarsamfélaganna í framtíðinni og að efla þátttöku jafðarhópa í samfélaginu. Áherslurnar eru:

- Að virkja vinnuafli í löndunum.
- Að styrkja samræmi í framboði og eftirspurn eftir vinnuafli.
- Að efla símenntun með hliðsjón af þörfum vinnumarkaðarins.
- Að gera norrænu löndin eftirsóknarverð fyrir vinnuafli frá löndum utan ESB/EES sem eftirspurn er eftir.
- Að efla samhæfingu stjórnvalda sem málið varðar.
- Að sporna gegn atvinnuleysi þeirra sem minna mega sín og langtímaatvinnuleysi; að sporna gegn atvinnuleysi ungs fólks er meðal megináskorana og mikið forgangsmál.

Forgangsmál samstarfs á *vinnuverndarsviði* er að efla öryggi, heilsu og velferð á vinnustöðum bæði fyrir konur og karla. Markmiðið er að skapa eftirsóknarverða vinnustaði sem eru hvetjandi og fyrir alla, þar sem áhersla er lögð á að fyrirbyggja starfstengd líkamleg og sálræn heilbrigðisvandamál. Hafa skal hliðsjón af alþjóðlegum samningum og löggjöf ESB. Markmiðið er að efla gott vinnuumhverfi á vinnustöðum, þróa enn frekar vinnuvernd og vinnueftirlit, koma í veg fyrir óásættanleg starfskjör, félagsleg undirboð og mismunun á vinnumarkaði, vekja athygli á mikilvægi góðra stjórnunarháttanna og virkrar þátttöku starfsmanna og að starfskraftar hvers og eins starfsmanns nýtist á sjálfbæran hátt.

Meðal forgangsmála í samstarfi á *vinnuréttarsviði* er að fylgja eftir áskorunum, aðlögun og þróun norræna kerfisins í stöðugt hnattvæddara atvinnulífi. Markmiðið er að vernda norræna kerfið og góð starfskjör á norrænum vinnumarkaði, vinnuvernd og hæfni kerfisins til aðlögunar. Meðal markmiða samstarfsins er að tryggja jafnvægi milli launþegaverndar og sveigjanleika, efla jafnrétti og jafnræði á vinnumarkaði og að efla norrænt samstarf varðandi alþjóðlega löggjöf og þá einkum innan ESB.

Forgangsmál allra sviða er að afnema og fyrirbyggja stjórnsýsluhindranir á norrænum vinnumarkaði til að liðka fyrir hreyfanleika á milli svæða og gera vinnumarkaðinn meira aðlaðandi og sveigjanlegri. Samstarf við aðila vinnumarkaðarins er mikilvægur þáttur í samstarfinu.

#### *Norræna ráðherranefndin um vinnumál (MR-A)*

Ráðherranefndin kom saman til fundar í Övertorneå í Svíþjóð 27. ágúst. Á fundinum var farið yfir stöðu og framvindu vinnumarkaðsmála í löndunum. Staða ungs fólks var í brennidepli en meginþema á formennskuári Svía var aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi ungmenna. Hápunktur þessa verkefnis var fundur um atvinnumál ungs fólks með þátttöku 700 einstaklinga hvaðanæva af Norðurlöndum og með þátttöku forsætisráðherra og vinnumálaráðherra landanna. Þar var kynnt úrval verkefna á Norðurlöndum til að vinna gegn atvinnuleysi ungs fólks, alls 25 talsins þar af þrjú frá Íslandi.

Samþykkt var á ráðherrafundinum að ráðast í úttekt á fyrirkomulagi starfsmenntunar í norrænu löndunum en á ráðstefnunni um atvinnumál ungs

fólks kom í ljós að samtenging menntakerfisins og atvinnulífsins virðist að einhverju leyti komin í öngstræti á Norðurlöndum. Fastur liður á fundum ráðherranna er vinna landanna við að ryðja úr vegi landamærahindrunum. Vísað var til skýrslu sérfræðingahóps sem hefur bent á 35 hindranir sem tengjast almannatryggingum, vinnumarkaði og félagsþjónustu, þar af eru níu vinnumarkaðstengd. Lögð er rík áhersla á að efla þetta samstarf.

Fulltrúum Norræna verkalýðssambandsins (NFS) og samtaka atvinnulífsins í Noregi (NHO) var boðið til samráðsfundar í tengslum við fund MR-A. Meginumræða fundarins var um fyrirkomulag starfsmenntunar og starfsnám.

#### *Norræna embættisnefndin um vinnumál (EK-A)*

Á formennskuári Svía voru haldnar í Stokkhólmi ráðstefnur, annars vegar um vinnuumhverfi ungs fólks þann 7. október og hins vegar um aðlögun að vinnumarkaði með áherslu á innflytjendur þann 25. nóvember. Fyrri ráðstefnan var haldin í samvinnu við Alþjóðavinnuálastofnunina (ILO) og Norrænu stofnunina um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA). Í tengslum við ráðstefnuna var gefin út skýrslan „Unga arbetstagares arbetsmiljö i de nordiska länderna“. Markmið skýrslunnar er að draga fram mikilvægar upplýsingar til að skilja og fyrirbyggja hættur í vinnuumhverfi ungs fólks. Á ráðstefnunni um aðlögun ungs fólks af erlendum uppruna að norræna vinnumarkaðnum var lögð fram skýrsla um aðflutning vinnuafls frá Mið- og Austur-Evrópu, „Labour migrants from central and eastern Europe in the Nordic countries“.

Embættismannanefndin um vinnumál fjallaði á árinu um framtíð NIVA. Ráðgjafarfyrirtæki (Oxford Research) sem falið var að gera úttekt á starfsemi stofnunnarinnar skilaði niðurstöðum á árinu. Í framhaldi af umfjöllun embættismannanefndarinnar var ákveðið að stofna starfshóp til að yfirfara niðurstöðurnar og greina afstöðu landanna til starfseminnar.

#### *Nefnd um vinnumarkað*

Nefndin um vinnumarkað er vettvangur fyrir umræðu um norræn atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir. Verkefni nefndarinnar eru í samræmi við nýja samstarfsáætlun á sviði vinnamála árin 2013–2016.

Í starfi nefndarinnar var lögð áhersla á eftirfarandi þætti:

- Aukna virkni innlands vinnuafls eins og kostur er.
- Aukið samræmi í framboði starfa og samsetningu vinnuafls.
- Aukna endurmenntun sem hæfir þörfum atvinnulífs.
- Baráttu gegn atvinnuleysi jaðarhópa og langtímaatvinnuleysi.
- Aukna eftirspurn vinnuafls utan EES til starfa á Norðurlöndum.
- Aukið samstarf þeirra yfirvalda sem í hlut eiga.

Eftirfarandi umsóknir um ný verkefni voru samþykktar:

- Norræna netverkið PIAAC (Programme for the International Assessment of Adult Competencies) – 4. hluti. Markmið verkefnisins er að einfalda aðgang að upplýsingum fyrir rannsóknaraðila um vinnumarkaðsmál með því að byggja norrænan gagnagrunn með aðgang að gögnum, bæði úr rannsókninni og úr gagnagrunnum landanna. Þáttökulönd eru Danmörk, Finnland, Noregur, Svíþjóð og Eistland. Verkefnið byggir á þeim þemum sem OECD notar í alþjóðlegri skýrslugerð. Ætlunin er að kynna PIAAC-gagnagrunninn í nóvember 2014.
- Rannsókn á starfsmenntun á Norðurlöndum. Um er að ræða rannsókn á umfangi, fyrirkomulagi og innihaldi starfsmenntunar.
- Starfsþjálfun atvinnuleitenda í öðru norrænu landi. Í tengslum við umfjöllun um landamærahindranir sem takmarka möguleika atvinnulausra til þess að fara til annarra norrænna landa var samþykkt að kanna áhrif heimildar til starfsþjálfunar atvinnuleitenda í öðru norrænu landi. Í því sambandi er verið að kanna afstöðu landanna til þessa möguleika. Hugtakið starfsþjálfun (arbejdspraktik) hefur ólíka þýðingu eftir löndum og því þarf að byrja á að greina hver merkingin er í hverju norrænu landi fyrir sig.

### *Atvinnuskipti ungs fólks*

Nordjobb-verkefnið er umfangsmikið norrænt samstarfsverkefni á sviði vinnumála. Markmið þess er að auðvelda ungu fólki atvinnuleit milli norrænu landanna. Á árinu kom 71 ungmenni til starfa á Íslandi en 63 fóru héðan til starfa annars staðar á Norðurlöndum fyrir tilstuðlan Nordjobb.

Snorraverkefnið er þrískipt: Í aðalverkefninu sem er fyrir vestur-íslensk ungmenni voru fjórtán þátttakendur. Á vegum Snorra Plús verkefnisins, sem er fyrir þátttakendur 30 ára og eldri, komu til landsins nítján þátttakendur og í Snorra West verkefninu sem er fyrir unga Íslendinga tóku fjórir þátt.

### *Verkefni*

Verkefni um atvinnuleysi ungs fólks á Norðurlöndum hófst haustið 2011 og var markmiðið m.a. að greina samspil skóla og vinnumarkaðar þegar ungt fólk lýkur námi og fer á vinnumarkaðinn. Stöðuskýrslu verkefnisins var skilað á árinu en lokaniðurstöður munu liggja fyrir seinni hluta ársins 2014.

Drög að lokaskýrslu um verkefnið „Social Regulation in Nordic Welfare States“ voru lögð fram á fundi nefndarinnar um vinnumarkað. Í verkefninu er gerð grein fyrir stöðu ungra innflytjenda og einstaklinga með skerta starfsgetu.

Gefin var út skýrsla um eftirlaunaaldur á Norðurlöndum. Markmiðið með verkefninu var að reikna meðalaldur við lífeyristöku hjá ólíkum menntahópum til þess að spá fyrir um lífeyristökualdur ólíkra menntahópa næstu tíu árin. Í verkefninu tóku þátt Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð. Flestir útreikningar byggðu á eldri hópum vinnumarkaðarins, aldursbilinu 50 til 74 ára og voru notuð gögn frá tímabilinu 2008–2010. Í skýrslunni kemur m.a. fram að örar breytingar verða á samsetningu vinnuaflsins. U.þ.b. 75% þeirra sem starfandi voru 50 ára og eldri á árinu 2008 munu hefja töku lífeyris fyrir 2020. Fjöldi þeirra sem hefur minni menntun mun hefja töku lífeyris fyrr en þeir sem meiri menntun hafa.

Unnið var að þriðju ráðstefnunni um starfsendurhæfingu sem verður haldin á árinu 2014. Á fyrri ráðstefnum hefur m.a. verið lögð áhersla á þátttöku vinnustaða í starfsendurhæfingu en rannsóknir hafa sýnt að sú þátttaka skiptir miklu máli. Aðferðafræði í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hefur sýnt mismunandi mat og vinnulag.

Hnattvæðingarverkefnið um vaxtarsvæði kortlagði hvernig fyrirtæki á almennum markaði og opinber fyrirtæki útvega ungu fólki atvinnu. Á norrænu stefnunni um atvinnuleysi ungs fólks í maí í Stokkhólmi (jobbtoppmötet) var gerð grein fyrir 24 norrænum reynsludæmum um lausnir á atvinnuleysi ungs fólks. Ákveðið var að gefa út skýrslu um verkefnið.

Annar hluti hnattvæðingarverkefnisins fjallar um erlent vinnuafl á Norðurlöndum. Gefin var út skýrsla um för vinnuafls, vinnuskilyrði og ráðningar fólks frá Mið- og Austur-Evrópu til Norðurlanda. Í skýrslunni er skoðaður bakgrunnur menntunar og atvinnu hjá pólskum innflytjendum í Osló, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Í skýrslunni „Scandinavia’s Population Groups Originating from Developing Countries - Change and Integration“ er gerð grein fyrir þróun íbúafjölda og aðlögun fólks frá Íran, Írak, Pakistan, Sómalíu, Tyrklandi og Víetnam í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Út kom skýrslan „Att möta globaliseringen“ en í henni er leitast við að fara yfir þær kröfur sem hnattvæðingin gerir til norrænu landanna. Auk þess er skoðuð afstaða landanna til hnattvæðingar um heimsviðskipti.

„Kortlægning af gode nordiske eksempler“ er heiti á skýrslu með árangursríkum reynslusögum af fyrirtækjum alls staðar á Norðurlöndum með þann tilgang að tryggja að ungt fólk með takmörkuð tengsl við vinnumarkaðinn fái atvinnu eða hefji nám.

Ráðstefna var haldin í október um hlutastörf eftir kynjum á Norðurlöndum. Fjallað var um umfang hlutastarfa karla og kvenna og hvaða áhrif það hefur fyrir bæði kynin að vinna hlutastarf borið saman við fullt starf. Tímabilið 1990–2012 var skoðað ítarlega og þróun hlutastarfa var borin saman við breytingar á atvinnuleysi á sama tímabili.



### *Nefnd um vinnurétt*

Haldnir voru tveir fundir í nefnd um vinnurétt á Norðurlöndum (NAU). Rætt var um stöðuna á vinnumarkaði í löndunum, atvinnuþátttöku og skráð atvinnuleysi. Fram kom að löndin hafi gripið til ýmissa aðgerða í því skyni að auka möguleika ungs fólks á vinnumarkaði og hefur í því sambandi verið lögð áhersla á starfsþjálfun og reynsluráðningu.

Jafnframt var rætt almennt um löggjöf landanna sem og efni tilskipana ESB, sem löndunum er ætlað að innleiða, að því er varðar ýmis atriði í tengslum við vinnumarkaðinn. Þar sem Ísland og Noregur standa utan ESB ber þeim þó einungis að innleiða þær sameiginlegu evrópsku reglur sem felldar hafa verið undir EES-samninginn. Ennfremur var gerð grein fyrir nýlegum breytingum á löggjöf landanna um atriði sem tengjast vinnumarkaði. Farið var yfir þá dóma sem fallið hafa hjá Evrópudómstólnum og EFTA-dómstólnum og rætt um þau réttaráhrif sem dómarnir kunna að hafa á löggjöf landanna.

### *Nefnd um vinnuvernd*

Nefnd um vinnuvernd hélt tvo fundi á árinu. Fjallað var um hnattvæðingarverkefni og kynningu á því með útgáfu bæklinga og ákveðið að fela NIVA að halda námskeið eða fræðslufund um efnið.

Þá var fjallað um stefnu og áherslu NMR um sjálfbæra þróun. Ákveðið var að nefndin leggi til neðangreind þrjú verkefni sem unnin hafa verið eða eru í vinnslu og styðja við þessa áherslu:

- Kerfisbundið yfirlit um þátt skipulags, sálrænna og félagslegra þátta á vinnustað, spábreytna vegna örorku og þess að fara fyrir á eftirlaun.
- Norrænn vinnuverndarþáttur í verðmætagreiningu til þess að skapa sjálfbært flæði sjúklinga á sjúkrahúsum, svonefnd NOVO-rannsókn.
- Vinnuumhverfi ungs fólks.

Rætt var um hvernig best væri að skrá umfang farvinnu á Norðurlöndum og var NAU falið að taka verkefnið til skoðunar. Ákveðið var að leggja á árinu 2014 áherslu á verkefni um ungt fólk og atvinnulífið. Í því samhengi þyrfti að horfa til sambands milli menntunar og atvinnulífs og samvinnu vinnuverndarstofnana og skólayfirvalda. Til umfjöllunar var forgangsroðun í vinnuverndarmálum í löndunum og niðurstöður verkefnis um vinnuafli frá Mið- og Austur-Evrópu og stöðu þess á Norðurlöndum, vinnuumhverfi og ráðningarferli.

Ísland kynnti hugmyndir um áherslu á vinnuverndarsviðinu á formennskuárinu. Þemað er vinnuumhverfið í gegnum allan æviferilinn og hlaut það góðar undirtektir. Var samþykkt að auglýsing styrkja 2014 tæki mið af því. Framtíð NIVA var einnig í brennidepli á árinu.

Eftirfarandi verkefni stóðu yfir á árinu:

- Eftirlit með félagslegum aðbúnaði á Norðurlöndum.
- „Arbejdsmljö, trivsel og produktivitet“.
- NOVO-verkefni um samspil hagræðingar í heilbrigðisgeiranum og vinnuverndar.
- „God nordisk ledelsepraksis“.
- „God ledelse og medarbejderinvolvering“.
- „Arbejdstid og helbrede“.

Ákveðið var að styrkja nýtt verkefni, “Unge arbeidstakere i et sunnt arbeidsliv – med spesiell fokus på nordiske forhold“.

### *Um fjöllum um málefni ESB*

Fram kom að öll norrænu löndin hafa stutt að gerð verði ný vinnuverndarstefna á vettvangi ESB. Finnar bentu á mikilvæga þætti því til stuðnings, m.a. þann fjárhagslega ávinning sem vinnuvernd hefur í för með sér (41 milljarður evra) samkvæmt nýrri finnskri skýrslu og mikilvægi forvarna í sambandi við geðheilsu ungs fólks.

Fjallað var um ýmsar tilskipanir, m.a. tilskipun um rafsegulsvið sem tók gildi í júní og CLP-tilskipun sem er í undirbúningi og á að samþætta fimm fyrri tilskipanir um flokkun og merkingu efna. Greint var frá því að ekki verði á komandi tímabili lagðar fram tilskipanir um stoðkerfiskvilla, vinnu við tölvuskjá, tóbak og krabbameinsframkallandi áhrif.

### *Stofnun um menntun á sviði vinnuverndar*

Rekstur Norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA) var í jafnvægi og námskeiðshald var með hefðbundnu sniði.

Haldnir voru tveir stjórnarfundir á árinu. Markmið fundanna er að móta stefnu um innihald og umfang námskeiða. Lögð er áhersla á að námskeiðin nýtist sérfræðingum og verðandi sérfræðingum á sviði vinnuverndar. Þá er lögð aukin áhersla á að ná til stjórnenda, til þeirra sem sinna vinnuverndarstarfi í fyrirtækjum og þeirra sem starfa hjá vinnueftirlitsstofnunum. Haldin voru níu námskeið með alls 210 þátttakendum en ekkert námskeið var haldið á Íslandi.

Stjórn stofnunarinnar svaraði erindum frá ráðgjafarfyrirtækinu Oxford Research sem hafði verið falið að gera úttekt á starfsemi NIVA. Fyrirtækið tók ítarleg viðtöl við stjórn og framkvæmdastjóra, skoðaði gögn um starfsemi og ræddi við hagsmunaaðila og þátttakendur í starfseminni. Niðurstöður skýrslunnar, sem kom út á haustdögum, voru að námskeið NIVA væru vel skipulögð í háum gæðaflokki og hefðu veruleg jákvæð áhrif á þekkingu á sviði vinnuverndar á Norðurlöndum. Starfsemin stuðli þannig að auknum samnorrænum gildum. Jafnframt var starfsemi NIVA talin stuðla að auknum

alþjóðlegum vísindum og samstarfi þeirra sem vinna á sviðinu. Ýmislegt fleira kom fram sem verður sett í hendur starfshóps sem fær það hlutverk að leggja fram tillögu um framtíðarskipan þessa verkefnis.

### 13. Efnahags- og ríkisfjármál

Haldinn var fundur í *norrænu ráðherranefndinni um efnahags- og ríkisfjármál (MR-Finans)* í Osló þann 31. október meðan þing Norðurlandaráðs stóð þar yfir. Meginumræðuefni ráðherranna á þessum fundi voru málefni húsnæðismarkaða á Norðurlöndum á grundvelli skýrslu sem samin hafði verið á vegum norrænu embættismannanefndarinnar (EK-Finans). Þá ræddu þeir ennig málefni fjármálamarkaða og atvinnumál ungs fólks.

#### *Norræna embættismannanefndin um efnahags- og ríkisfjármál (EK-Finans)*

Meginverkefni EK-Finans er að undirbúa ráðherrafrundi og vera ráðgefandi í málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin styður starf sérfræðingahóps um samspil ríkisfjármála og umhverfismála og umfangsmikið verkefni um gerð upplýsingaskiptasamninga við lágskattaríki. Jafnframt hafa starfað vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum. Embættismannanefndin hélt sex fundi á árinu og var einn þeirra haldinn í Reykjavík. Fulltrúi Íslands tók þátt í tveimur fundanna í síma.

Eftirtaldir vinnuhópar hafa verið að störfum:

#### 1) *Norræn efnahagsnefnd*

Helsta verkefni nefndarinnar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum, og hefur hún einnig fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármála- og efnahagsmálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin skýrslu um efnahagsmál til fjármálaráðherranna. Á síðustu árum hefur skýrslan legið fyrir þegar fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa mætt til reglulegs haustfundar. Haustfundur nefndarinnar fór að þessu sinni fram í Osló og hafði norska fjármálaráðuneytið yfirumsjón með gerð skýrslunnar að þessu sinni. Á árinu 2014 verður haldinn fundur í Stokkhólmi í febrúar og haustfundur hér á landi í október en þá hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið yfirumsjón með gerð skýrslunnar.

#### 2) *Vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál*

Vinnuhópurinn um umhverfis- og efnahagsmál starfar á vegum embættismannanefndanna EK-Finans og EK-M.<sup>8</sup>

<sup>8</sup> Sjá nánar um vinnuhópinn um umhverfis- og efnahagsmál á bls. 51.

- 3) *Nefnd norrænna skattahagfræðinga*  
 Árlegur fundur hagfræðinga sem starfa að skattamálum í fjármálaráðuneytum landanna var haldinn í Reykjavík 5.–6. desember. Auk venjubundinnar yfirferðar yfir helstu breytingar á skattkerfi hvers lands undanfarið ár voru fjölbreytt mál á dagskrá, m.a. stefnumótun í skattamálum, óbeinir skattar, skattlagning fjármálastarfsemi og umhverfisskattar.
- 4) *Norræn launa- og starfsmannanefnd*  
 Nefndin er ráðgefandi fyrir samstarfsráðherrana (MR-SAM) og stjórnarnefnd NR í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra starfsmanna sem starfa við stofnanir NMR svo og starfsmanna á skrifstofum NR og NMR í Kaupmannahöfn. Nefndin fær þau mál sem hún tekur til umfjöllunar frá starfsmannadeild skrifstofanna í Kaupmannahöfn. Nefndin getur einnig að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til MR-SAM og stjórnarnefndar NR í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum. Ennfremur á nefndin að tryggja að um málefni er varða stofnanirnar fari eftir sáttmála þjóðanna um réttarstöðu norrænna stofnana og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin.  
 Haldnir voru þrjár fundir á árinu. Nefndin fjallaði m.a. um nýtt launakerfi hjá NMR og hugsanlegar breytingar á lífeyriskerfi þeirra sem þar starfa, launaþróun í löndunum, stjórnarlaun stofnananna á nýju ári og staðaruppbætur svo og laun forstöðumanna norrænna stofnana. Eins var fjallað um nauðsyn þess að endurskoða regluverkið í kringum réttarstöðu starfsmanna norrænna stofnana, þar sem sífellt séu að koma upp túlkunarvandkvæði milli starfsmannalöggjafar viðkomandi landa og regluverksins. Þá hafa verið haldnir fundir með fulltrúum Norræna hússins í Reykjavík.
- 5) *Norræn starfsmannaskipti*  
 Markmiðið með starfsmannaskiptunum er að auka norræna samvinnu. NMR hefur haft forgöngu um að gera ríkisstarfsmönnum á Norðurlöndum kleift að stunda tímabundið störf eða nám á starfsvettvangi sínum hjá ríkisstofnunum annars staðar á Norðurlöndum. Hlutdeild Íslendinga á árinu var 241.500 danskra króna eða rúm 12% af heildarfjárveitingunni en hluti af fjárveitingunni var notaður til að gera kynningarefni um starfsmannaskiptin. Tveir fundir voru haldnir á árinu. Styrkþegar voru fjórtán og hlutu þeir styrk til dvalar í einn til tvo mánaði auk greiðslu ferðakostnaðar. Sex fóru að þessu sinni til Danmerkur og Svíþjóðar en tveir til Noregs. Þetta er staðfesting á þeirri þróun að ekki fer lengur meirihluti íslensku styrkþeganna til Danmerkur.
- 6) *Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum*  
 Samstarfið er vettvangur fyrir upplýsingamiðlun og skoðanaskipti milli landanna um þróun í skattamálum. Haldinn er árlegur fundur yfirmanna skattamála en þess á milli eru send milli ráðuneytanna

frumvörp, skýrslur og almennar upplýsingar um skattamál. Á fundinum í ár var gerð grein fyrir helstu breytingum á skattalögum í hverju landi fyrir sig á síðustu tólf mánuðum. Mörg önnur mál voru rædd, m.a. sagði fulltrúi Íslands frá áformum um lögfestingu reglna um milliverðlagningu og hugmyndum um skattaívilnanir til einstaklinga vegna fjárfestinga í fyrirtækjum í vexti.

Einnig var fjallað um mál einstakra landa og lausnir, m.a. með tilliti til reynslu annars staðar á Norðurlöndum. Undir þeim lið var t.d. rætt um vinnu við FATCA-samninga (Foreign Account Tax Compliance Act). Einnig var umræða um stjórnskipulag skattkerfa landanna, verklag, áherslur og nýlegar breytingar, m.a. vegna dóma í málum er varða tvöfalda refsingu. Að lokum var almenn umræða um það sem efst er á baugi á vettvangi OECD um skattamál, m.a. svokallaða BEPS (Base Erosion and Profit Shifting) áætlun.

7) *Norrænn stýrihópur um gerð upplýsingaskiptasamninga við lágskattaríki*

Í stýrihópnum sitja fulltrúar frá fjármálaráðuneytum landanna auk verkefnisstjóra. Undirritaðir voru tveir nýir samningar og er heildarfjöldi undirritaðra upplýsingaskiptasamninga því orðinn 42. Við árslok voru tveir síðustu samningarnir, sem stýrihópurinn hefur umboð til að gera, í lokavinnslu og stefnt er að undirritun þeirra samninga á fyrri hluta ársins 2014.

8) *Norrænt skattrannsóknaráð*

Markmið ráðsins er að stuðla að rannsóknum í skattalögfræði og -hagfræði. Ráðið heldur fund árlega, síðast í Kaupmannahöfn í október. Þá hefur ráðið einnig haldið ráðstefnu á hverju ári. Að þessu sinni fór hún fram í Stokkhólmi í maí og fjallaði um skattlagningu fjármálafyrirtækja. Í kjölfar ráðstefnunnar gaf ráðið út rit sem m.a. inniheldur skýrslur fyrirlesara á ráðstefnunni. Á ráðstefnunni kynntu fulltrúar Íslands gildandi regluverk um gjalddöku og skattlagningu á fjármálafyrirtæki og þær breytingar sem orðið hafa á því sviði undanfarin ár í kjölfar hruns fjármálakerfisins. Áformað er að næsti fundur og ráðstefna fari fram í Osló í maí 2014. Viðfangsefnið verður skattlagning fyrirtækja.

9) *Norrænn embættismannafundur í skattamálum*

Embættismenn úr fjármálaráðuneytum og frá ríkisskattstjórum landanna hittast árlega til að ræða málefni er varða Norðurlandasamning til að komast hjá tvísköttun. Farið er yfir vandamál sem upp koma við túlkun og framkvæmd samningsins, ný löggjöf er kynnt, nýjasta dóma- og úrskurðarframkvæmd er reifuð og önnur sameiginleg mál rædd. Í ár fór fundurinn fram í Turku í Finnlandi.

10) *Samstarf fjárlagastjóra norrænu landanna*

Fjárlagastjórar, þ.e. forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum norrænu landanna sem hafa umsjón með fjárlögum, hittast alla jafna tvisvar á ári. Fjallað er um ýmis málefni sem eru efst á

baugi í fjárlagagerð landanna. Ennfremur eru til umræðu tiltekin mál sem hafa áhrif á fjárlagagerðina, stjórn ríkisfjármála, ríkisreksturinn og ákvörðun útgjaldaramma til lengri eða skemmri tíma. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál í ríkisrekstri sem efst eru á baugi hverju sinni. Samstarfið er mikilvægur vettvangur til að miðla upplýsingum og reynslu af breytingum í ríkisfjármálum og auðveldar samskipti milli fjármálaráðuneytanna. Vorfundur fjárlagastjóranna var haldinn í tengslum við árlega ráðstefnu fjárlagastjóra OECD sem fram fór í París í byrjun júní. Farið var yfir stöðuna í efnahagsmálum og ríkisfjármálum í hverju landi fyrir sig. Einnig var til umfjöllunar hvernig fyrirkomulag er á áhættuskuldbindingum og ófyrirséðum útgjöldum í fjárlögum landanna og með hvaða hætti þær eru metnar. Haustfundur hópsins var haldinn í Kaupmannahöfn þar sem fram fór hefðbundin yfirferð á horfum í efnahagsmálum og ríkisfjármálum landanna. Önnur málefni til umræðu voru annars vegar fyrirhugaðar breytingar á fjárlagaferli þingsins í Svíþjóð og hins vegar mat og ráðstafanir í tengslum við framleiðni og skilvirkni hins opinbera í löndunum.

- 11) *Sérfræðihópur á vegum MR-SAM um norræna fjárhagsáætlanagerð*  
 Hlutverk hópsins er að skila faglegru umsögn um tillögu framkvæmdastjóra NMR um norræna fjárhagsáætlun, bæði tæknilegri og efnislegri. Hópurinn fjallar einnig um afmörkuð mál sem MR-SAM vísar til hans. Auk embættismanna fjármálaráðuneyta landanna sitja starfsmenn frá skrifstofu NMR fundi. Árlegur fundur var haldinn í Kaupmannahöfn í júní til að yfirfara tillögur NMR um fjárhagsáætlun. Sérfræðihópurinn gerði nokkrar athugasemdir við tillögurnar. Bent var á að lausafjárstaða NMR hafi verið há á vissum tímapiptum og var NMR hvatt til þess að skoða möguleikana á að lækka lausafjárstöðuna. Hópurinn benti á að tilefni gæti verið til að yfirfara greiðslur frá löndunum í ljósi afgangss frá fyrri árum og hvort þörf væri á að endurskoða úthlutun til stofnana og verkefna. Þá var ítrekað að fram kæmi ítarlegt yfirlit yfir óráðstafað fjármagn einstakra stofnana í árslok og áætlaða nýtingu þess á komandi misserum. Minnt var á að í gildi væri sú regla sem kynnt var af samstarfsráðherrum í ársbyrjun 2007 um að mest megi flytja sem nemur 20% af fjárhæð einstakra liða milli ára. Í þessu samhengi var einnig rætt að tekið yrði til skoðunar að auka gagnsæi og sveigjanleika í fjárhagsáætlun NMR og í því skyni væri forgangsverkefnaliðurinn, sem samstarfsráðherrarnir ákváðu að stofna til á árinu, mikilvægur.

### *Norræni fjárfestingabankinn*

Norræni fjárfestingabankinn (NIB)<sup>9</sup> var stofnaður árið 1975 með það að markmiði að bankinn aflaði lánsfjármagns á alþjóðlegum fjármagns-

<sup>9</sup> Sjá nánar um Norræna fjárfestingabankann á bls. 75.

mörkuðum og veitti því til mikilvægra fjárfestingarverkefna í norrænu löndunum og styddi þannig við efnahagsþróun þeirra. Eistland, Lettland og Litháen gerðust aðilar að bankanum árið 2005 og eru aðildarlöndin því átta talsins. Hvert aðildarland skipar einn stjórnarmann og einn varamann. Þá skipar hvert land einn mann í endurskoðunarnefnd bankans. Átta stjórnarfundir voru haldnir á vegum NIB og sóttu fulltrúar Íslands þá alla. Meginviðfangsefni stjórnar tengjast hefðbundnum stjórnarstörfum svo sem frágangi áætlana um rekstur og fjárhag bankans og eftirliti með framgangi þeirra innan ársins. Þá eru allar stærri lánveitingar bankans háðar samþykki stjórnar. Síðasta lánveiting bankans til Íslands var til Landsvirkjunar vegna byggingar Búðarhálsvirkjunar en eftirspurn frá Íslandi eftir lánnum sem falla innan verksviðs bankans var dræm á árinu. Fulltrúar eigenda, sem eru fjármálaráðherrar landanna, hittast árlega til að fara yfir málefni bankans.

#### *Önnur starfsemi á vegum fjármála- og efnahagsráðherra*

*Ritnefnd „Nordic Economic Policy Review“.* Skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins hefur tekið þátt í störfum ritnefndar „Nordic Economic Policy Review“, tímarits sem gefið er út á vegum NMR. Markmiðið með tímaritinu er að gera rannsóknir á sviði efnahagsstefnu aðgengilegri fyrir hagsmunaaðila og að stuðla að aukinni umræðu um efnahagsstefnu á Norðurlöndum. Í tímaritinu er fjallað um sameiginleg norræn mál og úrlausnarefni sem eru efst á baugi hverju sinni. Sex tölublöð hafa verið gefin út.

Norrænir fjármálaráðherrar hafa um árabil haft náið samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana eins og fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Ennfremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínur eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna aðild ráðherranna að Eyrstrasaltsráðinu (CBSS) ásamt fjármálaráðherrum Þýskalands, Póllands, Rússlands og Eyrstrasaltsríkjanna en þessir aðilar halda að jafnaði einn fund á ári.

## **14. Samstarf á sviði löggjafar, flóttamanna og björgunarmála**

### *Samstarf um löggjafarmál*

Norrænt samstarf dómsmálaráðuneytanna um löggjafarmál byggir á Helsinki-sáttmálanum, samstarfsáætlun svo og formennskuáætlunum sem gefnar eru út ár hvert.

Í norrænu ráðherranefndinni um löggjafarsamstarf (MR-LOV) eru dómsmálaráðherrar norrænu landanna og funda þeir árlega. Að öðru leyti á samstarfið sér stað undir yfirstjórn norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf (EK-LOV) þar sem unnið er að samræmingu samstarfsins, sameiginleg hagsmunamál rædd og ennfremur ný eða væntanleg löggjöf og styrkir veittir til einstakra norrænna verkefna. Þá skipar EK-LOV eftir þörfum vinnuhópa til að fjalla um einstök réttarsvið eða álitæfni.

MR-Lov starfar samkvæmt samstarfsáætlun frá árinu 2011. Í áætluninni koma fram megináherslur norræns löggjafarsamstarfs og þær meginreglur sem það byggist á. Samstarfið miðar m.a. að því að styrkja lýðræði í ákvarðanatökufærlum á Norðurlöndum og auka réttaröryggi þeirra sem búa eða dveljast þar. Í áætluninni kemur fram að löggjafarsamstarfið eigi að hafa norrænan virðisauka sem markmið. Miðað skuli að samræmingu löggjafar, þó ekki þannig að reglur eigi endilega að vera þær sömu. Mikil áhersla er lögð á að ná samræmi í löggjöf við innleiðingu á löggjöf ESB og EES. Umfang, nauðsyn og eðli samstarfs um löggjöf á Norðurlöndum geti verið mismikið á hinum ýmsu sviðum réttarins. Á sviði einkamálaréttar hafi verið hefð fyrir að ná sérlega víðtækri samræmingu löggjafar. Þá skuli í lagafrumvörpum, þegar það á við, gerð grein fyrir samsvarandi löggjöf annars staðar á Norðurlöndum. Á þeim réttarsviðum þar sem ekki megi búast við samræmingu löggjafar, t.d. vegna mismunandi siðferðislegs gildismats eða munar á stjórnskipun, geti eigi að síður verið gagnlegt að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu.

Á árinu var starfað samkvæmt formennskuáætlun Svía. Var árlegur fundur MR-Lov haldinn dagana 30. september og 1. október í Stokkhólmi. Til fundarins voru einnig boðnir forstöðumenn fangelsismálastofnana Norðurlanda en meginumræðuefni fundarins var fangelsismál. Þá ræddu ráðherrarnir einnig netglæpi og hatursáróður á netinu, baráttuna gegn skipulagðri brotastarfsemi og eftirmál hryðjuverkaárásanna í Osló og Útey árið 2011.

Þá voru áherslumál að venju rædd í starfshópum sem ekki eru hluti af formlegu norrænu samstarfi, svo sem sérfræðingahópi um sífjarétt.

Einnig var að störfum vinnuhópur um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og er hans helsta hlutverk að undirbúa fundi dómsmálaráðherra þessara ríkja sem að jafnaði eru haldnir annað hvert ár. Enginn ráðherra-fundur var haldinn á árinu.

### *Málefni flóttamanna*

Samráðsnefnd háttsettra embættismanna um málefni flóttamanna (NSHF) fjallar um stefnumótun í málum flóttamanna. Samráðsnefndin fundar tvisvar á ári og er annar fundurinn jafnan í tengslum við árlegan fund norrænna ráðherra sem fara með útlendingamál og málefni flóttamanna.



Upphaflega var eingöngu fjallað um málefni hælisleitenda og flóttamanna en fljótlega þróaðist samstarfið í að verða alhliða samstarfsvettvangur ráðuneyta sem koma að útlendingamálum á Norðurlöndum. Fara þar einnig fram upplýsingaskipti milli stjórnvalda um málefni útlendinga almennt, þar á meðal um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum, heimflutning, tölfræðiupplýsingar o.fl. Samstarf er einnig um öflun upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, m.a. með miðlun skýrslna sem sendinefndir einstakra landa gera. Þá er haft samráð um ýmis atriði er varða útlendingaeftirlit, m.a. með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen-samstarfinu, þ.m.t. atriði er varða framkvæmd Dyflinnarsamstarfsins. Fyrri fundur samráðsnefndarinnar var haldinn 3. apríl í Kaupmannahöfn, en síðari fundurinn í tengslum við fund norrænna ráðherra sem fara með útlendingamál og málefni flóttamanna 25.–26. september í Kaupmannahöfn. Meðal annars var þar rætt um málefni Dyflinnarsamstarfsins og stöðuna í Sírlandi.

### *Björgunarsamstarf*

Norræn samvinna um björgunarsamstarf (NORDRED) tekur til samstarfs yfir landamæri og miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að veita gagnkvæma aðstoð og auðvelda að hjálparlið og búnaður komist sem allra fyrst á vettvang. Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra hefur tekið þátt í þessu samstarfi undanfarin ár fyrir Íslands hönd. Samnorræn framkvæmda-nefnd stýrir samstarfinu og funda fulltrúar landanna reglulega.

Haldnir voru tveir fundir á árinu og annar þeirra hér á landi. Á fundinum á Íslandi sem haldinn var 18.–19. apríl var til umfjöllunar samstarfsáætlun fyrir árin 2013–2015 og skiptu löndin með sér verkum. Horft var til aðgerða sem ná yfir landamæri, rætt um móttöku skipa í neyð, samhæfingu bjarga, samskiptaleiðir og miðlun upplýsinga, skógarelda, einangruð svæði og langar vegalengdir þegar bregðast þarf við áföllum, auk þess að áhersla var lögð á lærdóm landanna af áföllum. Einnig var fjallað um samvinnu við norrænu HAGA-vinnuhópana sem hafa unnið að sértækum verkefnum í almannavörnum. Á fundi í Kaupmannahöfn í nóvember var farið í frekari útfærslur á samvinnunni og kynnt verkefni sem löndin hafa unnið að.

Yfirmenn almannavarna á Norðurlöndum hittast árlega og var fundurinn að þessu sinni haldinn á Íslandi. Á fundinum voru kynntar áhættugreiningar landanna, HAGA-samstarfið og fjallað um aukið samstarf landanna í mál-efnum almannavarna.

## 15. Alþjóðlegt samstarf

Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við grannsvæði Norðurlanda er á ábyrgð *samstarfsráðherra Norðurlanda (MR-SAM)*.

### *Samstarf NMR við nágranna Norðurlanda í vestri*

Á norrænu fjárlögum voru á árinu rúmlega 2,5 milljónir danskra króna til ráðstöfunar í samstarfsverkefni við kanadíska aðila. Í byrjun febrúar fór þáverandi framkvæmdastjóri NMR í heimsókn til Ottawa, Quebec og Montreal þar sem hann átti fundi með ráðherrum, þingmönnum og sendiherrum Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Markmiðið var að móta enn frekar samstarfið við Kanada og undirrituð var sameiginleg yfirlýsing um samstarf við Quebec. NMR telur að árið 2014 verði mikilvægt í því tilliti að styrkja enn frekar samstarfið við kanadíska aðila. Norrænu viðskiptafulltrúarnir í Toronto ásamt sendiráði Íslands í Ottawa undirbúa sameiginlega kaupstefnu, sem ber vinnuheitið „Cool Nordic Canada“, og er ætlunin að henni verði hleypt af stokkum vorið 2014. Verkefnið, ásamt fimm öðrum samstarfsverkefnum norrænna og kanadískra aðila, er styrkt af NMR. Samstarfsverkefni um kvikasilfur í drykkjarvatni er einnig styrkt af NMR en það byggir m.a. á Selfoss-yfirlýsingunni. Loks má nefna að menningarhátíðin „Nordic Cool“ var einnig styrkt af þessum fjárlagalið.<sup>10</sup>

### *Norðurslóðasamstarf*

Á norðurskautsáætlun NMR voru á árinu tæplega 9,7 milljónir danskra króna til ráðstöfunar, en fulltrúar norrænu ríkjanna í AC sitja jafnframt í ráðgjafarnefnd NMR um málefni norðurskautsins og hefur svo verið um langt árabil. Áætlunin, sem ber yfirskriftina „Bærekraftig utvikling i Arktis“ nær yfir tímabilið 2012–2014 og verður hafist handa við að endurskoða hana í byrjun formennskuárs Íslendinga. Á árinu voru tekin upp þau nýmæli að eyrnamerkja 3 milljónir danskra króna til pólitískt mikilvægra forgangsverkefna í stað þess að binda alla fjármuni í rannsóknarverkefnum sem ná oft yfir nokkur ár. Meðal verkefna sem hlutu styrk úr þessum hluta áætlunarinnar var ráðstefna sem haldin verður á Akureyri síðla árs 2014 og er hún hluti af formennskuáherslum Íslands. Ráðstefnan fjallar um aðkomu kvenna að ákvarðanatöku og stefnumótun um framtíð norðurskautssvæðisins á tímum efnahagslegra og samfélagslegra breytinga.

Á árinu fengu 28 verkefni styrk úr áætluninni í samræmi við meðmæli ráðgjafarnefndarinnar<sup>11</sup>. Einnig má nefna umfangsmikið verkefni um þróun lífhagkerfis á norðurskautssvæðinu sem fór af stað á árinu, en að því koma

<sup>10</sup> Sjá nánar um Nordic Cool á bls. 15 og bls. 19.

<sup>11</sup> Sjá verkefni sem hlutu styrk og styrkuppþæðir: [www.nordregio.se/arcticprogramme](http://www.nordregio.se/arcticprogramme).

norrænar stofnanir, norræna embættismannanefndin um fiskveiðar og fiskeldi, Mátis og grænleniskir aðilar.

### *Samstarf við ESB*

Samstarf NMR við ESB fer einkum fram á vettvangi Norðlægu víddarinnar, Eystrasaltsáætlunar ESB og með því samstarfi sem beinist að Hvíta-Rússlandi. Þar við bætist það samstarf sem einstakar fagráðherranefndir stofna til við stofnanir ESB.

NMR tekur virkan þátt í að setja í framkvæmd markmið Eystrasaltsáætlunarinnar, en þar gegna norrænu skrifstofurnar í Eystrasaltsríkjunum, Pétursborg og Kalíníngard lykilhlutverki. Þá hefur NMR um árabíl tekið þátt í samstarfsverkefnum innan Norðlægu víddarinnar sem setur pólitískan ramma utan um samstarf ESB við Rússland, Noreg og Ísland. Meðal þeirra eru verkefnið um heilsufar og félagslega velferð (NDPHS), verkefnið um umhverfismál (NDEP) og verkefnið um menningarmál (NDPC) en skrifstofa þess hefur undanfarið verið vistuð í höfuðstöðvum NMR í Kaupmannahöfn. Ákveðið hefur verið að skrifstofa NDPC muni flytja til skrifstofu NMR í Ríga í byrjun næsta árs.

Samstarf NMR við ESB um málefni hvítrússneska háskólans EHU (European Humanities University) nær aftur til ársins 2005 en starfsemi háskólans, sem verið hafði í Minsk, hafði þá nokkru áður verið leyst upp samkvæmt tilskipan stjórnvalda og nemendur ásamt kennaraliði verið sendir heim. Yfirvöld í Litháen skutu skjólshúsi yfir skólann og útveguðu bráðabirgðahúsnæði í Vilnius. ESB og NMR tóku höndum saman um að styðja við áframhaldandi starfsemi skólans og hafa samningar þar að lútandi verið endurnýjaðir ár hvert. Um 2000 hvítrússnesk ungmenni stunda nú nám við skólann sem hefur Bologna-viðmiðin að leiðarljósi í starfsemi sinni. NMR er vörsluaðili styrktarsjóðs fyrir EHU, en margir einkaaðilar og ríki láta fé af hendi rakna til hans. Ásamt ESB tekur NMR þátt í að fjármagna og reka sérstakt styrktarúrræði fyrir hvítrússneska námsmenn sem og önnur úrræði sem er ætlað að styðja við lýðræðisöflin í Hvíta-Rússlandi.

### *Samstarf við Eystrasaltsríkin og Rússland*

Vinna við að endurskoða og móta nýjar reglur um samstarf NMR við Eystrasaltsríkin og Rússland einkenndi alþjóðlega samstarfið á árinu.<sup>12</sup> Nýju reglurnar, sem tóku gildi í upphafi árs 2014, styrkja m.a. skrifstofurnar í Tallinn, Ríga og Vilnius verulega í sessi en með flutningi NDPC-skrifstofunnar til Ríga má segja að skrifstofurnar þrjár þjóni hver með sínum hætti mikilvægum tilgangi fyrir NMR. Samstarf NMR á Eystrasaltssvæðinu fer einkum fram innan ramma nokkurra styrkjaáætlana, þ.e. mannskíptaáætlana, áætl-

<sup>12</sup> Sjá nánar á bls. 12.

unar um þekkingaruppbyggingu og myndun tengslaneta og áætlunar um samstarf sveitarstjórna og landamærasvæða innan Eystrasaltsvæðisins. Við framkvæmd þessara áætlana gegna skrifstofurnar í Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi lykilhlutverki en samkvæmt nýjum samstarfsreglum er ætlunin að auka mótfamlög samstarfsríkjanna til samstarfsverkefna í nokkrum þrepum þar til jafnræði verður náð.

Á árinu var tekin ákvörðun um að færa skrifstofuna í Kalíníngard undir Pétursborgarskrifstofuna – í sparnaðarskyni verður ekki ráðið í stöðu framkvæmdastjóra í Kalíníngard þegar hann lætur af störfum á næsta ári. Skrifstofan komst nokkuð í sviðsljósið vegna eftirlitsaðgerða rússneskra stjórnvalda gagnvart henni. Starfsmenn embættis saksóknara í Kalíníngard heimsóttu skrifstofuna í lok apríl og óskuðu eftir að sér yrðu afhent ýmis bókhaldsgögn sem skrifstofan lét þeim í té. Tilgangur heimsóknarinnar var að ganga úr skugga um að þar færi ekki fram pólitísk starfsemi sem beindist gegn rússneskum stjórnvöldum. Aðgerðir þessar komu í kjölfar nýrrar löggjafar í Rússlandi um starfsemi frjálsra félagasamtaka þar í landi. Nýju lögin kveða á um heimild rússneskra stjórnvalda til þess að herða eftirlit með þeim, en samkvæmt minnisblaði (Memorandum of Understanding) milli NMR og rússneskra stjórnvalda frá árinu 1995 eru skrifstofurnar í Kalíníngard og Pétursborg skilgreindar sem frjáls félagasamtök. Hin nýja löggjöf hefur einnig haft neikvæð áhrif á samskipti skrifstofanna við rússnesk félagasamtök sem þurfa nú að setta sig við eftirlitsheimsóknir stjórnvalda sem boðaðar eru með litlum eða engum fyrirvara.

NMR hefur um árabil haft áhyggjur af lagalegri stöðu skrifstofanna í Rússlandi og hefur reynt að fá henni breytt þannig að skrifstofurnar fái diplómatiska stöðu í Rússlandi, en án árangurs. NMR leit þá atburðarrás sem átti sér stað í Kalíníngard mjög alvarlegum augum og taldi að sú stefna sem málið hefði tekið væri mjög óheillavænleg fyrir norrænt samstarf í Rússlandi. Taldi NMR brýnt að norrænu utanríkisráðherrarnir beittu sér í sameiningu gagnvart rússneskum stjórnvöldum að því er varðaði lagalega stöðu skrifstofanna í Rússlandi. Svíar, sem fóru með formennsku í NMR, beittu sér fyrir því að norrænu sendiherrarnir í Moskvu fóru á fund varautanríkisráðherra Rússlands til þess að koma á framfæri formlegum mótmælum norrænu ríkisstjórnanna vegna aðgerða í Kalíníngard. Áfram var unnið í málinu á árinu og í árslok var það mat NMR að góður vilji væri hjá rússneskum stjórnvöldum að finna lausn á því. Viðræður við þau halda áfram 2014.

### *Samstarf við önnur svæðisbundin ráð og stofnanir*

Svæðisbundin ráð og stofnanir sem hafa nyrsta hluta Evrópu sem starfsvettvang sinn eiga með sér reglubundið samráð til þess að koma í veg fyrir tvítekningu og sóun fjármuna. Á árinu hafði NMR, líkt og mörg undanfarin ár, náðið samráð við Norðurskautsráðið (AC), Barentsráðið (BEAC), Eystrasaltsráðið (CBSS) og Baltic Development Forum (BDF) sem og við

HELCOM (samninginn um verndun Eystrasaltsins). NMR hefur um árabíl styrkt verkefni BEAC á sviði umhverfismála, málefna frumbyggja og efnahagsþróunar. Þá er NMR í góðu samstarfi við CBSS á vettvangi Norðlægu víddarinnar sem og innan Eystrasaltsáætlunarinnar þar sem áhersla er lögð á samstarfsverkefni um sjálfbæra þróun og lífhagkerfisþróun. NMR er áheyrnarfulltrúi í AC og hefur um árabíl styrkt verkefni þess af norrænu áætluninni um málefni norðurskaupsins. Mikið samstarf var við BDF á árinu og tók NMR virkan þátt í toppfundi BDF í Ríga í júní. Samstarf er einnig við Evrópuráðið í verkefnum sem skrifstofa NMR í Pétursborg hefur umsjón með.

## 16. Norrænar stofnanir á Íslandi

### *Norræna húsið*

Norræna húsið í Reykjavík hefur það að heildarmarkmiði að efla norrænt samstarf og styrkja samheldni landanna. Húsið er vettvangur menningar og þekkingar og leggur kapp á að vera virk, nýjungagjörn og mikilvæg stofnun með áherslu á bókmenntir og tungu, byggingarlist og hönnun, nýja norræna matargerð, samfélagsumræðu og sjálfbæra þróun til lengri tíma lítið.

Norræna húsið vinnur með og fyrir börn og unglinga með það að leiðarljósi að efla tengsl, sköpunargáfu og samheldni. Húsið er einnig miðstöð norræna bókmennta og rekur og þróar alhliða og nútímalegt norrænt bókasafn.

Skrifstofa barna- og unglingsbókmenntaverðlauna NR er í Norræna húsinu. Húsið sinnir einnig starfsemi norræna upplýsingaverkefnisins „Norðurlönd í fókus“ á Íslandi.

Dagskrá hússins er fjölbreytt og samanstendur af málstofum, ráðstefnum, fyrirlestrum, kynningarstarfsemi, tónleikum, gjörningum, listasýningum, kvikmyndasýningum o.fl. Hlutverk stofnunarinnar er að styrkja samstarf vestnorrænu landanna og gera Norður-Atlantshafssvæðið sýnilegt, bæði á Norðurlöndum og á alþjóðavettvangi.

Stofnunin vinnur að því að styrkja samvinnu við stofnanir innanlands, einkum Háskóla Íslands (HÍ). Aðrir nánir samstarfsaðilar hússins eru Norræna stofnunin á Grænlandi, Norræna húsið í Færeyjum, Norræna stofnunin í Finnlandi og Norðurbryggjan í Kaupmannahöfn.

Norræna húsið er eins konar snertiflötur fyrir norræna menningarsamvinnu og upplýsir um styrkveitingar og almenna framvindu norrænnar samvinnu.

Húsið heyrir undir MR-K og starfar samkvæmt samningi við NMR en á samningstímanum 2011–2013 voru áherslurnar eftirfarandi:

- 1) Börn og unglingar – þátttaka og tengsl.
- 2) Bókmenntir og tungumál – nútímalegt norrænt bókasafn og dagskrá.
- 3) Alþjóðleg þekking og menning – Norðurlönd í heiminum, heimurinn á Norðurlöndum.
- 4) Staðbundinn snertiflötur menningar – internetið og upplýsingar.
- 5) Ný norræn matargerð – menning máltíðarinnar og miðdepill nýrrar norrænnar matargerðar á Vestur-Norðurlöndum.
- 6) Sjálfbær þróun til langs tíma – staðbundin nýsköpun.

Benda má á fimm meginverkefni Norræna hússins á árinu:

- 1) *Skrifstofa barna- og unglingsbókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs og tengd verkefni.* Akveðið var að fela Norræna húsinu í Reykjavík umsjón skrifstofu nýstofnaðra barna- og unglingsbókmenntaverðlauna NR sem veitt voru í fyrsta sinn á árinu. Skrifstofan annast allan daglegan rekstur verðlaunanna. Ákvörðun um að stofna til verðlaunanna var ekki endanlega tekin í NR fyrr en á fundi í janúar 2013, níu mánuðum áður en þau voru veitt í fyrsta sinn. Hófst þá vinna við að koma skipulagi starfsins á. Fulltrúi skrifstofunnar kynnti verðlaunin fyrir hönd allra Norðurlanda á helstu bókamessum ársins, t.d. í Leipzig, Bologna og Gautaborg, og verðlaunin hafa notið athygli norrænna fjölmiðla og fagfólks. Dómnefnd verðlaunanna kom saman til kynningarfundar í Reykjavík í febrúar og síðan aftur í september í Gautaborg en þar var sigurverk ársins valið. Tilkynnt var um sigurverkið á verðlaunahátíð Norðurlandaráðs 30. október 2013 í óperuhúsinu í Osló.

Skrifstofan annast einnig önnur norræn verkefni á sviði barna- og unglingsbókmennta. Hún hefur til að mynda haft yfirumsjón með rithöfundaskóla fyrir ungt fólk á Biskops Arnö í Svíþjóð sem haldinn er að sumri til. Einnig stýrir hún verkefni um norrænar rithöfundaheimsóknir sem Norræna félagið í Noregi hefur daglega umsjón með og rafrænni útgáfu í Noregi á faglegru gagnrýni á allar tilnefndar bækur til barna- og unglingsbókmenntaverðlauna NR.<sup>13</sup> Skrifstofan hefur öðlast lykilhlutverk í mótun á hlutverki og starfi NMR við verkefni tengd barna- og unglingsbókmenntum.

- 2) *Volcano sirkushátíð.* Norræna húsið og „Cirkus Xanti“ frá Noregi héldu 4.–14. júlí stærstu sirkushátíð sem farið hefur fram á Íslandi. Á hátíðinni komu fram margir erlendir sirkuslistaflokkar og einn íslenskur. Sex sirkustjöld risu í Vatnsmýrinni við Norræna húsið og mynduðu sirkusþorp á meðan á hátíðinni stóð og var þorpið áberandi í bæjarmynd Reykjavíkur. Hátíðin teygði einnig anga sína niður í

13 Sjá nánar á [www.barnebokkritikk.no](http://www.barnebokkritikk.no).

miðbæ Reykjavíkur og upp í Borgarleikhús þar sem hinn sænski „Cirkus Cirkör“, sem er heimsþekktur sirkusflokkur, hélt sýningar. Sirkushátíðin var í anda svokallaðs „nýsirkuss“/„sam tímasirkuss“ sem er nútímaafbrigði hefðbundins sirkuss. Leitast var við að bjóða upp á sýningar fyrir alla aldurshópa og dagskráin teygði sig frá morgni og fram að miðnætti flestalla dagana. Sirkusinn naut athygli fjölmiðla og hátíðargestir voru u.þ.b. 25 þúsund.

- 3) Ellefta *bókmenntahátíðin* í Reykjavík fór að venju fram í Norræna húsinu 11.–15. september. Norræna húsið er sem fyrr einn af helstu bakhjörllum hátíðarinnar. 27 rithöfundar, þar af 17 erlendir, sóttu hátíðina heim í ár. Auk þess kom fjöldi erlendra útgefenda, umboðsmanna og blaðamanna á hátíðina. Fjöldi fólks sækir að jafnaði viðburði bókmenntahátíðarinnar og svo var einnig nú. Dagskrá hátíðarinnar var venju fremur umfangsmikil þar sem hún var að nokkru leyti samtengd árlegu þingi „PEN International“ sem fór fram í Hörpu á sama tíma. Rás eitt starfaði náð með bókmenntahátíðinni og hélt úti viðamikilli dagskrá í útvarpi frá hátíðinni meðan á henni stóð og í kjölfar hennar.
- 4) *Ljósmyndasýningin „Langa andartakið“* fór fram í Norræna húsinu 9. mars–17. júní. Þar voru sýndar ljósmyndir og innsetningar Söruh Cooper og Ninu Gorfer og var sýningin haldin í samstarfi við Dunkers Kulturhus í Helsingborg. Listakonurnar móta myndir sínar eins og danshöfundar og eru ljósmyndirnar unnar í nánu samstarfi við fólkið sem þær sýna. Sýningin tengdist verkefninu um „Norræna tiskutvíaeringinn“ sem Norræna húsið stendur að ásamt fleirum og nær til nokkurra ára. Sarah Cooper og Nina Gorfer eru sýningarstjórar og listrænir stjórnendur þriðja norræna tiskutvíaeringsins og hafa skapað eigin sýningu sem frumsýnd verður í Frankfurt í mars 2014 og sýnd aftur í Kaupmannahöfn í október.
- 5) Norræna húsið hefur að undanfögnu unnið að því að endurskapa *fuglafríðlandið í Vatnsmýrinni*. Markmiðið er að endurheimta votlendið, auka áhuga á náttúru Vatnsmýrarinnar og efla vitund um verndun náttúrusvæða innan og utan borgarmarkanna. Megináhersla er lögð á að nýta fríðlandið sem lifandi vettvangur fyrir rannsóknir í náttúruvísindum og til fræðslu fyrir börn og almenning. Framkvæmdir við fríðlandið hófust í ársbyrjun 2012. Fríðlandið að vestanverðu var m.a. lækkað og afmarkað betur með síki. Fyrir framkvæmdir var ástandið í mýrinni talið slæmt enda hafði fuglalífi hrakað mikið á síðustu áratugum vegna ágengra plantna. Strax sama ár, nokkrum mánuðum eftir fyrstu framkvæmdirnar, tók fuglalíf við sér og tegundir eins og tjaldur og kría létu sjá sig. Síðastliðið vor verptu enn fleiri fuglar en þeim mun vonandi fjölga enn frekar á næstu árum. Í haust hófst annar áfangi við að endurbæta fríðlandið. Landið var lækkað að norðaustanverðu, þ.e. á þeirri hlið fríðlandsins sem liggur meðfram Hringbraut og Njarðargötu. Áætlað var að framkvæmdum við þann áfanga lyki í febrúar 2014.

Fjöldi viðburða og sýninga er í húsinu árið um kring, bæði á vegum hússins sjálfis og utanaðkomandi aðila. Hér er yfirlit yfir það helsta sem bar á góma á starfsárinu:

*Bókasafn Norræna hússins* starfaði með hefðbundnum hætti á árinu. Bókasafnið tók þátt í helstu viðburðum hússins á sviði bókmennta og stóð auk þess fyrir eigin dagskrá. Þar má nefna samveru- og sögustundir fyrir börn sem mælandi eru á öðrum norrænum tungumálum en íslensku. Bókasafnið tekur á móti mörgum skólahópum á hverju ári og kynnir safnið, húsið og menningu Norðurlanda.

*Menningarhátíðir:* Norræna húsið tekur þátt í öllum helstu menningarhátíðum sem fram fara í Reykjavík auk þess að vera bakhjarl og í hópi beinna aðstandenda margra þeirra. Þessar hátíðir eru meðal annars: Bókmenntahátíð í Reykjavík, kvikmyndahátíðin RIFF, Listahátíð í Reykjavík, Iceland Airwaves, Menningarnótt, Vetrarhátíð, Barnamenningarhátíð, Hönnunarmars og Jazzhátíð Reykjavíkur.

*Myndlist:* Meðal myndlistarsýninga voru eftirtaldar: Vídeóhátíðin „700IS Hreindýraland“, „Langa andartakið“ eftir Cooper og Gorfer, „Qanga“ eftir grænlenka listamanninn Nuka K. Godtfredsen, „Rakete Rinnzekete“ með listamannahópnum JYLLAND, ljósmyndasýningin „Gay Greenland“ og listasýningin „Mýrargull“ með myndlistarkonunum Steinunni Gunnlaugsdóttur, Osk Vilhjálmsdóttur og Hildi Hákonardóttur.

*Tónlist:* Meðal tónlistarburða voru tónleikaröðin „Klassík í Vatnsmýrinni“, „Pikknikk“-tónleikar í gróðurhúsi Norræna hússins allt sumarið, „Kammer“-tónlistarhátíð, 100 ára hátíðartónleikar helgaðir Benjamin Britten, flutningur djassverksins „Andstæður/Kontraster“ og „Pow Wow“-tónleikar með Northern Cree-hópnum.

*Bókmenntir:* Kjarni bókmenntastarfs hússins er bókasafnið og skrifstofa barna- og unglingsbókmenntaverðlauna NR. Norræna húsið hélt áfram samvinnu sinni við bókmenntahátíð í Reykjavík og einnig fóru fram í húsinu alþjóðlega ráðstefnan „Heimur handritanna“, glæpasagnahátíðin „Iceland Noir“, ljóðlistarverkefnið „Ort“ og bókmenntadagskráin „Skúrinn“. Ýmsir aðrir bókmenntaviðburðir fóru fram í húsinu allt árið.

*Kvikmyndir:* Norræna húsið hélt áfram samvinnu sinni við kvikmyndahátíðina RIFF og hélt auk þess norræna kvikmyndahátíð í sal hússins í apríl í samvinnu við norrænu sendiráðin á Íslandi.

*Samfélagsmál:* Upplýsingaskrifstofan „Norðurlönd í fókus“ stóð fyrir fjölda funda um norræn samfélagsmál. Meðal þess sem fjallað var um voru áherslur framboða til Alþingiskosninga 2013 um norrænt samstarf, þingkosningar í Noregi, samstarf Norðurlanda gegn alþjóðlegum skattaskjólum og upplýsingafundur um formennskuár Íslands í NMR 2014. Meðal annarra viðburða ársins á sviði samfélagsmála voru fyrirlestur með umhverfissinnanum



Bill McKibben, málþingið „Millimál & matarleifar“ um sóun á mat, umræðufundur þar sem þess var minnst að 40 ár voru liðin frá valdaráni Pinochets í Síle og málþing um stöðu ungs fólks á vinnumarkaði og brottfall úr skóla.

*Tíska og hönnun:* Helsta verkefni Norræna hússins á sviði tísku og hönnunar er „Norræni tískutværingurinn“ sem næst fer fram í Frankfurt 2014. Meðal annarra verkefna og viðburða ársins á sviði tísku og hönnunar voru hönnunarsamkeppnin „Umbúðahönnun 2013“, fyrirlestur skartgripahönnuðarins Sigurd Bronger, listasmiðja fyrir börn á „Hönnunarmars“, hönnunarsýningin „Láð og lögur“ og málþing um hönnun ferðamannastaða. Verslun Norræna hússins, sem staðsett er í afgangi hússins, hefur til sölu úrval íslenskrar og norrænnar hönnunar.

*45 ára afmæli:* Norræna húsið fagnaði 45 ára afmæli með samkomu í lok ágúst og útgáfu bókarinnar „Hræringar“ þar sem starfi undanfarinna ára í Norræna húsinu er tvinnuð saman við þróun samfélagsins á sama tíma.

*Aðrir stærri viðburðir:* Álenskir menningardagar, jóladagatal Norræna hússins, dagskráin „Fallegu Færeyjar“ og verkefni „Norðurlönd hringuð“ og „Ferðalag Línu langsokks“ á Barnamenningarhátíð.

### ***Norræna eldfjallasetrið***

Norræna eldfjallasetrið (NordVulk) er norræn rannsóknamiðstöð í eldfjallafræði og skyldum greinum sem grundvölluð er á sérstæðri og fjölbreyttri náttúru Íslands. NordVulk er hluti af Jarðvísindastofnun HÍ og myndar þar kjarna þverfagslegs þemahóps um rannsóknir í eldfjallafræði með áherslu á innri gerð og hegðun eldfjalla. Á eldfjallasetrinu er unnið að margvíslegum rannsóknaverkefnum á sviði jarðefna- og jarðeðlisfræði, samhliða þjálfun ungra norrænna vísindamanna.

Eitt meginmarkmið eldfjallasetursins er að efla rannsóknir í eldfjallafræði og skyldum greinum á norrænum vettvangi, samhliða vísindalegri þjálfun og kennslu. Með starfsemi stofnunarinnar síðastliðin 39 ár hefur orðið til víðtækt þekkingarnet á Norðurlöndum sem skapað hefur henni sess á alþjóðavettvangi. Sumarskólar NordVulk, sem styrktir hafa verið af norrænum og bandarískum vísindasjóðum, hafa ennfremur leitt saman unga vísindamenn og sérfræðinga austanhafs og vestan. Á grundvelli þeirra hafa mörg alþjóðleg rannsóknarverkefni orðið til. NordVulk miðlar þekkingu með því að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í virtustu vísindatímaritum á sínu sviði. Rannsóknaniðurstöðum er einnig komið á framfæri við almenn- ing, þar sem vísindamenn við NordVulk eru í ráðgjafahóp Almanna- varna, en einnig koma vísindamennirnir á framfæri upplýsingum við almenn- ing í gegnum fjölmiðla þegar eldgos verða með áherslu á (en ekki bundið við) fjöl- miðla frá norrænu löndunum.

### *Rannsóknir*

Á rannsóknamiðstöðinni er unnið að margvíslegum rannsóknaverkefnum. Sem dæmi má nefna rannsóknir á fornveðurfari og umhverfisbreytingum, jarðefnafræðilegar rannsóknir á eðli jarðhitavökva, jarðfræðilegar rannsóknir á gosefnum eldfjalla og jarðeðlisfræðilegar rannsóknir á jarðskorpuhreyfingum á eldfjalla- og jarðskjálftasvæðum ásamt líkanreikningum af innviðum eldfjalla og kvikukerfum. Rannsóknir í eldfjallafræði hafa umtalsverða norræna skírskotun. Þannig eru t.d. gömul berglög mynduð og mótuð af eldvirkni mikilvægur hluti í jarðfræðilegri byggingu Skandinavíu og Finnlands. Til að kleift sé að skilja aðstæður og myndun slíkra jarðlaga er nauðsynlegt að nýta reynslu úr rannsóknum á virkum eldfjallasvæðum. Jarðlög Skandinavíu og Finnlands mynduðust að mestu fyrir hundruðum milljóna ára en á Íslandi er jarðskorpan enn í mótun og myndun. Ein meginástæða hinnar miklu jarðfræðilegu sérstöðu Íslands er sú að hér á landi er úthafshryggur tengdur fleka-skilum Norður-Ameríkuflekans og Evrasíuflekans ofansjávar. Ný jarðskorpa myndast á úthafshryggjum við eldvirkni og kvikuhreyfingar. Einstök tækifæri eru því hérlendis til að rannsaka úthafshrygg ofansjávar, þar sem slíkir hryggir liggja að öllu jöfnu á um tveggja til þriggja kílómetra sjávardýpi. Sérstaða Íslands er til orðin vegna samspils úthafshryggjar við heitan reit í möttli jarðar þar sem óvenjumikil eldvirkni er. Þá eru eldgos á Íslandi mjög fjölbreytileg og verða við mismunandi umhverfisaðstæður. Neðansjávargos og gos undir jöklum landsins verða, auk sprengi- og hraungosa á þurru landi. Rannsóknir á eldvirkni úthafshryggja og öðrum mikilvægum þáttum flekahreyfinga á Íslandi eru mikilvægar til að skilja eðli sambærilegra ferla sem hafa myndað og mótað jarðskorpu hinna norrænu landanna. Þá eru rannsóknir, sem tengjast ferlum sem eiga sér stað í eldfjöllum og á jarðhitasvæðum, mikilvægar til að skilja myndun jarðefna sem unnin eru í dag úr rótum fornra eldstöðvakerfa annars staðar á Norðurlöndum.

Staða NordVulk sem norrænnar miðstöðvar í eldfjallafræði kom skýrt fram þegar haldinn var ársfundur í „FutureVolc“-rannsóknaverkefninu sem NordVulk leiðir ásamt Veðurstofu Íslands. Þátttakendur frá meira en 20 löndum komu á ársfund verkefnisins þar sem gerð var grein fyrir framgangi verkefnisins frá því það hófst 1. október 2012, m.a. hvað varðar uppsetningu ýmiskonar tækja til mælinga á hegðun eldfjalla og innviðum þeirra.

NordVulk hélt að auki sumarskóla um fjarkönnun á eldvirkum svæðum (Remote sensing techniques in a dynamic geological setting) með þátttakendum hvaðanæva af Norðurlöndum, auk leiðandi sérfræðinga á sviðinu frá Bandaríkjunum, Ítalíu og Sameinuðu arabísku furstadæmunum.

### *Starfsfólk*

Á hverju ári auglýsir Norræna eldfjallasetrið fimm til sex stöður fyrir unga norræna vísindamenn sem veittar eru til tólf mánaða í senn. Stöðurnar

eru ætlaðar nemendum í framhaldsnámi eða nýdöktum frá Norðurlöndum. Þessir styrkþegar öðlast tækifæri til að vinna rannsóknarverkefni í samstarfi við rannsóknahóp NordVulk. Úr umsækjendum velur norræn verkefnanefnd eldfjallasetsursins en í henni er einn jarðvísindamaður frá hverju norrænu landanna. Jafnframt er ein staða fyrir reyndan norrænan vísindamann í eldfjallafræði. Sú staða er einnig tímabundin, veitt til fjögurra ára í senn, en sá sem gegnir henni er gjarnan frá einhverju norrænu landanna utan Íslands. Þá er hópur fastráðinna jarðvísindamanna við Jarðvísindastofnun HÍ tengdur NordVulk, sem og tæknimenn og starfsfólk á skrifstofu.

### *Rannsóknaniðurstöður*

Mikilvægur hluti í rannsóknastarfseminni er kynning á rannsóknum á innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum og birting rannsóknaniðurstaðna í ritrýndum vísindatímaritum. Á árinu birtu vísindamenn við NordVulk 15 greinar í ritrýndum tímaritum og rúmlega 30 erindi og veggspjöld voru kynnt á íslenskum og alþjóðlegum fagráðstefnum. Þessi árangur er vel umfram það sem kveðið var á um í samningi við NMR um starfsemina.

### *Almannatengsl*

Norræna eldfjallasetrið er alþjóðlega þekkt meðal vísindamanna sem norræn miðstöð rannsókna í eldfjallafræði. Mikill áhugi er einnig meðal almennings á eldfjallarannsóknum sem fram fara á stofnuninni. Þetta lýsir sér t.d. í hversu margir norrænir framhaldsskólanemar heimsækja NordVulk í skipulegum ferðum til Íslands á vegum skólanna (10-15 hópar á hverju ári). Þar fá norrænir framhaldsskólanemar kynningu á jarðfræði Íslands og hinum virku eldfjöllum landsins jafnframt því sem lýst er rannsóknum sem fram fara á eldfjallasetrinu. Mikill áhugi erlendra fjölmiðla er enn á eldvirkni á Íslandi frá því eldgosin urðu í Eyjafjallajökli árið 2010 og í Grímsvötnum árið 2011. Samhliða daglegum vísindastörfum sinntu starfsmenn heimsóknum fjölmiðlafólks, bæði hópa og einstaklinga.

## **17. Norrænar lánastofnanir**

### *Norræni fjárfestingabankinn*

Málefni Norræna fjárfestingabankans (NIB) heyra undir ráðherranefndina um efnahags- og ríkisfjármál (MR-Finans).<sup>14</sup> NIB er alþjóðleg fjármálastofnun í eigu norrænu ríkjanna og Eystrasaltsríkjanna, samtals átta aðild-

<sup>14</sup> Sjá einnig um Norræna fjárfestingabankann á bls. 62.

arlanda, en meginhluti útlána er til verkefna á því svæði. Bankinn er einnig með alþjóðlega útlánastarfsemi til þess m.a. að styðja við verkefnaútlutning fyrirtækja í aðildarlöndunum. NIB veitir lán til langs tíma og er markmið hans að styrkja samkeppnishæfni aðildarlandanna og bæta umhverfið. Í útlánastarfseminni hefur bankinn lagt vaxandi áherslu á fjármögnun verkefna innan skilgreindra kjarnasviða en þau eru umhverfismál, orkuiðnaður, samgöngur og nýsköpun. Svo til öll útlán bankans renna nú til verkefna á þessum sviðum. NIB fjármagnar útlán sín með skuldabréfaútgáfum á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og hafa skuldabréfin hæstu mögulegu einkunn frá helstu lánshæfismatsfyrirtækjum.

Eftirspurn eftir lánnum bankans er heldur dræm um þessar mundir og hefur takmarkaður hagvöxtur eða efnahagssamdráttur í einstökum aðildarlöndum valdið minnkandi heildareftirspurn eftir lánsfjármagni á svæðinu. Alþjóðlegir fjármálamarkaðir hafa þó færst til eðlilegra horfs og hefur bankinn átt auðvelt með fjármögnun sína.

Ársreikningur fyrir árið 2013 liggur ekki fyrir og er því í þessari skýrslu stuðst við upplýsingar um rekstur bankans fyrstu átta mánuði ársins og stöðu hans í lok ágúst 2013. Afkoma bankans á tímabilinu var góð en hagnaður var 153 milljónir evra samanborið við 162 milljónir evra á sama tímabili árið áður. Niðurstöðutala efnahagsreiknings í lok ágúst var 24,6 milljarðar evra. Heildarútlán námu 14,8 milljörðum evra sem er svipað og var í upphafi ársins. Útborguð lán á tímabilinu reyndust 1.039 milljónir evra en voru 1.190 milljónir evra á sama tímabili árið áður. Virðisrýrnun útlána nam 4,6 milljónum evra á tímabilinu og fór lækkandi miðað við fyrri ár. Bankanum gekk vel að afla sér fjár á lánsfjármarkaði til endurlána og gaf út skuldabréf sem námu samtals 3,4 milljörðum evra á tímabilinu á hagstæðum kjörum. Ekki var greiddur arður vegna árána 2009–2011 þrátt fyrir góða afkomu. Álit stjórnar bankans var að vinna þyrfti upp tap ársins 2008 áður en arðgreiðslur gætu hafist að nýju en ákveðið var að arður skyldi greiddur vegna rekstrarársins 2012. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um arðgreiðslu vegna ársins 2013.

### *Umhverfislán*

Bankinn hefur þá yfirlýstu stefnu að veita fjármagni til umhverfisverkefna með lánastarfsemi sinni en einnig að bæta félagslegar aðstæður á einstökum svæðum. Bankinn hefur unnið eftir umhverfisstefnu sem fyrst var innleidd árið 2001 en endurnýjuð árið 2008. Byggir stefnan á samspili efnahagslegs vaxtar og ábyrgðar gagnvart umhverfi sem og félagslegri uppbyggingu. NIB gegnir mikilvægu hlutverki í Northern Dimension Partnership (NDEP) sem er samstarf ESB, Rússlands, NIB, Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD), Evrópska fjárfestingarbankans (EIB), Alþjóðabankans og einstakra landa um fjármögnun brýnna umhverfisframkvæmda á Eystrasaltssvæðinu, í Barentshafi og Norðvestur-Rússlandi. Verkefnin snúa m.a. að hreinsun á efnaúrgangi, hreinum orkugjöfum og hreinsun kjarnorkuúrgangs. NIB hefur

forystu um undirbúning, skipulagningu og fjármögnun umhverfisverkefna á vegum NDEP. Í samræmi við stefnu sína hyggst bankinn á komandi árum beina sjónum sínum enn frekar að umhverfistengdum verkefnum og einkum þeim er varða sjálfbæra þróun, hagkvæmari orkunýtingu og minnkun gróðurhúsalofttegunda. Eigendur NIB ákváðu árið 1996 að setja á fót innan bankans sérstakan umhverfislánaflokk – MIL – fyrir verkefni í nálægð við aðildarlöndin, sem hafa bein eða óbein hagstæð umhverfisáhrif í löndunum. Lánaflokkurinn, sem í upphafi var 100 milljónir evra, var aukinn í 300 milljónir evra árið 2002. Útlán í þessum lánaflokki eru með fullri bakábyrgð aðildarlandanna. Á árinu 2012 varð ljóst að erfiðleikar eru með eitt lán í þessum lánaflokki, sem veitt var árið 2008 til verkefnis í Úkraínu. Nú er talið víst að til útlánaafskrifta komi vegna þessa verkefnis á árinu 2014 og þá verði leitað til ríkissjóða aðildarlandanna vegna bakábyrgðanna. Lauslega áætlað gæti ríkissjóður Íslands fengið á sig kröfu sem næmi um 200.000 evrum.

### *NIB á Íslandi*

Frá upphafi hefur NIB verið mikilvægur þátttakandi í fjármögnun verkefna á Íslandi, ekki síst virkjanaframkvæmda og annarra orkumannvirkja. Útistandandi lán til íslenskra lántaka námu 470 milljónum evra í lok ársins 2013. Þetta samsvarar um 4,0% af lánveitingum til aðildarlandanna á sama tíma. Hlutfallið fer heldur lækkandi vegna afborgana af eldri lánnum samfara takmarkaðri eftirspurn eftir lánsfé til nýrra verkefna. Til samanburðar er eignarhlutur Íslands í bankanum 0,9%. Eftir verulegt tap á árinu 2008, sem að miklu leyti tengdist Íslandi, hélt bankinn í fyrstu að sér höndum í lánveitingum til Íslands. Lækkandi lánshæfismat íslenska ríkisins og óvissa um efnahagshorfur á Íslandi höfðu einnig sitt að segja um þessa afstöðu bankans. Afstaða bankans til lánveitinga til verkefna á Íslandi er nú í eðlilegu horfi. NIB tók þátt í fjármögnun Búðarhálsvirkjunar en eftirspurn frá Íslandi eftir lánsfé til nýframkvæmda, sem falla innan verksviðs bankans, hefur verið takmörkuð undanfarin misseri. Úrvinnsla úr íslenskum lánamálum, þar sem bankinn varð fyrir tapi eða lenti í erfiðleikum árið 2008, er langt komin. Meðal annars hefur bankinn selt þær kröfur sem hann hafði á hendur þrotabúum Kaupþings og Glitnis.

### *Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið*

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) er alþjóðleg fjármálastofnun sem umhverfisráðherrar Norðurlanda stofnuðu árið 1990. Stofnun sjóðsins tengdist stuðningi Norðurlanda við sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna Þriggja, Eistlands, Lettlands og Litháen og var markmiðið að draga úr mengun, m. a. með því að endurnýja tækni og bæta orkunýtni. Eftir að Eystrasaltsríkin gengu í ESB hefur starfssvæði sjóðsins færst til Norðvestur-Rússlands, Úkraínu og Hvíta-Rússlands. Á norðurskautssvæðunum er unnið að hreinsun kjarnorku- og olíuúrgangs og ýmissa eiturefna, m.a. í samstarfi

við AC og BEAC svo og stjórnvöld í Rússlandi. Helstu forgangsmál í starfi NEFCO eru að stuðla að grænum hagvexti og hreinni framleiðslutækni, ýta undir sjálfbæran landbúnað, draga úr losun mengandi efna í iðnaði, auka hlutdeild endurnýjanlegrar orku og bæta orkunýtingu. Þegar lagt er mat á hvort verkefni sé lánshæft er fyrst og fremst horft til þess hvort það eigi þátt í að bæta umhverfið og síðan er fjárhagsleg hlið þess vegin á móti umhverfisþáttunum. Sérfræðingar sjóðsins hafa þróað aðferðafræði til að nota sem mælistiku á umhverfisáhrif verkefna. Útreikningar þeirra hafa m.a. sýnt að allt að tíu sinnum ódýrara getur reynst að taka á umhverfisvanda þar sem rótin liggur í héraði en að takast á við afleiðingar hans þegar þær gera vart við sig á Norðurlöndum. Starfsemi sjóðsins hefur haft jákvæð áhrif á umhverfið, ekki einungis í löndunum við Eystrasalt og á norðurslóðum heldur einnig á Norðurlöndum, t.d. hvað varðar loftgæði og ástand Eystrasaltsins. Auk þess hafa verkefni á vegum NEFCO ýtt undir kynningu á norrænni umhverfis-tækni og veitt norrænum fyrirtækjum tækifæri til að útvíkka starfsemi sína til þessara landa.

Dæmigerð verkefni sem NEFCO tekur þátt í snúast um endurnýjun á orkuverum og ýmsum tækjum og tækni í iðnaðarframleiðslu. Í samstarfi við sveitarfélög og önnur stjórnvöld er unnið að því að bæta þjónustu við íbúa, m.a. með því að auka orkunýtni, hreinsa frárennsli og bæta meðhöndlun úrgangs. Þá er einnig unnið með fyrirtækjum sem framleiða umhverfisvæna tækni, sem t.d. dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda, og tækni sem eykur orkunýtni. NEFCO hefur m.a. veitt fjölda lána til skóla, barnaheimila og sjúkrahúsa í því skyni að bæta orkunýtni. Kolaverum í Rússlandi hefur verið lokað og lífmassi í orkuframleiðslu tekinn upp í staðinn. Formlegt samstarf er milli NEFCO og Bank Lviv í Úkraínu, sem er í eigu Íslendinga, um bættu orkunýtni við húshitun í Úkraínu og hefur það starf skilað góðum árangri. Aukin einangrun húsa, nýir gluggar og ný hitunartæki skila miklum árangri bæði hvað varðar umhverfisþættina en einnig fjárhagslega fyrir íbúana. Öll verkefni, sem sjóðurinn tekur þátt í, stuðla að því að minnka losun ýmissa mengandi efna og eiga því þátt í að bæta umhverfi og heilsu fólks um leið og dregið er úr gróðurhúsaáhrifum.

NEFCO hefur aðsetur í Helsinki og eiga norrænu löndin hvert um sig einn fulltrúa í stjórn sjóðsins. Sérfræðingar sjóðsins koma með jöfnu millibili til Íslands og kynna starfsemi hans fyrir fulltrúum úr atvinnulífinu, í því skyni að stuðla að aukinni þátttöku íslenskra fyrirtækja í verkefnum á vegum sjóðsins.

### ***Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn***

Tekin var ákvörðun um að leggja Norræna verkefnaútflutningssjóðinn (Nopef) niður á árinu og var árið 2013 því síðasta starfsár sjóðsins. Fjármagni sem runnið hefur til sjóðsins, rúmlega 2 milljónir evra árlega, mun verða veitt í nýjan sjóð sem starfræktur verður undir NEFCO, en hann mun einungis

styrkja verkefni á sviði umhverfismála. Stjórn Nopef var mótfallin þessari ráðstöfun, enda þýðir hún að fæst þeirra fyrirtækja sem átt hafa aðgang að aðstoð sjóðsins munu geta sótt aðstoð til NEFCO. Atvinnugreinar eins og hugbúnaðargerð, heilbrigðisgeirinn, líftækni og fleiri vaxtarbroddar munu ekki hafa neina möguleika á aðstoð. Einungis u.þ.b. þriðjungur af verkefnum Nopef hingað til hefur fallið undir víða skilgreiningu á umhverfisverkefnum. Langfæst umhverfisverkefni hafa verið frá Finlandi og Íslandi, en flest frá Danmörku.

Nopef var stofnaður árið 1982 til þess að efla alþjóðlega samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Norðurlöndum, með því að veita lán til for- og hagkvæmniathugana vegna alþjóðavæðingar fyrirtækja sem vilja koma á fót starfsemi utan Evrópu. Sjóðurinn hefur frá upphafi afgreitt tæplega 5000 umsóknir um lán og veitt um 2800 fyrirtækjum lán eða styrki.

Árið 2013 voru umsóknir 148, samanborið við 124 árið áður. Samþykkt var að veita fjármagni til 86 verkefna, sem er nokkur aukning frá fyrri tveimur árum.

Að venju var horft sérstaklega jákvæðum augum til verkefna sem lúta að kjarnahæfni landanna, verkefna sem sýnt þótti að hefðu sterk jákvæð áhrif á atvinnurekstur á Norðurlöndum, verkefna á sviði heilbrigðis- og velferðarmála auk orku- og umhverfistengdra verkefna.

Hlutfallsleg skipting verkefna milli landa er þannig að Svíþjóð var með 31 (36%), Danmörk og Noregur með 17 verkefni hvort (20%), Finnland með 16 (19%) og Ísland með 5 verkefni (6%). Fyrirtækin sem aðstoð hlutu eru flest lítil, 31% fyrirtækjanna er með 10 starfsmenn eða færri, 40% þeirra eru með 11-50 starfsmenn, og 19% eru með 51-100 starfsmenn. 10% fyrirtækjanna eru með fleiri en 100 starfsmenn.

Vinsælustu landsvæðin voru í Asíu, þar sem 32 (37%) verkefni voru í gangi, þá Suður- og Mið-Ameríku 23 (27%) og síðan Norður-Ameríka með 13 verkefni (15%). Í Rússlandi voru tíu verkefni, fimm í Afríku, þrjú í Evrópu og eitt í Ástralíu.

Í árslok voru alls 148 verkefni í gangi og námu útistandandi lánsloforð 4,7 milljónum evra. Árið áður var 150 verkefnum ólokið og nam upphæð lánsloforða 4,8 milljónum evra. Meðalupphæð lánsloforða er um 32.000 evrur.

### ***Norræni þróunarsjóðurinn***

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) er í eigu Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Hann hefur aðsetur í Helsinki og nýtur að hluta samrekstrar með NIB og öðrum norrænum stofnunum í borginni. Í stjórn sjóðsins sitja fulltrúar norrænu ríkjanna fimm og eru starfsmenn sjóðsins þrettán talsins.

NDF hefur veitt víkjandi lán til þróunarríkjanna frá stofnun sjóðsins árið 1989. Árið 2009 ákvað NMR á grundvelli tillögu stjórnarinnar að þeim fjárumunum sem endurgreiðast til sjóðsins – samtals um einn milljarður evra á 35 ára tímabili – verði varið til loftslagstengdra verkefna í þróunarlöndum, og var samþykktum sjóðsins breytt til samræmis við það.

Markmið NDF eru:

- Að greiða fyrir stærri fjárfestingum í þróunarríkjum, í samstarfi við aðra alþjóðlega fjárfesta, með það að markmiði að bregðast við orsökum og afleiðingum loftslagsbreytinga.
- Að endurspeglu áherslur norrænu landanna á sviði loftslagsbreytinga og í baráttunni við fátækt og hungur.
- Að auka samlegðaráhrif loftslagsverkefna og vera viðbót við aðra fjármögnun.

Á grundvelli nýs hlutverks hefur stjórn NDF samþykkt 61 styrk, samtals að upphæð 166,3 milljónir evra á árunum 2009–2013. Nærri helmingur verkefnanna eru í Afríkulöndum sunnan Sahara (42%) en önnur verkefni eru staðsett í lágtekjulöndum í Asíu (26%) og Rómönsku-Ameríku (30%).

Miða þau að því að styðja löndin við að laga sig að breyttum aðstæðum vegna loftslagsbreytinga og til þess að draga úr útblæstri á gróðurhúsalofttegundum, hvort sem er með aðlögun og/eða fyrirbyggjandi aðgerðum.

Samkvæmt stefnu NDF fyrir árin 2014–2015 verður lögð aukin áhersla á að meta reynslu af yfirstandandi loftslagsverkefnum. Sem norræn stofnun mun sjóðurinn halda áfram að styðja norrænar áherslur í loftslags- og þróunarmálum en hyggst skerpa val á verkefnum með áherslu á starfsemi þar sem sjóðurinn getur, auk fjárframlags, lagt meira af mörkum og skapað samlegðaráhrif.

NDF mun áfram veita stærstum hluta styrkja til ríkja sem þegar eru í samstarfi við sjóðinn. Samkvæmt áætlun fyrir árin 2014–2015 er stefnt að því að um 50% styrkja til nýrra verkefna fari til Afríku. Jafnframt mun sjóðurinn leitast við að auka stuðning við lágtekjuríki í stað millitekjuríkja. Áfram verður veitt úr sjóðnum til verkefna á sviði innviða, náttúruauðlinda og viðbragða við loftslagsbreytingum. Til þess að skerpa á hlutverki og eðli starfsemi sinnar mun NDF leitast við að nálgast þessi viðfangsefni á kerfisbundinn hátt með tvennt að leiðarljósi: annars vegar að stuðla að uppbyggingu einkageirans og hins vegar að framlög úr sjóðnum verði í auknum mæli virðisaukandi og framsæknari.

Í nóvember 2012 var undirritað samkomulag Íslands og NDF um fjármögnun jarðhitaverkefnis í Sigdal Austur-Afríku. Samkomulagið er hluti af samstarfi Íslands og Alþjóðabankans um að hraða jarðhitavæðingu í þrettán ríkjum; Djíbútí, Eþíópíu, Úganda, Erítreu, Kenía, Tansaníu, Malaví, Mósambík, Búrúndí, Rúanda, Sambíu, Austur-Kongó og Comoros. Vinna



við framkvæmd verkefnisins hefur verið í góðum gangi og hafa alls níu lönd óskað eftir þátttöku, Rúanda, Kenía, Eþíópía, Tansanía, Malaví, Úganda, Búrúndí, Djíbútí og Zambía. Í samstarfinu felst að Íslendingar, með stuðningi NDF, aðstoði ríkin á svæðinu við jarðhitaleit, geri nauðsynlegar grunnrannsóknir og veiti liðsinni við gerð áætlaða um jarðboranir til þess að meta stærð auðlindanna. Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) sér um framkvæmd þess hluta. Stærsta samstarfsverkefni ÞSSÍ og NDF sem nú þegar er komið af stað er í Eþíópíu, en miklir möguleikar eru til að virkja jarðhita í landinu. Einnig hófst um mitt árið samstarfsverkefni við Rúanda en landið hóf tilraunaboranir síðastliðið sumar. Stuðningur ÞSSÍ í Rúanda felst í þjálfun innlendra sérfræðinga á ýmsum sviðum er tengjast jarðhitaborunum, borholujarðfræði, verkfræði og umhverfisvöktun. Í Sambíu var á árinu einnig unnið að jarðhitarannsóknnum í samvinnu við stjórnvöld.

*Norræni loftslagssjóðurinn (NCF)* er vistaður hjá NDF og veitir styrki til verkefna sem vinna að því að takmarka áhrif loftslagsbreytinga. Sjóðurinn er fjármagnaður af NDF í samstarfi við NEFCO. Markmiðið er að hvetja til samstarfsverkefna milli norrænna stofnana, yfirvalda, samtaka og fyrirtækja og samstarfsaðila þeirra í þróunarríkjum.

NCF hefur í fjörgang kallað eftir styrkumsóknnum og hefur 22 milljónum evra verið úthlutað til verkefna sem efla tækni- og þekkingarmiðlun á sviði loftslagsbreytinga. Á árinu var gerð óháð úttekt á starfsemi sjóðsins og voru niðurstöður jákvæðar á heildina litið.

### ***Lánasjóður Vestur-Norðurlanda***

Lánasjóðurinn lánað fé til fjárfestinga fyrirtækja í Færeyjum og á Grænlandi. Einnig til íslenskra fyrirtækja, að því tilskildu að um sé að ræða samstarfsverkefni íslensks og annað hvort færeysks eða grænlenks fyrirtækis. Þetta er í samræmi við samþykktir frá árinu 1998. Sjóðurinn greiddi á árinu út átta lán, fjögur til Grænlands og fjögur til Færeyja, samtals að upphæð 11,125 milljónir danskra króna.

Samkvæmt ársreikningum var eigið fé sjóðsins í lok árs 120,7 milljónir danskra króna og á sama tíma námu útlán samtals 98,4 milljónum danskra króna.

Breytingar á samþykktum, er tóku gildi um áramótin 1997/98, kveða svo á um að Lánasjóður Vestur-Norðurlanda skuli af hagnaðinum styrkja NORA um allt að 1,5 milljónir danskra króna á ári.

Á vegum EK-R var á árinu framkvæmd úttekt á starfsemi Lánasjóðsins. Endanleg niðurstaða úttektarinnar og hugsanlegar breytingar á samþykktum Lánasjóðsins liggja ekki fyrir ennþá.

Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö stjórnarmenn, einn frá hverju aðildarlandi og hefur hver þeirra einn varamann. Stjórnarmaður

og varamaður hvers aðildarlands eru skipaðir af ríkisstjórn þess. Aðild að Lánasjóði Vestur-Norðurlanda eiga Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð, Færeyjar og Grænland.

**Fylgiskjal 1:****Styttingar**

ÄK-JÄM	Nordisk Embedsmandskomité for Ligestilling – Norræna embættismannanefndin um jafnréttismál
AC	Arctic Council - Norðurskautsráðið
CBSS	Council of Baltic Sea States – Eystrasaltsráðið
BDF	Baltic Development Forum (BDF)
BEAC	Barents Euro-Arctic Council – Barentsráðið
EBRD	European Bank for Reconstruction and Development – Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu
EES	Evrópska efnahagsvæðið
EFTA	The European Free Trade Association – Fríverslunarsamtök Evrópu
EHU	European Humanities University – Evrópski háskólinn í húmanískum fræðum
EK-A	Nordisk Embedsmandskomité for Arbejdsliv – Norræna embættismannanefndin um vinnumarkað og vinnuumhverfi
EK-Finans	Nordisk Embedsmandskomité for Økonomi- og finanspolitik – Norræna embættismannanefndin um efnahags- og ríkisfjármál
EK-FJLS	Nordisk Embedsmandskomité for Fiskeri og havbrug, Jordbrug, Levnedsmidler og Skovbrug – Norræna embættismannanefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt
EK-K	Nordisk Embedsmandskomité for Kultur – Norræna embættismannanefndin um menningarmál
EK-Lov	Nordisk Embedsmandskomité for Lovsamarbejde – Norræna embættismannanefndin um löggjafarsamstarf
EK-M	Nordisk Embedsmandskomité for Miljø – Norræna embættismannanefndin um umhverfismál
EK-NE/Energi	Nordisk Embedsmandskomité for Energipolitik – Norræna embættismannanefndin um orkumál
EK-NE/Næring	Nordisk Embedsmandskomité for Erhvervs politik – Norræna embættismannanefndin um atvinnumál
EK-R	Nordisk Embedsmandskomité for Regionalpolitik – Norræna embættismannanefndin um byggðamál
EK-S	Nordisk Embedsmandskomité for Social- og sundhedspolitik – Norræna embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál
EK-U	Nordisk Embedsmandskomité for Uddannelse og Forskning – Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir
EQF	European Qualifications Framework
ESB	Evrópusambandið
FAO	Food and Agriculture Organisation of the United Nations – Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna
HÍ	Háskóli Íslands
MR-A	Nordisk Ministerråd for Arbejdsliv – Norræna ráðherranefndin um vinnumarkað og vinnuumhverfi
MR-Finans	Nordisk Ministerråd for Økonomi- og finanspolitik – Norræna ráðherranefndin um efnahags- og ríkisfjármál
MR-FJLS	Nordisk Ministerråd for Fiskeri og havbrug, Jordbrug, Levnedsmidler og Skovbrug – Norræna ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt

MR-JÄM	Nordisk Ministerråd for Ligestilling – Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál
MR-K	Nordisk Ministerråd for Kultur – Norræna ráðherranefndin um menningarmál
MR-Lov	Nordisk Ministerråd for Lovsamarbejde – Norræna ráðherranefndin um löggjafarsamstarf
MR-M	Nordisk Ministerråd for Miljø – Norræna ráðherranefndin um umhverfismál
MR-NER	Nordisk Ministerråd for Erhvervs-, Energi- og Regionalpolitik – Norræna ráðherranefndin um atvinnu-, orku- og byggðamál
MR-S	Nordisk Ministerråd for Social- og sundhedspolitik – Norræna ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál
MR-SAM	De nordiske samarbejdsministre – Samstarfsráðherrar Norðurlanda
MR-U	Nordisk Ministerråd for Uddannelse og Forskning – Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir
NATO	North Atlantic Treaty Organisation – Atlantshafsbandalagið
NAU	Nordisk arbejdsretsudvalg – Norræn nefnd um vinnurétt
NB8	Nordisk-baltiske minister møder – Fundir ráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna
NCF	Nordic Climate Facility – Norræni loftslagssjóðurinn
NDEP	Northern Dimension Environmental Partnership – Samstarfsverkefni Norðlægu víddarinnar um umhverfismál
NDF	Nordic Development Fund – Norræni þróunarsjóðurinn
NDPC	Northern Dimension Partnership on Culture – Samstarfsverkefni Norðlægu víddarinnar um menningarmál
NDPHS	Northern Dimension Partnership in Public Health and Social Well-being – Samstarfsverkefni Norðlægu víddarinnar um heilsufar og félagslega velferð
NEF	Nordisk Energiforskning – Norrænar orkurannsóknir
NEFCO	Nordic Environment Finance Corporation – Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið
NeGI	Nordic e-Science Globalisation Initiative – norrænt verkefni um uppbyggingu rafræna innviða
NHV	Nordisk Højskole for Folkesundhedsvidenskab – Norræni lýðheilsuháskólinn
NIB	Den Nordiske Investeringsbank – Norræni fjárfestingabankinn
NIKK	Nordisk information for kunnskap om kön – Norræna upplýsingasetrið um kynjafræði
NIOM	Nordisk Institut for Odontologiske Materialer – Norræna tannlækningastofnunin
NIVA	Nordisk Institution for Videreuddannelse indenfor Arbejdsmiljøområdet – Norræna stofnunin um menntun á sviði vinnuverndar
NKJ	Nordisk kontaktorgan for jordbrugs- og fødevareforskning – Norræna nefndin um landbúnaðar- og matvælarannsóknir
NMR	Nordisk Ministerråd – Norræna ráðherranefndin
NNM	Ny Nordisk Mad – Ný norræn matargerð
NNR	Nordic Nutrition Recommendations – Norræn næringarráðgjöf
NOMESKO	Nordisk medicinalstatistikkomité – Norræna heilbrigðistölfraeðinefndin
Nopef	Nordisk Projekteksporthund – Norræni verkefnaútlutningssjóðurinn
NORA	Nordisk Atlantsamarbejde – Norræna Atlantssamstarfið
NordForsk	NordForsk – Norræna rannsóknaráðið
NordGen	Nordisk Genresourcecenter – Norræna stofnunin um erfðaauðlindir
Nordic Innovation	Norræna nýsköpunarmiðstöðin

Nordregio	Nordic Centre for Spatial Development – Norræn rannsóknastofnun í skipulags- og byggðamálum
NordVulk	Nordisk Vulkanologisk Center – Norræna eldfjallasetrið
NOSOSKO	Nordisk socialstatistikkomité – Norræna hagskýrslunefndin á sviði félags- og tryggingamála
NQF	National Qualifications Framework
NR	Nordisk Råd – Norðurlandaráð
NSK	Nordisk Samarbejdskomité – Norræna samstarfsnefndin
NVC	Nordens Velfærdscenter – Norræna velferðarmiðstöðin
NVL	Nordisk Netværk for Voksnes Læring – Norrænt tengslanet um fullorðinsfræðslu
OECD	Organisation for Economic Cooperation and Development – Efnahags- og framfarastofnun Evrópu
PIAAC	Programme for the International Assessment of Adult Competencies – Könnun á hæfni starfsfólks á vinnumarkaði
RANNÍS	Rannsóknamiðstöð Íslands
RIFF	Reykjavík International Film Festival
SNS	SamNordisk Skovforskning – Norrænar skógræktarrannsóknir
WHO	World Health Organization – Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin
ÞSSÍ	Þróunarsamvinnustofnun Íslands





